# FRÉTTABLAÐIÐ

35. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 10. FEBRÚAR 2018




# Ída gerir allt betra

„Við duttum í lukkupottinn,“ segir Katrín Árnadóttir, móðir tveggja ára stúlku sem reyndist vera með Downs heilkenni. 24

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


Willy Petersen 44 ára

Fæddur: 13.06.1930.

Hvarf: 04.09.1974.

Sást síðast: Óvitað.

Lýsing/klæðnaður: Óvitað.

Annað: Hringdi í félaga sinn um miðjann dag. Þegar stutt var liðið á símtalið brutust út einhver læti í bakgrunni og símtalið slitnaði. Síðan hefur ekkert til hans spurst en til er vitnisburður um, að vitað hafi verið um ferðir hans fjórum dögum síðar eða 10.09.1974. Ókvæntur Sjómaður frá Færeyjum en hafði búið á Íslandi frá um 1960 en unnið hér vertíðarvinnu í um 10 ár þar áður. Síðast til heimilis að Hverfisgötu 16 í Reykjavík



## Rýnt í gömul mál

Mannshvörf á Íslandi. 32



## Missti allt í Noregi

Mahad Mahamud lífefnafræðingur. 30



## Vernduðu gyðinga

Sendiherra Póllands á Íslandi. 84

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












**Vigdís hyggst vinna kosningasigur í maí.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Boðar sigur sem tekið verður eftir

**STJÓRNMÁL** Vigdís Hauksdóttir, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins, mun leiða lista Miðflokksins í komandi kosningum í Reykjavík. Tilkynnt var um valið á opnunarhátíð nýs húsnæðis flokksins í gærkvöldi. Þetta verður í fyrsta skipti sem hinn nýstofnaði flokkur býður fram krafta sína í sveitarstjórnarkosningum.

„Þetta verður kosningasigur sem tekið verður eftir. Nú kemur Miðflokkurinn til með að blanda sér með afgerandi hætti inn í umræðuna um borgarmálin,“ segir Vigdís. Hún bætir því við að það sé mikill meðbyr með Miðflokknum á höfuðborgarsvæðinu. Hún hafi gert sér grein fyrir því löngu áður en hún tók ákvörðun um að fara í framboð.

Vigdís vill hins vegar ekki tjá sig um málefnin sem flokkurinn ætlar að einbeita sér að í kosningabaráttunni. Segir einungis að það sé mikið verk að vinna í borginni. „Það er flokksráðsfundur á morgun [í dag]. Þannig við skulum láta helgina líða áður en það verður talað um málefnin.“

Þessi fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins segir að það eigi ekki að koma neinum á óvart að hún fari nú fram fyrir Miðflokkinn, ekki Framsóknarflokkinn. „Ég er í Miðflokknum og hef fylgt formanni Miðflokksins alla tíð.“

Stjórn Miðflokksfélags Reykjavíkur ákvað að kynna Vigdísi sem oddvita fyrr en áætlað var. Lokafrestur til að skila inn öðrum framboðum er klukkan 12.00 laugardaginn 17. febrúar.

Þann 24. febrúar mun svo stjórn Miðflokksfélagsins kynna sex efstu frambjóðendur á framboðslistanum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar þann 28. maí. **– þea**

**Þetta verður kosningasigur sem tekið verður eftir.**



Vigdís Hauksdóttir, oddviti Miðflokksins í Reykjavík

## Fánum og símum veifað í Suður-Kóreu



**Það var mikið um dýrðir í Pyeongchang í Suður-Kóreu í gær þegar 23. Vetrarólympíuleikarnir hófust með litríkri setningarhátíð. Keppendurnir eru um 3.000 talsins en af þeim koma fimm frá Íslandi. Freydís Halla Einarsdóttir, keppandi í alpagreinum, var fánaberi Íslands og hún líkt og aðrir var með síma í hönd til að fanga augnablikið. Snorri Einarsson keppir fyrstur fyrir hönd Íslands á sunnudaginn í skíðagöngu.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Heilsu Hinriks prins hrakar

**DANMÖRK** Ástand Hinriks Danaprins var í gær sagt slæmt. Hann hefur legið inni á spítala frá því fyrir mánaðamót og greindist með góðkynja æxli í vinstra lunga í upphafi mánaðar. Í ljósi tíðinda gærdagsins sneri Friðrik krónprins heim en hann hafði verið staddur í Suður-Kóreu til þess að fylgjast með Vetrarólympíuleikunum.

Danska ríkisútvarpið greindi frá því í gær að fólk hefði safnast saman fyrir framan Amalíenborg til að sýna prinsinum stuðning. Ein viðstaddra, Anette Henriksen, sagði við DR að um sorgardag væri að ræða. „Ég elska konungsfjölskylduna og ég vona að honum batni fljótt.“

Annar, hinn 85 ára Anker Andersen sem vann fyrir konungsfjölskylduna í fjóra áratugi, sagðist finna til með Hinrik prins. „Það var alltaf frábært að vinna fyrir hann.“ **– þea**






# Gæti farið hring um landið á tíu daga fresti

**Greiðslur til Ásmundar Friðrikssonar vegna aksturs jafngilda útborguðum launum grunnskólakennara. Skrifstofa Alþingis hefur ekki sérstakt eftirlit með skráningum í akstursbækur.**

**ALÞINGI** Þær vegalengdir sem ökuþórinn Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, keyrði árið 2017 jafngilda því að Ásmundur hafi keyrt hringinn kringum landið á tíu daga fresti árið 2017, eða 35 sinnum.

Akstur Ásmundar jafngildir því einnig að hann hafi keyrt frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði og aftur til baka í hverri viku á umræddu ári. Höfn er sá þéttbýlisstaður í kjördæmi Ásmundar, Suðurkjördæmi, sem er lengst frá Reykjavík. Vegalengdin milli þessara staða er 456 kílómetrar og ferðin fram og til baka er því 912 kílómetrar.

Ásmundur segir kjördæmi sitt 700 kílómetra langt og að hann fái mjög margar beiðnir um að hitta fólk vítt og breitt um kjördæmið. Aðspurður segist hann fara til Hafnar í Hornafirði fjórum til átta sinnum á ári.

Ekkert sérstakt eftirlit er haft með því af hálfu Alþingis að færslur í akstursbækur séu réttar.

„Þingmenn sem óska eftir að fá greitt fyrir akstur á eigin bifreiðum þurfa að skrá kílómetratölu í mæli, fyrir og eftir hvert erindi, og þeir þurfa að gera grein fyrir erindum eða tilefni hverrar ferðar. Skrifstofa Alþingis hefur ekki eftirlit með þessu að öðru leyti,“ segir Karl M. Kristjánsson, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, aðspurður um fyrirkomulag og eftirlit með greiðslum til alþingismanna fyrir akstur í tengslum við störf þeirra.

Alþingi endurgreiddi Ásmundi rúmar 4,6 milljónir vegna þessa aksturs á umræddu ári, eða að jafnaði um 385 þúsund á mánuði. Til samanburðar má nefna að útborguð laun meðalgrunnskólakennara eru í kringum 340 þúsund á mánuði samkvæmt upplýsingum frá Kennarasambandi Íslands. Um skattfrjálsar greiðslur er að ræða sem bætast við þingfararkaup Ásmundar.

adalheidur@frettabladid.is



**Ásmundur ferðast mikið og víða í kjördæmi sínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Akstur Ásmundar í tölum

**47.644 km** árið 2017

**916 km** á viku

**3.970 km** á mánuði

**130 km** á dag



**Vegalengdin jafngildir**

- 35 hringferðum um landið
- 52 ferðum milli Reykjavíkur og Hafnar (fram og til baka)
- 565 ferðum frá Reykjavík til Þorlákshafnar (fram og til baka)

**Ýmsar leiðir í kjördæmi Ásmundar**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | – | Höfn í Hornafirði | 456 km |
| Reykjavík | – | Kirkjubæjarklaustur | 258 km |
| Reykjavík | – | Flúðir | 101 km |
| Reykjavík | – | Hella | 90 km |
| Reykjavík | – | Landeyjahöfn | 136 km |
| Reykjavík | – | Keflavík | 50 km |
| Reykjavík | – | Þorlákshöfn | 51 km |

**Skrifstofa Alþingis hefur ekki eftirlit með þessu.**

Karl M. Kristjánsson, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Nýtt** blað er komið út
Skoðaðu á husa.is



# SÚPER
# TILBOÐ HÚSASMIÐJUNNAR



Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
Sjáðu verðið!
**46.990kr**
**Þvottavél** Fw30l7120
Orkunýting: A+++. Þvottahæfni: A. Vindhæfni: B. Þvottamagn: 7 kg. Time Manager, LCD upplýsingaskjár. Hljóðstyrkur 58 dB. Hljóðstyrkur við vindu 79 dB.
1805690

## VERKFÆRADAGAR



33% afsláttur
NEO TOOLS
SÚPER TILBOÐ
**29.995kr**
~~44.995~~ kr
**Verkfæraskápur**
7 skúffur, á legum.
Stærð: 680x460x1020 mm.
5024495



Allt parket 20-30% afsláttur
KAINDL
- Harðparket
- Austurísk gæði
- Eikarplanki
- 8 mm

25% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**2.165kr/m²**
~~2.890~~kr/m²
**Harðparket**
8 mm, eik, 3in1. Borðastærð 1383x193, slitþolsflokkur 32.
147043



20% afsláttur
GROHE
SÚPER TILBOÐ
**8.795kr**
~~10.995~~ kr
**Handlaugartæki**
Grohe Start.
7910800



25% afsláttur
Sjáðu verðið!
LAUFEN
SÚPER TILBOÐ
**14.910kr**
~~19.880~~kr
**Veggsalerni**
Kompas. Seta seld sér.
7920304



Blöndum alla liti
JOTUN
**25% afsláttur**
af LADY Pure Color



Gott verð
**2.495kr**
**Snjóskófla**
Álskófla, AL-1.
5082798

Gott verð
**1.995kr**
**Snjóskófla**
Álskófla, AL-2.
5082796

## VERKFÆRADAGAR



NEO TOOLS
SÚPER TILBOÐ
**6.995kr**
36% afsláttur
~~10.995~~ kr
**Topplyklasett**
Neo, 1/2", 23 stk.
5052509

BLACK+DECKER
SÚPER TILBOÐ
30% afsláttur
**8.397kr**
~~11.995~~ kr
**Juðari**
Juðari (slípimús) í tösku. 120W + 6 arkir.
5245799

BLACK+DECKER
SÚPER TILBOÐ
33% afsláttur
**5.995kr**
~~8.985~~ kr
**Höggborvél**
500W.
5245599

BLACK+DECKER
SÚPER TILBOÐ
**12.995kr**
31% afsláttur
~~18.995~~ kr
**Borvél 10,8V**
**+ 100 fylgihlutir**
2 stk., 1.5sH Li-ion rafhlöður, hersla 25Nm
5245566

**Byggjum á betra verði**

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á HUSA.IS

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**TÖLUR VIKUNNAR** 04.02.2018 TIL 10.02.2018

**17 ára** er elsti lögreglubíllinn sem er í notkun hér á landi. Fjöldi lögreglubíla í landinu er yfirleitt 130 til 135 en er um þessar mundir 130. Á síðasta ári var bílunum ekið 3,5 milljónir kílómetra

**465 tonn** af ferskum jarðarberjum voru flutt til Íslands í fyrra. Árið 2016 nam innflutningurinn 26 tonnum. Magnið sem flutt var inn í fyrra jafngildir því að hvert mannsbarn á landinu hafi borðað 1,4 kíló af jarðarberjum.

**100 grunnskólabörn** um það bil fá að taka hluta af námi sínu á vinnumarkaði. Börnin geta unnið allt að fjórar klukkustundir á viku.

**200 þúsund** krónur fékk eigandi útskorins fálka eftir Ríkarð Jónsson á uppboði í London. Nafn kaupanda var ekki gefið upp.

**2.200 af 8.500** starfsmönnum Reykjavíkurborgar munu í vor vinna 37 til 39 stunda vinnuviku í stað hefðbundinna 40 stunda.

**36** manns hafa verið dæmdir í samanlagt 96 ára fangelsisvist í sakamálum sem tengjast efnahagshruninu fyrir áratug.

## Þrjú í fréttum
## Handbolti, áheit og dómarar



**Guðmundur Guðmundsson**
*þjálfari*
sem gerði danska karlalandsliðið í handbolta að Ólympíumeisturum 2016, er tekinn við íslenska karlalandsliðinu í þriðja sinn. Guðmundur var með mjög álitlegt tilboð frá Barein en sagði að það hefði verið erfitt að segja nei við íslenska landsliðið. Það væri á tímamótum.



**Ester Amira Ægisdóttir**
*11 ára,*
lét raka af sér hárið á viðburði til styrktar krabbameinssjúkum. Hárið gefur hún til hárkollugerðar. Ester safnaði áheitum til styrktar Krafti, félagi ungs fólks með krabbamein, og var markmiðið að safna 100 þúsundum króna en hún komst vel yfir þá upphæð. Ester kvaðst hlakka til að þurfa ekki að hirða um sitt hár.



**Skúli Magnússon**
*héraðsdómari*
sagði að í Danmörku og Noregi væri nær óhugsandi að ráðherra færi gegn áliti nefnda við skipan dómara. Hann sagði ferlið hér á landi, eins og það væri í dag, gera ráð fyrir því að allir handhafar ríkisvaldsins geti komið að skipunarferlinu en enginn þeirra færi með algert vald.

# Danski skólastjórinn miður sín yfir eftirköstum ferðarinnar

**Skólastjóri Aakjærskóla í Skive segir íslenska pilta hafa sent sínum nemendum hótanir og svívirðingar. Dönsku strákarnir hafi þó ekki verið neinir englar. Útilokar ekki að senda nemendur til Íslands í framtíðinni. Nemendurnir unnu saman að verkefni um að byggja upp samskipti milli menningarheima.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það hefði verið erfitt fyrir mig að segja við foreldrana. Já, lögreglan hefur nú reyndar mælst til þess að við færum ekki en við ætlum samt að fara,“ segir Lars Kirk, skólastjóri í Aakjærskóla í Skive í Danmörku.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að danski skólinn hefði ákveðið að senda ekki nemendur í fyrirhugaða ferð til Íslands í apríl. Hópur stúlkna úr Ingunnarskóla í Grafarholti hafði heimsótt dönsku nemendurna í nóvember. Nemendur skólanna hafa starfað saman að verkefni tengdu markmiðum Sameinuðu þjóðanna og heimsóknirnar voru hugsaðar sem liður í því.

Eftir að íslensku nemendurnir komu heim frá Skive stofnuðu börnin Facebook-síðu til að geta haldið áfram samskiptum milli landa. Skólastjóri Ingunnarskóla lýsti því í gær að samskiptin hefðu breyst eftir að nokkrir strákar, sem ekki höfðu tekið þátt í verkefninu, fengu aðild að Facebook-síðunni.

„Hlutirnir fóru út um þúfur og sumt af því sem við sáum voru alls kyns hótanir. Mjög ögrandi ummæli og svívirðingar,“ segir Lars en tekur jafnframt fram að sumir strákarnir í Aakjærskolen hafi heldur ekkert hegðað sér eins og englar. „En á einhverjum tímapunkti hefur nemandi samband við kennara og lætur vita að samskiptin séu komin út í rugl.“

Í Aakjærskole er einn kennari sem er tengiliður við lögreglu. Hann hefur samband við lögreglu ef þörf krefur. „Hún hafði samband og við fengum ráðgjöf um það að við ættum bara að hætta skilaboðum, fara úr hópnum og taka skjáskot af samskiptunum. Við gerðum það og höfðum samband við Ingunnarskóla og sendum skilaboð fram og til baka,“ segir Lars.

Lars segir að starfsfólki hafi þótt leiðinlegt að hafa þurft að taka þá ákvörðun að hætta við ferðina í apríl. „Því markmiðið með verkefninu var auðvitað að byggja upp samskipti milli menningarheima og milli ólíkra ríkja. En við töldum okkur ekki eiga annan möguleika,“ segir hann.

Lars útilokar ekki að nemendur á vegum Aakjærskóla komi einhvern tímann í heimsókn til Íslands. „Við höfum átt mjög fínt samstarf við Ingunnarskóla og það gæti bara verið mjög gaman eftir eitt eða tvö ár með aðra nemendur þá. Með aðra einstaklinga en við erum að tala um núna.“ **jonhakon@frettabladid.is**




**Skólastjóri Aakjærskóla í Skive segist hafa átt gott samstarf við Ingunnarskóla í gegnum tíðina.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Hlutirnir fóru út um þúfur og sumt af því sem við sáum voru alls kyns hótanir. Mjög ögrandi ummæli og svívirðingar.**
>
> Lars Kirk, skólastjóri í Aakjærskóla






Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

## MEISTARAVERK

# 傑作

## GLÆSILEG VETRARSÝNING
## LEXUS Í KAUPTÚNI Í DAG KL. 12–16

Komdu og upplifðu þá natni og nákvæmni sem Takumi handverksmeistarar Lexus leggja í hvern einasta bíl. Við tökum vel á móti þér með ljúffengum veitingum og gæðakaffi frá Te og Kaffi. Einstakt tækifæri til að gera góð kaup á mest seldu hybrid-lúxusbílum heims.




**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

## Gagnaver fær lóð á Blönduósi

**SKIPULAGSMÁL** Félagið Borealis Data Center ehf. hefur fengið úthlutaðar umbeðnar lóðir fyrir tvö hús undir gagnaver við Svínvetningabraut á Blönduósi.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá er Gísli Hjálmtýsson stjórnarformaður Borealis Data Center sem sagt er fást við gagnavinnslu, hýsingu og tengda starfsemi. Á heimasíðu félagsins er Ísland sagt hafa næga og áreiðanlega orku og gnótt lands svo stækkunarmöguleikar séu ótakmarkaðir.

Að því er fram kemur í fundargerð byggðaráðs tekur sveitarfélagið lóðirnar til sín aftur verði framkvæmdir ekki hafnar innan tólf mánaða. **– gar**

## Leikfélag á hrakhólum

**MENNING** Leikfélag Hafnarfjarðar vill að bærinn útvegi húsnæði fyrir starfsemi leikfélagsins sem varð heimilislaust í desember.

„Á þeim áttatíu árum sem síðan eru liðin hefur leikfélagið átt sinn sess í menningarflóru bæjarins. Það hefur fóstrað margt leikaraefnið og glatt margan Gaflarann, sem og nærsveitamenn,“ segir í bréfi LH til bæjaryfirvalda. Bráðlega missi LH einnig geymsluhúsnæði sitt.

„Það liggur í augum uppi að lítið áhugaleikfélag hefur ekki burði til þess að standa eitt undir leigu á húsnæði, þó ekki þurfi aðstaðan að vera stór til þess að við getum gert stóra hluti.“ **– gar**

## Kalt í tjaldbúðunum



**Það er óhætt að segja að gærdagurinn hafi verið kaldur fyrir þá fjölmörgu afgönsku flóttamenn sem búa tímabundið í þessum tjaldbúðum í París, höfuðborg Frakklands. Talsvert snjóaði á búðirnar í gær, eins og í borginni allri, og fór hiti niður fyrir frostmark.** NORDICPHOTOS/AFP

# Aftur reynt að sporna gegn rafrettum

**Heilbrigðisráðherra ætlar að freista þess að koma böndum á rafrettunotkun með sérlögum. Málið byggt á EES-reglugerð. Þingmál forvera hennar sætti mikilli gagnrýni fyrir einungis ári. Frumvarpið hefur þegar verið kynnt í ríkisstjórn og verður dreift í næstu viku.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við komumst ekki hjá því að nefna það í löggjöfinni,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, sem hyggst leggja fram á Alþingi frumvarp um takmörk við notkun rafretta. Svandís segir að frumvarpið sé að hluta til innleiðing á EES-tilskipun og löggjafinn geti því ekki vikist undan.

Forveri hennar í embætti, Óttarr Proppé, lagði einnig fram slíkt frumvarp með vísun í EES-tilskipun. Hann hlaut harða gagnrýni fyrir og ekki kom til þess að frumvarp hans yrði afgreitt á þinginu.

Svandís segir að frumvarp hennar sé ólíkt máli Óttars að því leytinu til að hún sé að leggja fram frumvarp að sérlögum. Áður hafi hins vegar verið gagnrýnt að málið hafi verið lagt fram sem frumvarp til breytinga á tóbakslögum.



**Frumvarp Óttars Proppé, þáverandi heilbrigðisráðherra, var til umræðu á þingi fyrir ári og sætti mikilli gagnrýni og náði ekki í gegn.** NORDICPHOTOS/GETTY

Svandís telur þó að ef frumvarp hennar verði afgreitt hafi það sömu áhrif og samþykkt á frumvarpi Óttars hefði haft. Í báðum tilfellum sé gert ráð fyrir að reistar verði sams konar skorður við sölu og auglýsingu á rafrettum og við sígarettum. „Eins er með það sem kemur varðandi notkun á rafrettum á opinberum stöðum, veitingahúsum og fleira. Það er bara svipað og með tóbakið,“ segir Svandís.

Frumvarpið hefur nú þegar verið kynnt í ríkisstjórn. Svandís býst við að því verði síðan dreift í þinginu í næstu viku. Nokkrir þingmenn mótmæltu kröftuglega þegar frumvarp Óttars var til umræðu fyrir um það bil ári. „Það sem kemur fram í greinargerðinni, og ég var talsvert hissa á, er að það skaðlegasta sem kemur fram í þessum ólíku sjónarhornum er að þetta geti rutt brautina til nikótínfíknar. Erum við þá, virðulegi forseti, að takmarka og banna eitthvað af því að það gæti mögulega kannski einhvern tímann leitt til þess að einhver myndi mögulega kannski byrja að reykja?“ spurði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Áslaugu í gær kvaðst hún ekki hafa kynnt sér frumvarp Svandísar.

**jonhakon@frettabladid.is**





NÝ BÓK UM EDDU
sem leysir enn eitt sakamálið
eins og henni einni er lagið

„Bækur Jónínu um Eddu eru skyldulesning fyrir alla sem hafa gaman af íslenskum glæpasögum.“
YRSA SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

BAK
ARÍ
IÐ

# Meira bolludags





**Bolluvendir**

Handgerðir, margir litir

**699** kr/stk

**NÝJUNG**

**Vatnsdeigsbolla með piparbrjóstsykri**

Súkkulaði glassúr · Irish Coffee · Karamella og bananar · Daim og kaffi · Kókosbolla · Gerbolla með súkkulaði glassúr · Krakkabolla

**Ger- og vatnsdeigsbolla**

**349** kr/stk

**Krakkabolla**

**199** kr/stk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Sólarfilmur!
Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.


XPRENT Hönnun & Merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | xprent.is
Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konni@xprent.is



Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
MÚRBÚÐIN



Fáir rannsóknarlögreglumenn eru að störfum á Akureyri en málafjöldinn er mikill. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Tveir til þrír sinna 50 málum á bakvöktum

**Lögreglan á Akureyri hefur til rannsóknar rúmlega fimmtíu kynferðisofbeldismál þar sem brotaþoli er barn. Tveir til þrír sinna þessu málum á bakvöktum. Rannsóknarlögreglumaður á Akureyri segir þá þurfa að vera fleiri.**

**AKUREYRI** Átján mál komu inn á borð rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri vegna kynferðisofbeldis gegn börnum í umdæmi lögreglunnar á Norðurlandi eystra í fyrra. Að auki komu sjö mál inn á borð lögreglunnar frá öðrum embættum landsins þar sem rannsakað er kynferðisofbeldi gegn börnum. „Við þurfum að vera fleiri, en von er á því að það lagist á þessu ári,“ segir Bergur Jónsson, rannsóknarlögreglumaður á Akureyri.

Fjöldi rannsakaðra kynferðisbrota hefur aukist á síðustu árum. Nú er svo komið að lögreglan á Norðurlandi eystra er með til rannsóknar 51 kynferðisbrot þar sem brotaþoli er undir átján ára að aldri. Fáir rannsóknarlögreglumenn eru að störfum á Akureyri að vinna við rannsókn þessara mála.



**Sigríður Á. Andersen**

„Hér hafa tveir til þrír rannsóknarlögreglumenn sem standa bakvaktir komið að rannsóknum þessara mála. Við skiptum því niður misjafnlega mikið á hvern rannsóknarlögreglumann sem helgast aðeins af verkaskiptingu innan lögreglunnar,“ segir Bergur, sem telur mjög mikilvægt að fjölgað verði í lögregluliðinu.

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra hefur gefið það út að um 240 milljónum króna verði varið á þessu ári í að fjölga í lögregluliðum landsins. Í heild verður bætt við 15 stöðugildum. Höfuðborgarsvæðið fær sex stöðugildi. Tvö önnur embætti tvö stöðugildi og lögregluembætti sem fara með rannsókn kynferðisbrota, þar með talið Norðurland eystra, fá eitt stöðugildi hvert.

Bergur segir ekkert mál hafa komið inn það sem af er árinu 2018 þar sem brotaþoli er á barnsaldri. Hins vegar sé staðan sú að 38 mál séu til rannsóknar úr umdæminu og heil 13 mál hafi komið úr öðrum lögregluumdæmum.

Hafa ber í huga að hér er aðeins um að ræða kynferðisbrot þar sem þolendur eru undir lögaldri. Leiða má að því líkur að fjöldi kynferðisbrota sem rannsóknarlögreglumenn á Akureyri sinni sé mun meiri. Aðgerðum stjórnvalda nú er ætlað að hraða meðferð þessara mála til muna. **sveinn@frettabladid.is**

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir gagnrýninni og hressilegri fundarröð um þróun og mótun borgarinnar
Ásýnd borgar í litum, ljósum og listum
Kjarvalsstöðum, þriðjudaginn 13. febrúar 2018 kl. 20

Hvaða máli skipta lýsing, litir og list í borgum? Hafa þessir þættir áhrif á líðan borgarbúa? Er borgin litrík eða litlaus, dimm eða björt, rík af ljósum og skuggum eða ekki? Er ef til vill best að mála allt bara allt hvítt eða drapplitað? Vantar kannski fleiri neonskilti? Mega ljósastaurar vera rauðir? Hver er ásýnd borgarinnar í dimmunni? Geta húsgaflar og port komið á óvart? Hvernig má gera borg heimilislega?
Til að ræða borgina í litum, lýsingu og listum mun Þórdís Erla Zoëga myndlistarkona, Darío Gustavo Núñez Salazar, arkitekt/lýsingarhönnuður og Helena Guttormsdóttir, lektor í Landbúnaðarháskóla Íslands, taka til máls ásamt Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.
Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið
Allir velkomnir. Heitt á könnunni.




Aðgerðir lögreglu við einbýlishús í eigu Akureyrarbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Handteknir í tengslum við fíkniefnauppgjör

**LÖGREGLUMÁL** Fimm voru handteknir á Akureyri í gær vegna gruns um alvarlega líkamsárás og frelsissviptingu gagnvart rúmlega þrítugum karlmanni í fyrradag. Þetta kom fram í tilkynningu frá lögreglu í gær.

Mennirnir eru flestir sagðir hafa komið áður við sögu hjá lögreglu, ýmist vegna ofbeldismála eða fíkniefnamála. Þeir voru færðir í varðhald þar sem yfirheyra átti þá fram á nótt og halda yfirheyrslum áfram í dag. Nú fyrir hádegi á að ákveða hvort krafist verði gæsluvarðhalds yfir einhverjum úr hópnum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að málið tengist fíkniefnauppgjöri. **– gar**


Fjórhjóladrifinn með sjálfstraustið í genunum.
FO L94
Nýr T-Roc. Nýjasta stjarnan frá Volkswagen.
Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og prófaðu nýjan T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.
Volkswagen T-Roc
Verð frá aðeins
3.290.000 kr.
5
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Stund milli stríða en von á ofsaveðri suðaustanlands í kvöld

**NÁTTÚRA** Höfuðborgarbúar fengu ágætan veðurdag í gær eftir talsverð umbrot í veðrinu í vikunni. Það sígur þó verulega aftur á ógæfuhliðina í þessum efnum fyrir landsmenn strax í dag ef marka má spár Veðurstofu Íslands. Vegagerðin boðar lokanir vega.

Fyrir hádegi í dag er gert ráð fyrir norðaustanátt, hvassviðri og snjókomu á Austurlandi og norðan- og norðvestanlands eftir hádegi. Þá segir á vef Veðurstofunnar að síðdegis verði vaxandi norðvestanátt með snjókomu suðvestan- og vestanlands og hvassviðri eða stormur en rok syðst og jafnvel ofsaveður á Suðausturlandi í kvöld.

Vegagerðin sendi í gær frá sér tilkynningu um hugsanlegar fyrirvaralausar lokanir vega í dag. Til dæmis segir að líklegt sé að verulegar truflanir verði á Reykjanesbraut milli klukkan 15.00 og 18.00 og á Hellisheiði, Mosfellsheiði og Lyngdalsheiði frá klukkan sex á laugardagsmorgun fram til klukkan eitt í nótt. Truflanir gætu orðið á Suðurlandi og á Suðausturlandi strax frá því á miðnætti í gærkvöldi. Þá er getið um yfirvofandi truflanir á Héraði, Eyjafirði, Skagafirði, Borgarfirði, Dölum, Snæfellsnesi og Vestfjörðum. **– gar**



**Ferðamenn náðu góðum myndum á Reykjavíkurtjörn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





**DAGSKRÁ**

- Skýrsla stjórnar.
- Reikningar félagsins.
- Lagabreytingar.
- Kosinn löggiltur endurskoðandi, 2 skoðunarmenn og 2 til vara.
- Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skipting milli sjóða.
- Fjárhagsáætlun.
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
- Önnur mál.

Allir félagsmenn eru velkomnir.
Boðið verður upp á léttan kvöldverð.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU







**Ekki er öruggt að börn sem slasast hafa í Trampólíngarðinum nái sér að fullu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Skortir gögn um trampólíngarð

**Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðisins hefur ekki fengið umbeðin gögn frá trampólíngarðinum Skypark. Há slysatíðni ástæða athugunar.**

**STJÓRNSÝSLA** Trampólíngarðurinn Skypark í Urðarhvarfi hefur ekki sent Heilbrigðiseftirlitinu fullnægjandi gögn um það hvernig öryggi gesta er tryggt meðan á dvöl stendur og neyðaráætlun ef slys verða. Fyrirtækið hefur ekki heldur sýnt fram á að tækin uppfylli kröfur sem fram koma í stöðlum um leikvallatæki.

Eftirlitinu hafa á síðustu mánuðum borist ábendingar um háa slysatíðni í garðinum og því er fyrirtækið og starfsemi þess til skoðunar.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sendi fyrirtækinu bréf þess efnis þann 21. desember síðastliðinn og óskaði gagna fyrir 15. janúar. Eftirlitinu hafa ekki enn borist gögnin. Starfsleyfi fyrir starfsemina hefur ekki enn verið gefið út þar sem mikilvæg gögn vantar.

„Við óskum eftir gögnum en höfum ekki fengið í hendurnar. Því getum við ekki gefið út starfsleyfi því við þurfum að yfirfara gögnin áður en það er gert,“ segir Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Örn Ægisson, eigandi Skypark, segist í samtali við Fréttablaðið vera búinn að skila gögnum. Þegar blaðamaður spyr hvenær hann hafi skilað þeim vill hann ekki ræða málið frekar og segir það einkamál sitt og fyrirtækisins.

> **Við óskum eftir gögnum en höfum ekki fengið í hendurnar. Því getum við ekki gefið út starfsleyfi.**
>
> Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins

Fréttablaðið sagði frá því þann 15. nóvember í fyrra að komum vegna trampólínslysa hefði fjölgað mikið á Landspítalanum og væri það rakið til slysa í téðum garði.

Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítalanum, sagði þá mörg alvarleg slys hafa orðið. „Börn sem hafa lent í þeim slysum hafa sum þurft á aðgerð að halda og ekki er öruggt að þau nái sér að fullu,“ sagði Jón Magnús.

Herdís Storgaard, hjá Miðstöð slysavarna barna, hafði sömuleiðis fengið ábendingar um alvarleg slys á börnum. „Ég hef fengið þó nokkrar ábendingar um þetta fyrirtæki frá foreldrum. Vandamálið er hins vegar stjórnvalda. Kröfur þeirra eru takmarkaðar og áhuginn virðist vera lítill,“ sagði Herdís þá í samtali við blaðið. **sveinn@frettabladid.is**




## LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 13:00 TIL 16:00

FJÖLDI SPENNANDI STÓRHUNDA: BRIARD, SCHNAUZER, ÍRSKUR SETTER, TÍBETAN TERRIER OFL.
HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF: HEIÐRÚN KLARA OG NOSEWORK
DÝRALÆKNIR ★ FÓÐURKYNNINGAR ★ LUKKUPOTTUR OFL.




## Munið Valentínusardaginn
## Miðvikudaginn 14. febrúar



BRUNCH HLAÐBORÐ
Á SPÍRUNNI
FRÁ 11 TIL 15
UM HELGAR

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Gríðarvöxtur veldur líka áhyggjum

**Íbúum hefur fjölgað gríðarlega á síðustu árum á Suðurnesjum og er fólksfjölgunin þrefalt hraðari en á landinu í heild. Reykjanesbær hefur nærri tvöfaldast á síðustu tveimur áratugum. Hröð fjölgun hefur þó neikvæðar hliðar. Sveitarfélögum fækkar um eitt í sumar.**

**BYGGÐAÞRÓUN** Sveitarfélög á Suðurnesjum hafa stækkað gríðarlega á síðasta hálfa áratug samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofunnar og á vöxturinn þar sér vart fordæmi í byggðaþróun síðustu áratuga. Nálægð Suðurnesja við bæði höfuðborgina og eina stóru fluggátt ina inn í landið skilar því að svæðið er í stórsókn. Bæði er hægt að sækja þjónustu og atvinnu til höfuðborgarinnar en einnig eru gríðarleg umsvif í tengslum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Miðnesheiði.

Suðurnesin hafa um árabil verið í hægum vexti en eftir hrun hefur vöxturinn verið mun hraðari. Aðeins á tveimur áratugum hafa sveitarfélögin gjörbreyst. Til að mynda hefur fólksfjölgun í Vogum verið um 77 prósent og í Reykjanesbæ 71 prósent frá 1998. Í Grindavík hefur fjölgunin á þessum tíma verið um 56 prósent. Því er ljóst að byggðin á Suðurnesjum er í stórsókn, fólki fjölgar á öllum svæðum og atvinnustig er gott á heildina litið.

Sveitarfélögin tvö á norðvestanverðu Reykjanesi, Garður og Sandgerði, munu á næstu misserum renna saman í eitt sveitarfélag en fyrir áramót samþykktu íbúar þeirra sameininguna. Samkvæmt KPMG verður til öflugra sveitarfélag með góða eignastöðu sem getur því betur sinnt starfi sínu en áður. Íbúar í nýja sveitarfélaginu verða um 3.400 og verður það því 16. stærsta sveitarfélag landsins.



Fjölgun ferðamanna í gegnum Leifsstöð kallar á fleiri starfsmenn. Suðurnes hagnast á því svo um munar en miklar áskoranir blasa við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kjartan Már Kjartansson



Magnús Stefánsson

„Það er komið að því núna að það vantar fólk til starfa og atvinnuleysi er nánast ekkert á svæðinu,“ segir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar. „Hins vegar þarf að hafa það í huga að vöxtur einn og sér þarf ekki að þýða velgengni. Svona fjölgun, eins og við erum að upplifa síðustu þrjú árin, reynir gríðarlega á innviðina og við erum að sjá nokkra vaxtarverki. Sveitarfélögin eru á harðahlaupum við að halda þjónustustiginu uppi en það er ekki hægt að segja það sama um ríkisvaldið sem er mun svifaseinna.“

Bendir Kjartan Már á það að mikil fjölgun feli í sér að þjónusta hins opinbera skerðist, því fjármagn per íbúa til menntunar og heilbrigðisþjónustu verður mun minna á Reykjanesi en annars staðar á landinu. „Við erum ekki að biðja um að fá betri þjónustu en aðrir. Aðeins að við fáum sömu þjónustu og annars staðar. Framlög til heilbrigðismála á Reykjanesi á hvern íbúa hafa hrunið síðustu árin því peningurinn helst ekki í hendur við fjölgun íbúa inn á svæðið.“

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Garði, segir sveitarfélagið standa vel og í reynd öll sveitarfélögin á svæðinu. Skuldastaða Garðs og Sandgerðis er nokkuð góð og bæði flugvöllurinn og sjávarútvegurinn skapi mörg störf í hinu nýja sveitarfélagi. „Auðvitað helst það í hendur að fasteignaverð hér hefur verið lægra en í borginni og mikið af fólki hefur komið hingað vegna þess. Að sama skapi hefur fasteignaverð hækkað hér undanfarin þrjú ár. Það er ekki hægt að tala um atvinnuleysi hér þar sem bæði sjávarútvegurinn býr til mörg störf sem og Leifsstöð,“ segir Magnús. „Innviðirnir í Garði standa undir fjölguninni eins og staðan er núna en stutt er í að við þurfum að byggja við leik- og grunnskóla til að takast á við fjölgun barna í sveitarfélaginu. Það er jákvætt.“

sveinn@frettabladid.is

**Fólksfjölgun á Suðurnesjum**




Öldrunarráð Íslands
LEB Landssamband eldri borgara

**„Rokkað inná efri ár - Nýjar forvarnaleiðir“**
**Ráðstefna fimmtudaginn 15. febrúar 2018**
**Grand hótel Reykjavík**

| | |
|---|---|
| 13:00 | Ráðstefna sett Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir varaformaður Öldrunarráðs Íslands |
| | Ávarp Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra |
| 13:15-13:30 | Aldursvænar borgir. Guðrún Ágústsdóttir formaður Öldungaráðs Reykjavíkur |
| 13:30-13.45 | Endurhæfing í heimahúsi. Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir verkefnissjóri Reykjavík |
| 13:45-14:00 | Fjölþætt heilsurækt í sveitarfélögum Dr. Janus Guðlaugsson íþróttafræðingur |
| 14:00-14:15 | Samhæfing þjónustu. Kolbeinn Pálsson Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands |
| | Sumbadans – Hléæfing og hressing |
| 14:30-14:45 | Væntumhyggja í verki. Hildur Aðalbjörg Ingadóttir sjúkraþjálfari Borgarnesi |
| 14:45-15:00 | Heilsuefling, Digi Rehab í heimahúsi, verkefni sem slegið hefur í gegn í dönskum sveitarfélögum. Ásdís Halldórsdóttir íþróttafræðingur Sóltúni Heima |
| 15:00-15:15 | Gildi hugræktar í öldrunarþjónustu. Elísabet Gísladóttir djákni |
| 15:15–15:30 | Ástand og horfur í öldrunarþjónustu frá sjónarhóli Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur |
| Ráðstefnulok | Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Landsambands eldri borgara |
| Ráðstefnustjóri | Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri Rangárþings eystra og fyrrverandi alþingismaður |

Ráðstefna er öllum opin og aðgangur frír.



Martin Schulz, fráfarandi leiðtogi SPD. NORDICPHOTOS/AFP

## Schulz hrakinn á brott

**ÞÝSKALAND** Martin Schulz, leiðtogi Jafnaðarmannaflokksins (SPD), í Þýskalandi verður ekki utanríkisráðherra í væntanlegri ríkisstjórn SPD og Kristilegra demókrata (CDU/CSU). Frá þessu greindi Schulz sjálfur. Þá liggur einnig fyrir að Schulz mun stíga til hliðar sem leiðtogi flokksins en í hans stað kemur Andrea Nahles inn.

Samkvæmt BBC hafa flokksmenn verið mjög gagnrýnir á störf hans, enda flokkurinn í sögulegri lægð og mælist undir kjörfylgi sínu sem var þó minnsta fylgi flokksins í kosningum frá því í seinna stríði.

„Ég tilkynni hér með um þá ákvörðun mína að ég muni ekki taka sæti í nýrri ríkisstjórn. Ég vonast til þess að þessi ákvörðun bindi enda á deilur innan SPD,“ sagði Schulz í yfirlýsingu sinni. Hann hafi jafnframt ekki viljað stofna samstarfinu í hættu en flokksmenn eiga eftir að samþykkja samkomulagið í atkvæðagreiðslu.

Þýskir miðlar greindu frá því að það hefðu einkum verið flokksmenn SPD í Norðurrín-Vestfalíu sem voru ósáttir við störf Schulz. Aukinheldur hefði samband hans við Sigmar Gabriel, samflokksmann og núverandi utanríkisráðherra, ekki verið gott.

Allir 460.000 meðlimir SPD eiga rétt á því að greiða atkvæði um samstarfið. Verður tilkynnt um niðurstöður atkvæðagreiðslu flokksmanna 2. mars næstkomandi.

– þea

## Skrópaði í matarboð með Kim

**SUÐUR-KÓREA** Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, sleppti því að mæta í hátíðarkvöldverð Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu, í gær þar sem hann átti að sitja til borðs með Kim Yong-nam, forseta Norður-Kóreu.

Þótt Kim sé titlaður forseti er staða hans einungis táknræn. Pence sótti Moon þó heim, ásamt Kim, en þeir eru báðir í Suður-Kóreu til að vera viðstaddir Vetrarólympíuleikana í Pyeongchang.

Pence neitaði jafnframt að taka í höndina á Norður-Kóreumanninum.

Sérstakur gestur varaforsetans á Ólympíuleikunum er Fred Warmbier en hann er faðir ungs Bandaríkjamanns sem lést skömmu eftir að yfirvöld í einræðisríkinu leystu hann úr haldi. – þea

# FARC setur kosningabaráttu sína á ís vegna ofbeldis og mótmæla

**KÓLUMBÍA** Kólumbíski stjórnmálaflokkurinn FARC, áður samtök uppreisnarmanna, tilkynnti í gær um að kosningabarátta flokksins fyrir forseta- og þingkosningar hefði verið sett á ís af öryggisástæðum. Var það gert vegna þess að mótmælendur hafa ítrekað truflað baráttufundi frambjóðenda og jafnvel komið í veg fyrir þá.

Flokkurinn var stofnaður í fyrra eftir að hersveitir FARC lögðu niður vopn í kjölfar friðarsamninga við ríkisstjórnina. Markaði það endalok 52 ára langs stríðs á milli FARC og kólumbíska ríkisins.

> **Við biðlum til annarra flokka um að hafna alfarið ofbeldi og mótmælum sem þessum.**
>
> Pablo Catatumbo, leiðtogi FARC

Samkvæmt Reuters er mikill fjöldi Kólumbíumanna afar ósáttur við flokkinn enda voru FARC-liðar alræmdir fyrir mannrán og sprengjuárásir í stríðinu. Stuðningur við flokkinn mælist tvö prósent í könnunum en flokksmenn hafa einna helst talað fyrir því að útrýma fátækt.

„Eins og er höfum við ákveðið að fresta öllum samkomum þar til hægt verður að tryggja öryggi frambjóðenda og starfsmanna. Við biðlum til annarra flokka um að hafna alfarið ofbeldi og mótmælum sem þessum,“ sagði Pablo Catatumbo, leiðtogi flokksins, í gær.

Stuðningur við forsetaframboð FARC-liðans Rodrigo Londono mælist enn minni, eða 1,6 prósent í nýrri könnun kólumbíska tímaritsins Semana.

Mestur stuðningur mælist við framboð Gustavo Petro, fyrrverandi borgarstjóra Bogotá. **– þea**



Rodrigo Londono, forsetaframbjóðandi FARC. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Prestar frá ýmsum bæjum Grænlands munu spjalla við þá sem vilja á netinu. NORDICPHOTOS/AFP

## Veita sálusorg á síðu kirkjunnar

**GRÆNLAND** Þjóðkirkjan á Grænlandi opnar á næstunni heimasíðu fyrir þá sem vilja spjalla við presta um persónuleg vandamál sín. Verkefnið heitir Sálusorg og er markmiðið meðal annars að ná til fleiri áður en of seint verður að veita aðstoð.

Verkefnið er ekki síst sett á laggirnar til að ná til ungs fólks sem notar frekar samfélagsmiðla en þeir sem eldri eru. Ungt fólk er ef til vill feimnara við koma til prests, að því er grænlenska útvarpið hefur eftir ráðgjafa kirkjunnar.

Sex prestar frá ýmsum bæjum Grænlands munu spjalla við þá sem vilja á netinu og ræða í trúnaði um allt frá sorg til ástamála. Prestarnir hafa verið á sérstöku námskeiði til að læra að veita sálusorg á netinu. **– ibs**

## Synjun vegna vanþekkingar á húmanisma

**ENGLAND** Þú þarft ekki að þekkja til Platons og Aristótelesar til að fá hæli. Þetta segir í yfirlýsingu 120 heimspekinga sem jafnframt eru háskólastarfsmenn. Tilefni yfirlýsingarinnar var synjun breskru útlendingastofnunarinnar á hælisumsókn Pakistanans Hamza bin Walayats. Hann var múslími en kvaðst vera genginn af trúnni og orðinn húmanisti. Þess vegna ætti hann ofsóknir yfir höfði sér heima fyrir.

Í viðtali hjá útlendingastofnuninni var Pakistaninn spurður út í húmanisma. En þar sem hann gat ekki bent á forngrísku heimspekingana Platon og Aristóteles sem húmanista var hann talinn hafa fallið á prófinu. Sérfræðingar setja hins vegar spurningarmerki við hvort hægt sé að flokka forngrísku heimspekingana sem húmanista.

Hamza bin Walayats var heldur ekki talinn hafa fært nægjanleg rök fyrir því að hann yrði ofsóttur. **– ibs**



Plató





Er stöðugur leigumarkaður í augsýn?

Húsnæðismál varða okkur öll. Á Norðurlöndunum hefur leigumarkaður skipað mikilvægan sess sem traustur valkostur á húsnæðismarkaði. Heimavellir leigufélag býður til morgunverðarfundar til að varpa ljósi á nýja hugsun á húsnæðismarkaði á Íslandi.



Fundarstjóri er **Ásdís Kristjánsdóttir,** forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.



Anders Olshov
The property rental market in Sweden and Denmark.

**Anders Olshov** hagfræðingur hjá rannsóknarsetrinu Intelligence Watch í Svíþjóð fjallar um húsnæðismarkaðinn í Svíþjóð og Danmörku og hlutverk og þróun leigumarkaðar í þessum löndum.



Ásgeir Jónsson
Hvað er rétt leiga á Íslandi?

**Ásgeir Jónsson** hagfræðingur og dósent við hagfræðideild Háskóla Íslands fjallar um stöðu og horfur á íbúða- og leigumarkaði á Íslandi.



Guðbrandur Sigurðsson
Ný hugsun á húsnæðismarkaði.

**Guðbrandur Sigurðsson** framkvæmdastjóri Heimavalla segir frá sýn Heimavalla á að skapa fjölbreyttari húsnæðismarkað á Íslandi og kynnir ný verkefni hjá félaginu.

LANGTÍMASAMBAND Á LEIGUMARKAÐI

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekkist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

www.heimavellir.is

HEIMAVELLIR ÖRUGGLEIGA

Ford Volvo Mazda Peugeot Citroën

# SPRENGIDAGS TILBOÐ BRIMBORGAR!!

Í tilefni Sprengidags bjóðum við geggjuð
Sprengidagstilboð á völdum bílum.
***Komdu núna og tryggðu þér nýjan bíl á frábæru verði!***

## PEUGEOT 308 ACTIVE

1.6 DÍSIL, 5 DYRA,
SJÁLFSKIPTUR,
MÁLMLITUR OG
BAKKMYNDAVÉL

**AFSLÁTTUR**
*VERÐ: 3.510.000 kr.*
***TILBOÐ: 3.160.000 kr.***
***-350.000 kr.***



## CITROËN C4 CACTUS FEEL

1.2 BENSÍN, 5 DYRA,
SJÁLFSKIPTUR,
NÁLÆGÐARSKYNJARI
AÐ AFTAN

**AFSLÁTTUR**
*VERÐ: 2.940.000 kr.*
***TILBOÐ: 2.540.000 kr.***
***-400.000 kr.***



## VOLVO V60 CC INSCRIPTION D3

DÍSIL, 150 HESTÖFL, 5 DYRA,
SJÁLFSKIPTUR OG
RÍKULEGA BÚINN
***+ VETRARDEKK!***



**AFSLÁTTUR**
*VERÐ: 6.104.000 kr.*
***TILBOÐ: 5.344.000 kr.***
***-760.000 kr.***


FORD FOCUS TREND EDITION
1.0i, 5 DYRA, 6 GÍRA, MÁLMLITUR OG DÖKKAR RÚÐUR Í FARÞEGARÝMI
+ VETRARDEKK!
AFSLÁTTUR
VERÐ: 3.105.000 kr.
TILBOÐ: 2.800.000 kr.
-305.000 kr.
FOCUS
GEGGJUÐ TILBOÐ!
MAZDA6 VISION STATION
2,0 BENSÍN, 5 DYRA,
SJÁLFSKIPTUR,
165 HESTÖFL,
MÁLMLITUR
AFSLÁTTUR
VERÐ: 4.070.000 kr.
TILBOÐ: 3.770.000 kr.
-300.000 kr.
FORD KUGA TREND EDITION
1.5 TDCi, 5 DYRA,
6 GÍRA, 120 HESTÖFL
OG BAKKMYNDAVÉL
+ VETRARDEKK!
AFSLÁTTUR
VERÐ: 4.160.000 kr.
TILBOÐ: 3.795.000 kr.
-365.000 kr.
KUGA
mazda 6
KOMDU Í DAG OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ
FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG
Ekki missa af þessu!
– Komdu í Brimborg í dag
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
brimborg.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á

# Sláandi umfjöllun Reuters vekur umtal

**Sláandi umfjöllun blaðamanna Reuters um morð á tíu Róhingjum í Mjanmar leiðir til ákalls um alþjóðlega rannsókn á meintu þjóðarmorði. Tveir blaðamannanna voru sendir í fangelsi við vinnslu umfjöllunarinnar. Hermaður segir Róhingja hafa verið kviksetta.**

**MJANMAR** Stjórnmálamenn og óháð félagasamtök hafa kallað eftir því að aðgerðir mjanmarska hersins í Rakhine-héraði verði ítarlega rannsakaðar eftir að Reuters birti umfjöllun í fyrrinótt um morð á tíu Róhingjum í bænum Inn Din. Greinina skrifuðu fjórir blaðamenn. Tveir þeirra, hinir mjanmörsku Wa Lone og Kyaw Soe Oo, hafa verið í fangelsi síðan í desember vegna meints lögbrots þegar þeir öfluðu upplýsinga fyrir umfjöllunina.

„Ein gröf fyrir tíu fórnarlömb,“ höfðu blaðamennirnir meðal annars eftir uppgjafahermanninum Soe Chay sem aðstoðaði við að grafa fjöldagröf tíu Róhingja sem bæði búddískur almenningur og hermenn höfðu myrt án dóms og laga. „Þegar við grófum þá voru gáfu sumir þeirra enn þá frá sér hljóð. Hinir voru dánir,“ sagði Chay einnig.

Viðtöl við vitni leiddu í ljós að mennirnir höfðu verið teknir úr hópi hundraða sem reyndu að koma sér í öruggt skjól í útjaðri bæjarins á meðan hermenn kljáðust við skæruliða úr röðum þjóðflokksins. Þá var blaðamönnunum einnig tjáð að lögregla og hermenn hefðu stolið eignum Róhingja og að hermenn hefðu fengið almenna borgara, aðra en Róhingja, til að bera eld að heimilum Róhingja.

Þegar blaðamennirnir báru upplýsingarnar undir Michael G. Karnavas, bandarískan lögfræðing í Haag sem hefur flutt mál fyrir Alþjóðaglæpadómstólnum, sagði Karnavas að ef upplýsingarnar væru réttar sýndu þær fram á sérstakan ásetning yfirvalda um að fremja þjóðarmorð. „Árásirnar virðast gerðar sérstaklega til þess að útrýma Róhingjum eða að minnsta kosti stórum hluta þeirra.“



Wa Lone, einn blaðamanna Reuters, þegar hann var dreginn fyrir dóm. Hann situr enn í fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Árásirnar virðast gerðar sérstaklega til að útrýma Róhingjum.**
>
> Michael G. Karnavas, lögfræðingur í Haag

Blaðamennirnir náðu einnig tali af Zaw Htay, talsmanni mjanmörsku ríkisstjórnarinnar, og óskuðu viðbragða. Sagði hann að nauðsynlegt væri að ganga úr skugga um hvort frásagnirnar um voðaverkin í Inn Din væru sannar. „Ef sönnunargögnin eru áreiðanleg mun ríkisstjórnin rannsaka málið. Og ef lög hafa verið brotin munum við grípa til aðgerða.“

Blaðamennirnir sögðu hins vegar að hann hefði orðið hissa þegar honum var sagt frá því að almennir borgarar hefðu játað að hafa kveikt í húsum Róhingja.

„Alþjóðasamfélagið verður að skilja það að Róhingjar frömdu hryðjuverk,“ sagði Htay og vísaði til árásar ágústmánaðar síðastliðins þegar skæruliðar réðust á lögreglustöð. Sú árás varð kveikjan að ofbeldinu.

Viðbrögðin við umfjöllun Reuters hafa verið mikil. Heather Nauert, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, sagði að hún sýndi að nauðsynlegt væri að yfirvöld í Mjanmar ynnu með óháðum og viðurkenndum rannsakendum að því að ljóstra upp um voðaverkin í Rakhine-héraði. „Slík rannsókn myndi gefa okkur skýrari mynd af því sem hefur gerst. Hægt væri að komast að því hverjir létu lífið og hverjir báru ábyrgð,“ sagði Nauert.

Rosena Allin-Khan, þingmaður breska Verkamannaflokksins, sagði við BBC að umfjöllun Reuters rímaði við þær frásagnir sem hún hefði heyrt á meðan hún starfaði sem læknir í flóttamannabúðum Róhingja í Bangladess í fyrra. „Við erum að horfa upp á þjóðarmorð. Þessar upplýsingar marka tímamót af því að þetta er í fyrsta skipti sem við heyrum raddir gerendanna sjálfra,“ sagði Allin-Khan og kallaði eftir alþjóðlegri rannsókn.

Samtökin Human Rights Watch sögðu að leiðtogar hersins ættu að fara fyrir Alþjóðaglæpadómstólinn.

thorgnyr@frettabladid.is





11.2 EINN EINN TVEIR dagurinn

Forseti Íslands tók þátt í 112-deginum 2017. Ljósmynd: Árni Sæberg

112-dagurinn er sunnudaginn 11. febrúar

# VIÐ BJÖRGUM DEGINUM

með skemmtilegri dagskrá um allt land

**Hörputorg og Faxagarður sunnudag kl. 13-16**

• Hörputorg: Viðbragðsaðilar sýna fjölbreyttan tækjakost:
*Sjúkrabíll – björgunarbílar – björgunarbátar – vélsleðar – lögreglubílar – lögreglumótorhjól sprengjudeild – kafarar – slökkvibíll – skyndihjálpartjald – fjöldahjálparstöð – snjóruðningstæki*
• Faxagarður: *Verið velkomin um borð í Sæbjörg, Slysavarnaskóla sjómanna.*

*Komdu og skoðaðu græjurnar og hittu 112-fólkið – við tökum vel á móti þér!*

**Dagskrá í Flóa í Hörpu kl. 15**

• Ávarp: Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
• Verðlaun í Eldvarnagetrauninni 2017 afhent
• Eva Björk Eyþórsdóttir og Ragna Björg Ársælsdóttir, starfsmenn bráðamóttöku LSH, syngja við undirleik Viðbragðssveitarinnar
• Skyndihjálparmaður Rauða krossins útnefndur
*Allir velkomnir!*

**Björgunaræfing kl. 14.30**
Slysavarnafélagið Landsbjörg og Landhelgisgæsla Íslands æfa björgun í Reykjavíkurhöfn kl. 14.30.

112 EINN EINN TVEIR

í sambandi við öryggi

**Við stöndum saman að 112-deginum 2018:**
112, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn á Íslandi, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Mannvirkjastofnun, Landspítali, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Ríkislögreglustjórinn, Embætti landlæknis, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Barnaverndarstofa, Landhelgisgæsla Íslands, Vegagerðin og samstarfsaðilar um allt land.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Nefnd um nefnd



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra hefur látið hafa eftir sér að erlenda sérfræðinga þurfi til að ákvarða framtíð Reykjavíkurflugvallar. Sigurður Ingi hefur lög að mæla. Höggva þarf á hnútinn því Íslendingar raða sér í skotgrafir eftir búsetu og flokkadráttum.

Ummælin féllu eftir kynningu skýrslu starfshóps um framtíð flugvallarins. Nú var hópurinn undir forystu Hreins Loftssonar, en Þorgeir Pálsson, fyrrverandi flugmálastjóri, og Ragna Árnadóttir höfðu áður farið fyrir sambærilegum hópum.

Hópur Þorgeirs komst að þeirri niðurstöðu að þótt Vatnsmýrin væri ágætt flugvallarstæði þá stæði hann á verðmætu byggingarlandi sem erfitt væri að réttlæta að færi undir flugvöll. Nefndin hvatti til skoðunar fleiri kosta, eins og Hvassahrauns, en nauðsynlegt væri að hafa tvo flugvelli á suðvesturhorninu.

Innanlandsflug í Keflavík eða Hvassahrauni myndi koma löngu tímabærri uppbyggingu af stað í Vatnsmýrinni og gefa ferðafólki kost á beinu flugi út á land. Slá má tvær flugur í einu höggi, losa Vatnsmýrina og dreifa ferðafólki. Farþegum innanlands er engin vorkunn að ferðast spölinn frá Keflavík eða Hvassahrauni til Reykjavíkur.

Rögnunefndin taldi Hvassahraun skynsamlegasta kostinn fyrir flugvöllinn. Lagt var til að flugrekstrarskilyrði á svæðinu yrðu könnuð gaumgæfilega. Nefnd Hreins Loftssonar hefur nú komist að sömu niðurstöðu. Ekki liggur fyrir hvers vegna talin var þörf á nýrri nefnd um að því er virðist nákvæmlega sama mál.

Orð Sigurðar Inga benda til að honum sé alvara að fela erlendri ráðgjafarnefnd að leysa málið. Slíkt veit á gott, en nefndin þarf að hafa skýrt umboð. Hún á að ákveða hvernig haga eigi innanlandsflugi. Stjórnmálamenn verða að una niðurstöðunum, hvorri skotgröfinni sem þeir tilheyra.

**Við blasir að skynsemisrök hníga til þess að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýri. Efnahagslegu rökin liggja í augum uppi. Ekki getur verið hagkvæmt að hafa flugvöll á besta byggingarlandinu í borginni.**

Við blasir að skynsemisrök hníga til þess að flugvöllurinn fari úr Vatnsmýri. Efnahagslegu rökin liggja í augum uppi. Ekki getur verið hagkvæmt að hafa flugvöll á besta byggingarlandinu í borginni. Einnig er augljós ókostur að flugvélar séu alla tíð á ferð yfir höfði íbúa og gesta á þéttbýlasta svæði landsins.

Lega flugvallarins í miðju borgarinnar er annað sem ber að gefa gaum. Spár gera ráð fyrir að íbúum á Stór-Reykjavíkursvæðinu fjölgi um 70 þúsund næstu tvo áratugi og ferðamönnum muni fjölga. Umferðarmál í Reykjavík eru í ólestri og skynsamlegasta ráðið við því er að þétta byggð og bæta almenningssamgöngur.

Vatnsmýrin er í lykilhlutverki. Samkvæmt könnunum vill meirihluti Reykvíkinga búa vestan við Elliðaár. Vatnsmýrin er svar við því ákalli að nýta eftirsóttasta byggingarlandið. Áður en hægt verður að byggja þarf hins vegar að ákveða hvernig haga eigi innanlandsflugi til frambúðar.

Vonandi verður útlendinganefnd Sigurðar Inga til þess að koma málinu á hreyfingu. Of lengi hefur því verið drepið á dreif í hundleiðinlegu karpi.




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Upp, upp mín sál og allt mitt streð

Fátt er samtímanum meira framandi en iðjuleysi. Við tökum okkur hvíld frá amstrinu aðeins til að geta snúið okkur að því aftur.“

Svo mælir breski heimspekingurinn John Gray í bók sinni *Straw Dogs: Thoughts on Humans and Other Animals* sem kom út árið 2002. Í bókinni, sem varð óvænt metsölubók, hafnar Gray framþróun mannkyns. Hann segir hugmyndir samtímans um framþróun ekkert annað en goðsögn. Því siðmenning er ekki varanlegt, ófrávíkjanlegt ástand heldur tímabundið fyrirkomulag sem lætur undan um leið og það verður fyrir álagi. Þótt línuleg framþróun sé möguleg þegar kemur að tækni og vísindum – skref fyrir skref bætist við ný þekking og gamlar kenningar glatast sem reyndust rangar – á það sama ekki við um mannlegt samfélag. Skoðanir, siðferði, stjórnmál, hvað þykir rétt og rangt hverfist í hringi. Það sem þykir siðferðilega rangt í dag getur þótt í fínu lagi á morgun. Þótt við lifum í sátt og samlyndi í dag getum við verið komin í hár saman á morgun. Það versta við framþróun mannkynsins að sögn Gray er hins vegar ekki sú staðreynd að hún er aðeins mýta; það versta er að hún er endalaus. Gray segir trú samtímans á endalausa framþróun leiða af sér kröfu um meiri vinnu en fordæmi séu fyrir. Ástæðan sé sú að „framþróun fordæmir iðjuleysi. Að ná hæstu hæðum mennskunnar útheimtir mikla vinnu; í raun óendanlega mikla, því þegar einum tindi er náð blasir annar við“.

### Stærstu mistök þróunarsögunnar

John Gray er ekki eini fræðimaðurinn sem skrifað hefur óvæntan smell um þróun mannsins þar sem vinnuárátta samtímans er gagnrýnd. *Sapiens: A Brief History of Humankind* er metsölubók eftir ísraelskan sagnfræðing, Yuval Noah Harari. Í henni rekur Harari óhóflegt vinnuálag mannsins aftur til landbúnaðarbyltingarinnar. Harari segir að í 2,5 milljón ár hafi ættkvísl mannsins lifað góðu lífi sem veiðimenn og safnarar. Fyrir tíu þúsund árum tók maðurinn hins vegar að helga hverja vökustund vinnu við að halda lífi í plöntum og skepnum; sá, vökva, reita arfa og fæða skepnur. Segir Harari að vinnustundum sem fóru í fæðuöflun hafi snarfjölgað við landbúnaðarbyltinguna. Byltingin sem átti að létta undir með manninum hafi þvert á móti dæmt hann í ánauð.

### Hvern erum við að sannfæra?

Mikið hefur verið rætt um styttingu vinnuvikunnar undanfarna daga. Píratar lögðu fram á Alþingi frumvarp um málið, Reykjavíkurborg hélt málþing og fyrirtækið Hugsmiðjan kynnti áhrifin sem slík aðgerð hafði á starfsemi þess. Rökin sem styðja styttri vinnuviku virðast mörg. Píratar nefna að Ísland komi illa út úr skýrslu OECD þegar mælt er jafnvægi milli vinnu og frítíma; mælingar Reykjavíkurborgar og Hugsmiðjunnar sýndu að styttri vinnuvika eykur afköst og fækkar veikindadögum. Allt eru þetta fínustu rök. En stóra spurningin er þessi: Hvern erum við að reyna að sannfæra?

„Hagvöxtur á Norðurlöndunum mestur á Íslandi“. Svo hljóðaði fyrirsögn á visir.is í vikulok.

John Gray hefur á réttu að standa. Við erum þrælar goðsagnar. Landbúnaðarbyltingin, iðnbyltingin, tæknibyltingin. Færibandið, ryksugan, gufuvélin, uppþvottavélin, tölvan, tölvupósturinn. Ekkert léttir undir með okkur því á okkur hvílir krafa um eilífa framþróun, endalausan vöxt. Upp, upp mín sál og allt mitt streð. Vinnan er okkar sáluhjálp, hagkerfið okkar guð, hagfræðin kennisetningin, hagfræðingar klerkarnir og hagvöxturinn himnaríki. Eins og Astekarnir fórnum við lífi og limum á altari uppdiktaðra guða. Helstu rökin fyrir styttri vinnuviku eru: Af því að við viljum það. Af því að við krefjumst þess. Við lifum í einu ríkasta landi heims á einu blómlegasta skeiði mannkynssögunnar. Við ættum ekki að þurfa að rökstyðja ósk okkar um að eyða meiri tíma með börnunum okkar, við ættum ekki að þurfa að biðja um leyfi til að eiga tíma aflögu fyrir áhugamál, vini, gönguferðir, bóklestur, sjónvarpsgláp – eða iðjuleysi. Af hverju styttri vinnuviku? Af því bara.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*





Íslensk Getspá

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

ÖBÍ
UMFÍ

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.



Guðmundur Guðmundsson er aftur tekinn við íslenska landsliðinu, 17 árum eftir að hann tók fyrst við því. Hann stefnir að því að koma íslenska liðinu aftur í hóp þeirra bestu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Tekur 3-4 ár að komast aftur í fremstu röð

**Guðmundur Guðmundsson tók í vikunni við íslenska karlalandsliðinu í handbolta í þriðja sinn. Hann segist vera endurnærður eftir ævintýri í Barein. Guðmundur segir það krefjandi verkefni að koma Íslandi aftur í fremstu röð en ítrekar að það muni taka sinn tíma.**

Ingvi Þór
Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Það fór varla fram hjá nokkrum manni þegar Guðmundur Guðmundsson var kynntur sem næsti þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta. Þetta er í þriðja sinn sem hann tekur við íslenska liðinu en hann náði frábærum árangri í hin tvö skiptin sem hann stýrði því. Guðmundur tekur við starfinu af Geir Sveinssyni sem stýrði íslenska liðinu í tæp tvö ár.

Guðmundur þjálfaði danska landsliðið á árunum 2014-17 og gerði það að Ólympíumeisturum 2016. Eftir HM 2017 tók hann óvænta U-beygju og tók við landsliði Barein. Guðmundur er nýkominn aftur til Íslands eftir tveggja mánaða törn með bareinska liðið þar sem hann stýrði því m.a. á Asíuleikunum 2018 í Suður-Kóreu. Þar unnu Bareinar til silfurverðlauna.

„Þeir höfðu samband eftir að þeir fréttu að ég ætlaði að hætta með Dani en ég dró þá lengi á svari því það var ýmislegt sem stóð mér til boða. En á endanum fannst mér þetta henta best eftir þetta ævintýri með Danina. Ég vildi komast í burtu frá öllu fjölmiðlafárinu í kringum danska liðið, breyta til og gera eitthvað annað. Ég stökk á þetta og sé ekki eftir því. Þetta var mikið ævintýri,“ sagði Guðmundur þegar blaðamaður Fréttablaðsins hitti hann á heimili hans á dögunum.

Verkefnið sem Guðmundur stóð frammi fyrir hjá Barein var afar krefjandi. Geta leikmanna var takmörkuð og skipulagið á leik liðsins lítið. Það var því verk að vinna.

### Hvalrekinn Tomas Svensson



Gunnar Magnússon og Tomas Svensson verða Guðmundi Guðmundssyni til aðstoðar með íslenska landsliðið. Gunnar hefur verið í þjálfarateymi Íslands með hléum frá árinu 2003 og hefur unnið lengi með Guðmundi. „Hann er frábær þjálfari, mikill fagmaður og góður félagi.“

Íslendingar hafa eflaust oft blótað Svensson í sand og ösku en hann stóð lengi milli stanganna í sigursælu sænsku landsliði og reyndist Íslandi oft erfiður. Síðan skórnir fóru á hilluna hefur Svensson getið sér gott orð sem markvarðaþjálfari og starfaði með Guðmundi hjá Rhein-Neckar Löwen og danska landsliðinu.

„Hann mun sjá um markvarðaþjálfunina hjá landsliðinu, greina andstæðingana og skot þeirra, gefa endurgjöf eftir leiki og allt þar á milli. Hann er mjög jákvæður, orkumikill og fagmaður fram í fingurgóma. Það er hvalreki fyrir íslenskan handbolta að fá hann inn í þjálfarateymið.“

### Stoppuðu og byrjuðu að spjalla

„Ég áttaði mig fljótlega á því að það þyrfti að taka til hendinni og gera breytingar á öllum sviðum. Það var mikið átak að fá þá til að vinna saman í vörn og sókn og krefja þá um meiri einbeitingu á æfingu. Þeir áttu erfitt með að halda tempói á æfingum og áttu það til að setjast niður og byrja að spjalla,“ segir Guðmundur sem þurfti líka að fá leikmenn Barein til að mæta á réttum tíma á æfingar.

„Til að byrja með var þetta mjög skrautlegt. Menn komu eða komu ekki á æfingar og voru með ýmsar afsakanir fyrir því. Fjölbreyttari afsakanir hef ég aldrei heyrt,“ segir Guðmundur og hlær.

Bareinar voru ákaflega ánægðir með störf Guðmundar og vildu halda honum. En það var erfitt að segja nei þegar kallið frá HSÍ kom. Tæpum sex árum eftir að hafa stýrt íslenska landsliðinu síðast er Guðmundur tekinn við því á nýjan leik.

Talsverðar breytingar hafa orðið á íslenska liðinu frá blómatíma þess og árangurinn á síðustu stórmótum hefur ekki verið merkilegur. Verkefnið er því ærið og Guðmundur gerir sér grein fyrir því. Og hann segir að landsmenn þurfi að sýna þolinmæði.

### Krefjandi en spennandi verkefni

„Eitt af því fyrsta sem ég sagði við stjórnarmenn HSÍ var að það tæki 3-4 ár að koma liðinu aftur í fremstu röð. Liðið hefur tekið miklum breytingum, yngri leikmenn komnir inn og þeir þurfa sinn tíma. Þetta er mjög ögrandi og krefjandi en jafnframt spennandi verkefni.“

Guðmundur ætlar að gefa sér góðan tíma til að skoða leik íslenska liðsins til að sjá hvað þarf að bæta.

„Ég mun skoða allt. Ég vil ekki vera með of miklar yfirlýsingar núna um hverju ég vil breyta því ég er ekki búinn að rannsaka það nógu vel til að geta sagt það nákvæmlega. En ég hef alltaf lagt mikla áherslu á varnarleikinn. Það er lykillinn að því að ná stöðugleika. Þá styður þú líka við markverðina og gefur möguleika á að nýta fljóta menn í hraðaupphlaupum,“ segir hann.

### Úrvalsliðið ekki bara fyrir unga

Guðmundur segist ekki bara horfa á kennitölur leikmanna þegar hann velur landsliðið.

„Ég sé að það eru fjölmargir ungir leikmenn á leiðinni en ég vil ekki nefna nein nöfn. Núna set ég saman hóp 30-35 leikmanna sem ég horfi til. Suma þeirra myndi ég vilja sjá með úrvalsliðinu/afrekshópi HSÍ. Það er ekki bara fyrir unga leikmenn, heldur leikmenn sem eru að banka á dyrnar í landsliðinu. Úrvalsliðið er tækifæri fyrir þá til að sanna sig og spila þær leikaðferðir sem landsliðið spilar. Þá get ég séð hvernig leikmenn falla inn í það. Það getur vel verið að í úrvalsliðinu verði leikmenn sem eru 25-27 ára. Það er ekkert sem útilokar það. Ég held að sumir leikmenn hafi ekki áttað sig á því,“ segir Guðmundur sem vill sjá fleiri íslenska leikmenn í stærstu liðum Evrópu á næstu árum.

> **Menn komu eða komu ekki á æfingar og voru með ýmsar afsakanir fyrir því. Fjölbreyttari afsakanir hef ég aldrei heyrt.**
>
> Guðmundur Guðmundsson

„Það má kannski segja að við eigum ekki marga leikmenn í stóru liðunum. Við eigum leikmenn sem spila í Danmörku og Svíþjóð og nokkra í Þýskalandi. Á næstu þremur árum myndi ég vilja sjá fleiri leikmenn í stóru liðunum. Ég tel að það muni gerast,“ segir Guðmundur.

### Besta ákvörðunin í langan tíma

Þrátt fyrir að hafa verið bráðum 30 ár í þjálfun segist Guðmundur enn fullur eldmóðs og er endurnærður eftir Barein-ævintýrið.

„Ég hafði gott af því að fara til Barein. Umhverfið í Danmörku var mjög erfitt. Ég þurfti á því að halda að kúpla mig út. Þetta er besta ákvörðun sem ég hef tekið í langan tíma. Ég er gríðarlega metnaðarfullur og handboltinn er mín ástríða. Ég held að það muni aldrei breytast,“ segir Guðmundur að endingu.




**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM86611 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.



## VENICE

2ja og 3ja sæta sófi. Fáanlegir bæði í svörtu leðri og dökkgráu og bláu sléttflaueli.
Stærð 2ja sæta sófi: 156 x 85 x 89 cm
Stærð 3ja sæta sófi: 184 x 85 x 89 cm

2ja sæta sófi leður
**89.990 kr.** ~~129.990 kr.~~

3ja sæta sófi leður
**109.990 kr.** ~~159.990 kr.~~



2ja sæta sófi flauel
**48.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja sæta sófi flauel
**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

Hægindastóll leður
**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

Hægindastóll flauel
**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



**ÓTRÚLEGT VERÐ!**

## MAX

U-sófi í gráu og ljósgráu áklæði.
Stærð: 286 x 200 x 87 cm

**109.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

## GOTHERBERG

Nettur hægindastóll í klassískum stíl. Brúnt leður split.



**79.990 kr.** ~~109.990 kr.~~



## COSTA

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Svart, onyx og grátt Castle áklæði.
Stærð: 305 × 215 × 84 cm

**259.990 kr.** ~~349.990 kr.~~

## PARKER

La-z-boy hægindastóll. Svart, dökkbrúnt eða vínrautt leður.
Stærð: 82 × 86 × 104 cm



**99.990 kr.** ~~159.990 kr.~~





Tvær 48 cm stækkanir fylgja.

## SINGLE

Borðstofuborð hvítt og svart.
Stærð: 120/216 x 80 x H: 76 cm.

**49.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

## STILO

Hægindastóll með skammeli. Fáanlegur í svörtu, koníaksbrúnu og rauðu Savoy leðri og dökkbláu, fjólubláu og Dusty grænu sléttflaueli.



Stilo hægindastóll í leðri með skammeli
**169.990 kr.** ~~239.980 kr.~~

Stilo hægindastóll í flaueli með skammeli
**119.990 kr.** ~~174.980 kr.~~

## GRAND CANYON

Þetta er stóll fyrir hávaxna. Klæddur leðri á slitflötum. Fæst í brúnu, gráu, vínrauðu og svörtu.
Stærð: 95 × 100 × 110 cm



**129.990 kr.** ~~189.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

# 5 DAGA HELGAR-SPRENGJA

## Frá fimmtudegi til mánudags, 8.–12. febrúar




### SONORA
Borðstofuborð. Olíuborin eða hvítolíuborin eik. Kringlótt. Þvermál 130 cm. H: 74 cm

Borð
**194.990 kr.** ~~259.990 kr.~~

Viðbótarstækkanir 2 stk.
**24.990 kr.** ~~33.990 kr.~~

### ACURA
Borðstofustóll. Fáanlegir í dökk-gráu áklæði eða svörtu leðri og með svörtum stálfótum eða aski.



Áklæði með stálfótum
**14.396 kr.** ~~35.990 kr.~~

Áklæði með viðarfótum
**15.996 kr.** ~~39.990 kr.~~

Leður með stálfótum
**15.996 kr.** ~~39.990 kr.~~

Leður með viðarfótum
**17.596 kr.** ~~43.990 kr.~~



### LARVIK
Barstóll. Dökkgrátt áklæði og svartir fætur.
**5.990 kr.** ~~15.990 kr.~~



### WINDSOR
2ja og 3ja sæta sófi og stóll. Burgundyrautt leður.

2ja sæta sófi: 158 x 93 x 79 cm
**99.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 198 x 93 x 79 cm
**134.990 kr.** ~~209.990 kr.~~

Hægindastóll: 110 x 93 x 79 cm
**169.990 kr.** ~~259.990 kr.~~



### HAWK
Borðstofustóll, svart áklæði eða ljósbúnt eða svart PU áklæði.
**19.990 kr.** ~~34.990 kr.~~




### NET-BÆKLINGURINN
Kíktu inn á husgagnahollin.is og flettu net-bæklingnum.
Fjöldi glæsilegra vara á góðu tilboði á HELGARSPENGJUNNI.

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

## Einu sinni var



10. febrúar 1964, starfsmaður í Björnsbakaríi útbýr rjómabollur með súkkulaði. Myndin birtist í Dagblaðinu Vísi. LJÓSMYND/BRAGI GUÐMUNDSSON

## Um helgina, af hverju ekki að ...

### HORFA Á



nýja og magnaða mynd, Jane, sem verður sýnd þrisvar þessa helgi í Bíói Paradís. Myndin fjallar um líf og störf Jane Goodall og rannsóknir hennar á simpönsum. Í henni kemur fram áður óséð efni og viðtöl sem eiga eftir að snerta við Jane Goodall aðdáendum. Rannveig Magnúsdóttir hjá Landvernd verður með erindi eftir myndina um Jane, hún rekur útibú skóla Jane Goodall, Roots and Shoots, hér á landi.

### LESA




fyrstu skáldsögu Elenu Ferrante, Óþægileg ást, sem fjallar um konur sem storka karlaveldinu.



### BAKA BOLLU

Klassískar vatnsdeigsbollur með súkkulaði, rjóma og sultu eru alltaf vinsælastar, segir Henry Þór Reynisson, bakari hjá Reyni bakara í Kópavogi, sem gefur lítið fyrir tískusveiflur í bollubakstri. „Það er verið að reyna að troða lakkrís og piparдufti í allt mögulegt. Mér finnst það ekki passa í bollurnar. Fólki finnst þær klassísku bara betri.“

# Vilja komast á topp 50 listann

Pablo Discobar var valinn kokteilbar ársins af Barþjónaklúbbi Íslands. Strákarnir bak við barinn stefna hátt og nota átján mismunandi heimagerð síróp meðal annars til að blanda litríka kokteila.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Pablo Discobar var nýverið valinn kokteilabar ársins af Barþjónaklúbbi Íslands en hin árlega kokteilhátíð var haldin um síðustu helgi. Uppgangur barsins hefur verið hraður en Teitur Ridderman Schiöth yfirbarþjónn segir að frá því að barinn hóf starfsemi árið 2016 hafi markmiðið alltaf verið að gera hlutina öðruvísi en aðrir kokteilbarir á Íslandi. „Auðvitað er þetta mikill heiður. Þetta þýðir að við getum byrjað að byggja upp grunn á alþjóðalegan standard.“

Barþjónaklúbbur Íslands var stofnaður árið 1963 en árið á eftir hóf klúbburinn að etja saman barþjónum landsins í kokteilagerð og hefur vinningshafi ávallt hlotið nafnbótina Íslandsmeistari barþjóna og keppt fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramóti barþjóna sem að þessu sinni fer fram í Kaupmannahöfn í september.

„Við leggjum mikla áherslu á gagnvirkni milli barþjóna okkar og viðskiptavina. Heildarupplifunin skiptir mestu máli. Einnig er barinn mjög flott hannaður, hann er settur upp eins og svið, barinn er í miðjunni og sætunum er raðað í kringum hann. Þú getur fylgst með barþjónunum vinna hvar sem þú situr ef þú bara horfir upp. Það eru speglar alls staðar og kannski er hægt að líkja þessu saman við að fara í leikhús,“ segir Teitur.

Eigendur staðarins hafa alltaf verið frumlegir í hugsun og gott dæmi er pelsamenning sem þar ríkir. Teitur bendir á að frumleikinn endar ekki við útidyrnar heldur er hann einnig bak við barborðið. „Öll okkar hráefni eru heimagerð. Við notum 18 mismundandi heimagerð síróp og mixtúrur við kokteilgerðina. Við notum mikið af tekíla og meskal.

Tekílað sem við notum er í rauninni ekki það sem Íslendingar búast við að fá. Það er 100 prósent agave og smakkast yndislega í t.d. Margaritu. Einnig búum við til kokteilana okkar með skemmtilegum undirbúningi, hvort sem það er Cocoa puffs eða blikkandi diskókubbar, þá er það alltaf mega stuð,“ segir hann kátur.

„Stefnan er að fara lengra heldur en Ísland. Draumurinn er að komast á lista yfir topp 50 bestu bari í heimi,“ segir hann nánast án þess að blikka. „Allir barþjónarnir eru með sama flamingo-tattúið með slagorðinu „One Dream One Team“ sem sannar metnaðinn til að komast áfram.“

Drengirnir á bak við barborðið ætla að fagna saman með því að fara út að borða og sletta svo ærlega úr klaufunum. „Poppa einni sjampó,“ segir hann án þess að útskýra. „Fram undan er svo heimurinn. Við stoppum ekki. Kannski að við færum okkur út fyrir landsteinana,“ segir hann stoltur.



Ívan Svanur, Teitur yfirbarþjónn með Gwenael og Helgi Aron. MYND/SIGURJÓN

### EL CILANTRO

kemur á nýja seðlinum

- 45 ml Don Julio Blanco Tequila
- 10 ml appelsínulíkjör Pablos (má nota Cointreau)
- 30 ml ferskur limesafi
- 20 ml agave-síróp
- Handfylli kóriander
- 2 jalapeño-hringir

Öllu hent í hristara og hrist með klaka.
Síað í martiniglas og skreytt með tveimur jalapeño-hringjum.

### VINSÆLASTI KOKTEILLINN Á PABLO DISCOBAR

- Disco Ber
- 35 ml gin
- 15 ml ferskur sítrónusafi
- 10 ml hunang

Allt sett í hristara.
Hrist með klaka og síað í hátt glas. Toppað með ylliblóma-límonaði og skreytt með graslauk!




RENAULT
Passion for life
RENAULT KADJAR
HÆTTU AÐ BÍÐA, BYRJAÐU AÐ LIFA
KADJAR
RENAULT KADJAR ZEN
Sjálfskiptur, dísil.
Verð frá: 3.850.000 kr.
17" álfelgur, 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, 6 hátalarar, handfjáls símabúnaður, lykillaust aðgengi, regnskynjari á rúðuþurrkum, sjálfvirk lækkun á háum geisla aðalljósa, fjarlægðarvarar aftan, tveggja svæða tölvustýrð loftkæling.
Komdu og reynsluaktu nýjum Renault KADJAR – hættu að horfa, farðu að upplifa!
E
F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

# Duttu í lukkupottinn

Hjónin **Katrín Árnadóttir** og **Anton Rúnarsson** áttu von á sínu öðru barni og ekkert á meðgöngunni benti til annars en að allt væri í stakasta lagi. En handrit lífsins er oft margslungnara en við gerum ráð fyrir og fer með tilveru okkar á óþekktar slóðir.



Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir
asta@frettabladid.is



„Hún tekur sinn tíma í að þroskast og er farin að nota tákn með tali. Ída kennir okkur eitthvað nýtt á hverjum degi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Við duttum í lukkupottinn. Ída kom inn í lífið og gerði allt betra,“ segir Katrín Árnadóttir, móðir tveggja ára stúlku sem fæddist með Downs heilkenni öllum að óvörum. Katrín býr á Akureyri ásamt eiginmanni sínum Antoni Rúnarssyni og tveimur dætrum þeirra. Hún starfar í Háskólanum á Akureyri en örlögin höguðu því þannig að kúvending varð á tilveru þeirra hjóna.

Ída litla skaust í heiminn í janúarbyrjun árið 2016. Hún fæddist á sjúkrahúsi í Berlín þar sem foreldrar hennar bjuggu. Allt gekk sinn vanagang og fékk móðirin að hvíla sig eftir fæðinguna líkt og venja er í Þýskalandi og faðirinn var farinn heim að leggja sig. Hjúkrunarkona læddist mjúklega inn á sjúkrastofuna og skoðaði litlu stúlkuna gaumgæfilega og barnalæknir staðfesti síðan grun ljósmæðranna um að ekki væri allt með felldu.

„Það var tilviljun að ég fór ekki í skimun, þá hefði litningagallinn uppgötvast,“ segir Katrín og bætir því við að sér þyki það sjálfsagt mál að fara í skimun til að fólk geti undirbúið sig fyrir þetta verkefni í lífinu.

„En Ída átti bara að koma, ég get ekki hugsað mér lífið án hennar í dag,“ segir Katrín geispandi eftir lítinn jólasvefn, en Ída svaf ekki vel í desember og janúar. „Fyrstu vikurnar eftir að hún fæddist þurftum við að stilla klukku til að vekja hana á nóttunni. Síðan þá hefur hún sofið glimrandi – þar til nú fyrir jól. Þá erum við að borga sektina fyrir friðsamlega fyrstu mánuði.“ Vandamál sem margir foreldrar kannast við.

**Í skjól fjölskyldunnar**

Katrín og Anton bjuggu alls 15 ár í Þýskalandi lengst af í höfuðborginni Berlín. Þeim leið vel í stórborginni þar sem þau höfðu nýlega keypt sér íbúð og voru ekki með nein áform um að flytja aftur til Íslands. En tilvist Ídu breytti því.

„Það var á öðrum eða þriðja degi eftir að Ída fæddist sem við hjónin litum á hvort annað, hugsandi það sama: Við erum að fara heim, er það ekki? Okkur fannst það bókað mál, við eigum svo margt fólk heima á Akureyri og okkur fannst okkur best borgið þar.“ Hjónin eru bæði að norðan og því lá beinast við að fara aftur „heim“ og leita í skjól fjölskyldunnar.

„Mamma var okkur stoð og stytta fyrstu dagana. Hún flaug beint út til okkar og var einfaldlega til staðar. Hún og Ída tengdust strax mjög vel og það gaf okkur ráðrúm til að sinna Elínu, þá þriggja ára systur Ídu, sem var ekki endilega að fíla dreifingu athyglinnar.

Það er skrítið að hugsa til baka til þessa tíma. Að maður hafi verið hræddur, pælt í hvaða aldri hún næði, hvort hún myndi nokkru sinni halda höfði, hvað þá labba. Allt hugsanir sem leituðu á okkur vegna vanþekkingar. Svo var gott að komast út, hitta vini, fá að gráta smá og hlæja um leið að þeirri lukku að eignast svona einstakt barn.“

**Með ferðatösku fulla af fróðleik**

Katrín og Anton voru algjörlega óundirbúin því að eignast barn með Downs heilkenni, þau vissu ekkert á hverju þau áttu von. Spurningar um heilsu Ídu og möguleika hennar í framtíðinni leituðu á þau.

„Nokkrum dögum eftir fæðinguna kom til okkar kona sem vann á sjúkrahúsinu og var móðir fullorðins einstaklings með Downs heilkenni. Hún dró á eftir sér ferðatösku með upplýsingabæklingum, bókum og alls kyns kynningarefni. Þessi kona var grjóthörð og sagði okkur að við þyrftum að halda okkur við efnið þegar ala ætti upp barn með Downs heilkenni. Það að tungan stæði út væri til dæmis bara leti foreldranna að kenna, ef þeir sinntu því ekki að koma barninu í almennilega þjálfun.

Svo sagði hún kerfið vera þungt, maður yrði sérfræðingur með tímanum og vandamálin kæmu kannski ekki fyrr en í grunnskóla. Þá réðist hvort maður kæmi barninu inn í skóla sem „leyfir“ nokkur börn með frávik eða ef við dyttum í lukkupottinn og kæmumst inn í skóla án aðgreiningar sem væru orðnir móðins í Þýskalandi. Það eru þeir skólar sem blanda öllum saman, fötluðum sem ófötluðum. Þetta virtist vera útópía, fjarlæg draumsýn.

Þó að okkur væri brugðið að heyra þessa þurru frásögn fengum við samt frábæra þjónustu það sem eftir var af verunni í Berlín. Ída fékk sjúkraþjálfun frá þriggja vikna aldri, við fengum hjálp við að fylla út alls kyns umsóknir og var raðað í hóp foreldra sem eignuðust börn með Downs heilkenni fyrri hluta ársins 2016. Í hverfinu okkar eru margir einstaklingar með Downs heilkenni, þar er meira að segja leikhús þar sem bara einstaklingar með Downs heilkenni setja upp leikrit. Samfélagið þar er þéttara, reynslan líklegast meiri og betri og fleiri sérfræðingar.

Við sjáum vissulega eftir lífinu í Berlín, við vorum nýbúin að kaupa okkur íbúð og sáum ekki fram á að flytja heim í bráð. Núna er þetta samt allt svo rétt og eðlilegt næsta skref.“

VIÐ GLEYMDUM SAMT FLJÓTT AÐ HÚN VÆRI MEÐ DOWNS, MÉR FANNST ÉG MEIRA AÐ SEGJA ÞURFA AÐ SEGJA FÓLKI ÞAÐ ÞVÍ KANNSKI SÆI ÞAÐ ÞAÐ EKKI.

**Lífið með aukalitning**

Talið er að um það bil eitt af hverjum átta hundruð börnum á Íslandi fæðist með Downs heilkennið sem orsakast af þrístæðu litnings númer 21 og því eru þessir einstaklingar með aukalitning umfram aðra. Heilkenninu geta fylgt fjölmargir gallar á líffærum og aukin tíðni á ýmsum sjúkdómum. Um helmingur barna sem fæðast með Downs heilkenni greinist með hjartagalla, það var ekki raunin í tilfelli Ídu.

„Einkenni einstaklinga með Downs eru eins fjölbreytt og fólkið er margt. Við tókum strax ákvörðun um að bera Ídu ekki saman við neitt annað barn en vissulega sá maður fljótlega mun. Fyrst um sinn sást hversu vöðvaslök hún var. Ef maður hélt á henni löfðu útlimir beinlínis niður og þegar ég fór í mömmuleikfimi og átti að halda henni fyrir ofan mig þá lúkkaði það skringilega miðað við aðrar mömmur með stinn börn.

Við gleymdum samt fljótt að hún væri með Downs, mér fannst ég meira að segja þurfa að segja fólki það því kannski sæi það það ekki. En jú, eitt sinn þegar við vorum ekki búin að umgangast hana í einhvern tíma var það okkur augljóst.

Þroski Ídu er vissulega seinkaður, hún heyrir og sér illa en því er hægt að kippa í liðinn með aðgerðum eða hjálpartækjum. Hún er rétt farin að ganga en segir ekki skiljanleg orð. Þó er hún farin að nota tákn með tali og við skiljum hana auðvitað. Hún tekur sér tíma í þroskanum og það gerir okkur kleift að njóta hvers þroskastigs betur.“

**Litla þorpið Ísland**

Tilveran tók sannarlega miklum breytingum við það flytja aftur til Íslands. Það að búa í höfuðborg Þýskalands, þar sem takturinn er hraður og allt er til, er nokkuð mikið ólíkt tilverunni á norðurhjara veraldar.

„Að fara úr þriggja milljóna borg í rúmlega 18.000 manna bæ eru viðbrigði. Og að koma aftur í þann bæ sem maður ólst upp í líka. Því á fimmtán árum gerist margt og í raun er þetta ekki sami bær. Menningin blómstrar á Akureyri, háskólasamfélagið og það er stutt í náttúruna. Ég er enn að dást að litunum, birtunni og útsýninu af kaffistofunni minni.

Það er gott að geta verið nær fjölskyldunni en líka skrýtið að geta ekki farið í búð án þess að rekast á einhvern sem maður þekkir og tekur spjallið við. Eins kósí og þorpið er þá er ósýnileiki manns í stórborg líka heillandi annað slagið.“

*En hvernig væri líf hennar í Þýskalandi, ætti hún meiri möguleika þar en hér?* „Í Berlín væri hún og fjölskyldan öll í samfélagi með öðrum einstaklingum með Downs heilkenni og fjölskyldum þeirra. Hér er hún hluti af samfélaginu og enn sem komið er er ekki neitt frekar skilgreint. Það sem heillar okkur hér á Akureyri er samheldnin í samfélaginu, að vissi leyti smæðin og staðreyndin að það vita langflestir

# ÞAÐ ER ÓÞARFI AÐ BÍÐA Í MARGA MÁNUÐI




## HJÁ OKKUR FÆST ÓDÝRT 65“ SJÓNVARP TIL AFGREIÐSLU STRAX Í DAG

# UNITED

**United LED65X18**
65“ X18 sjónvarpið frá United er flott tæki fyrir þá sem vilja stóran skjá á viðráðanlegu verði. X18 er nýjasta kynslóð sjónvarpstækja með 4K UHD 3840x2160 punkta upplausn og 3D Comb Filter ásamt 16W Virtual Surround hljóðkerfi. Með alla helstu tengimöguleika svo auðvelt er að tengja við heimabíó, leikjatölvur og fleira. Tryggðu þér eintak strax í dag.

**United sjónvörp hafa verið seld í tugþúsundavís á Íslandi í yfir 20 ár. Aðalsmerki United er hagkvæm, einföld og endingargóð tæki á góðu verði.**

**VERÐ**
**99.995**




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




MÁNUDAGA

Um **land allt**

**Kristján Már Unnarsson** ferðast vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólki í ólíkum byggðum.

365.is | 1817

MARGFALT SKEMMTILEGRI



**Ída hefur náð gífurlegum framförum með æfingum og er öll að styrkjast.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

af henni. Henni er oft heilsað úti á götu af fólki sem við könnumst ekki við. Okkur gefst tækifæri til að tala beint um fötlun hennar við samfélagið. Stundum spyrja krakkar eða öllu heldur kasta fram staðreyndum sem eru áhugaverðar. Yfirleitt nægir að segja að hún sé með fötlun eða að spyrja á móti hvort við séum ekki öll mismunandi og hvort það sé ekki bara meira spennandi heldur en ef allir væru eins.

Til lengri tíma litið þá teljum við þorpið geta alið upp betri börn."

**Litlu sigrarnir eru stærstir**

Allir foreldrar gleðjast yfir framförum barna sinna og vilja þær sem mestar. Börn með Downs heilkenni glíma við ýmislegt sem heftir þroska þeirra og því standa þau síður jafnfætis jafnöldrum sínum á ýmsum sviðum. Seinkað tal og heyrnarleysi er meðal þess sem þau þurfa að kljást við.

„Mér fannst fyrsti sigurinn vera þegar í ljós kom að hún var ekki heyrnarlaus. Síðan er þetta bara eins og með önnur börn, okkur finnst hún hrikalega klár. Gefur til kynna hvað hún vill og þó hún hafi ekki orðin þá gerir hún sig vel skiljanlega. Hún býr sjálf til tákn og við pikkum þau upp. Hún kennir okkur miklu meira en við henni. Hún hefur verið í sjúkraþjálfun mest allt sitt líf eða frá því að hún var þriggja vikna. Þá var aðallega verið að æfa augnsamband, síðar að halda höfði og áfram veginn. Í dag er hún að styrkja sig og er orðin ansi dugleg að labba."

Ída er kátur krakki, hún ærslast með systur sinni heima og vinum sínum á leikskólanum Hólmasól á Akureyri. En skyldi dagur í lífi Ídu vera eitthvað frábrugðinn en hjá öðrum krökkum?

„Aldeilis ekki, hann er eins og hjá hverju öðru leikskólabarni. Hún fer þó í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talkennslu. Ída er með aðstoð í leikskólanum en sú aðstoð miðar að því að gera hana sjálfstæðari. Hún er í góðum hóp, þær þurfa mikið að knúsast þegar þær hittast á morgnana og svo heyrum við oft kallað á eftir henni þegar við erum í búðinni. Leikskólinn ákvað að taka upp tákn með tali fyrir allan leikskólann og við erum í góðu sambandi við starfsfólkið.

Eftir leikskóla eru svo rólegheit heima, heimsóknir eða göngutúrar. Hún borðar allt í leikskólanum, heima meira brauð og grauta. Svo arkar hún hér um, helst með flugvélina eða strætóinn í eftirdragi, út um allt og upp um allt. Ída er þó búin að vera með þrálátt kvef og það er oft kallað í okkur að sækja hana fyrr á leikskólann. Hún á erfitt með að losa sig við slím og þess háttar. En eru ekki allir krakkar með kvef, líka þeir sem eru með færri litninga?"

Elín stórasystir Ídu sér ekki sólina fyrir henni og er löngu komin yfir



**„Litlu sigrarnir eru stærstir." Ída á alltaf góðar stundir í sjúkraþjálfun.**

**NÚ TIL DAGS ERU JÚ ALLIR MEÐ EINHVERJA GREININGU. UNGA FÓLKIÐ ER MJÖG MEÐVITAÐ UM JAFNRÉTTI OG ÉG TEL ÍDU Í GÓÐUM HÖNDUM HJÁ SINNI KYNSLÓÐ.**

**HÚN BÝR SJÁLF TIL TÁKN OG VIÐ PIKKUM ÞAU UPP. HÚN KENNIR OKKUR MIKLU MEIRA EN VIÐ HENNI.**

þau vonbrigði að vera ekki lengur eina barn foreldra sinna, vandi sem margir foreldrar kannast við þegar nýtt barn kemur í fjölskylduna.

„Kærleikur þeirra er einstakur. Elín sér ekkert athugavert við systur sína en við erum þó að innleiða að hún sé fötluð. Höfum reyndar alltaf talað um að Ída muni taka sér lengri tíma að þroskast og stækka og þurfi meiri hjálp við allt. Elínu finnst hún bara krúttlegasta barn í heimi og er stolt systir."

Viðhorf til fatlaðra á Íslandi hefur gjörbreyst og öll umræða um réttindi fólks hefur færst til betri vegar. Því er ekki úr vegi að spyrja hvort að það sé ekki upplifun Katrínar.

„Ég hef ekki enn þá mætt fordómum, skrýtnu augnaráði eða heyrt asnaleg komment. Mér finnst fólk almennt vera jákvætt. Eldra fólki finnst við hugrökk að vera svona opin og tala um fötlunina en ég held að þetta sé nú bara eðlilegt, hver elskar ekki að tala um börnin sín og nú til dags eru jú allir með einhverja greiningu. Unga fólkið er mjög meðvitað um jafnrétti og ég tel Ídu í góðum höndum hjá sinni kynslóð."

# Draumadagar



ÖLL SVEFNHERBERGISHÚSGÖGN
Á 20 TIL 30% AFSLÆTTI




**LOÐIN RÚMTEPPI tveir litir**
verð áður kr. 24.900
**Verð nú kr. 19.920**




## Náttborð á 20% afslætti




**MANHATTAN STÓLL með örmum**
verð áður kr. 24.900
**Verð nú kr. 19.920**




**ADELINE snyrtiborð**
verð áður kr. 79.900
**Verð nú kr. 63.920**

## Draumaveiðarar á 30% afslætti







## Púðar á 20% afslætti




## Standspeglar á 30% afslætti

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

## Venjulegt fólk

# Sagður vera njósnari

**Mahad Mahamud** var sviptur ríkisborgararétti í Noregi eftir að hafa búið þar í landi frá unglingsárum. Hann segir frá lífi sínu í nýrri vefþáttaröð, Venjulegt fólk, sem hefur göngu sína á frettabladid.is í dag.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Blaðamaður Fréttablaðsins mælti sér mót við fyrrverandi Norðmanninn Mahad Mahabi þar sem hann var í erindagjörðum í höfuðborginni.

Mahad, sem fyrir ekki svo löngu bjó í eigin íbúð í Noregi með kærustu sinni, fær nú vist í húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Hann hefur beðið Íslendinga um hjálp. Hann er ríkisfangslaus eftir að norsk útlendingayfirvöld sviptu hann ríkisborgararétti eftir sautján ára búsetu í landinu.

Mahad flúði til Noregs fjórtán ára gamall. Hann ólst upp hjá fósturfjölskyldu og fékk gott atlæti. Fljótt kom í ljós að Mahad var bæði skarpgreindur og hafði ljúfa skapgerð. Umsagnir kennara og ættingja bera þess vitni.

Lífið lék við hann. Hann varð seinna vel liðinn af vinum, nágrönnum og vinnufélögum sínum á Ullevåll-sjúkrahúsinu. Þar vann hann í sérfróðu teymi lífeindafræðinga að greiningu hættulegra veira á borð við ebólu.

Hann kom ár sinni vel fyrir borð í Noregi. Þar til að einn daginn barst nafnlaus ábending til útlendingayfirvalda í Noregi. Í ábendingunni var því haldið fram að Mahad hefði komið sem njósnari til Noregs. Hann væri ekki frá Sómalíu heldur nágrannalandinu Djibútí.

Útlendingastofnun á Íslandi hafnaði því að taka umsókn Mahads til umfjöllunar og vill senda hann aftur til Noregs samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni. Ákvörðunin var kærð og liggur nú fyrir hjá kærunefnd útlendingamála. Svartsýni gætir um framhaldið. Mál Mahads þykir hápólitískt og þeir sem næst honum standa óttast mjög að yfirvöld muni ekki þora að rugga bátnum og fara gegn ákvörðun norskra útlendingayfirvalda.

*Hvernig myndu vinir þínir lýsa þér?* „Ég á auðvelt með að eignast vini og hugsa vel um þá. Ef þú myndir spyrja vini mína og mína nánustu þá myndu þeir segja að ég væri vingjarnlegur maður með stórt hjarta."

*Hvernig var líf þitt í Noregi, áður en þú misstir ríkisborgararéttinn?* „Lífið brosti við mér. Ég var reglulega hamingjusamur maður og hafði það gott. Ég hafði allt það sem maður getur óskað sér. Ég var maður sem borgaði skatta og hafði allt sem útlendingar geta óskað sér. Svo líf mitt var hreinlega fullkomið."

*Þú fannst ástina í Noregi, er það ekki? Og átt kærustu og fjölskyldu úti?* „Já, ég á kærustu í Noregi þótt það sé erfitt núna. Ég elska Noreg, var ánægður þar og fólkið þar er frábært. Ég á fósturfjölskyldu í Noregi sem hefur hugsað um mig frá því ég kom til landsins sem barn. Ég á að kennarann minn sem ég lít á sem bróður minn í dag. Ég á einnig að aðra fjölskyldumeðlimi. Allir þessir hafa gert mig að þeim manni sem ég er í dag. Ég vil ekki missa þau."

*Og þú áttir íbúð og varst í föstu starfi?* „Já, ég átti hús. Ég var í föstu starfi og vann á Ullevåll-sjúkrahúsinu sem lífefnafræðingur og vann í teymi sem hafði það hlutverk að greina ebólutilfelli í Noregi. Ég átti góða vinnufélaga og mitt vinnuframlag var vel metið."

*Hvers vegna var ríkisborgararétturinn tekinn af þér?* „Ríkisborgararétturinn var tekinn af mér á grunni þess að það barst nafnlaus ábending. Norska ríkið valdi að treysta ábendingu sem því barst frá ókunnugri manneskju sem vildi mér ekki vel. Ríkið valdi að stóla á þessar upplýsingar sem á endanum leiddi til þess að það var úrskurðað að ég væri ekki sómalískur.

Sá sem benti á mig sagði að ég væri ekki frá Sómalíu, hann skrifaði í ábendingu sinni að ég væri njósnari sem kæmi frá nágrannalandi Sómalíu sem heitir Djibútí. Það er ekki rétt. Samt var úrskurðað um það í Noregi að ólíklegt væri að ég kæmi frá Sómalíu og líklegra væri að ég kæmi frá Djibútí. Síðar reyndist svo ómögulegt að senda mig til Djibútí því Djibútí hefur staðfastlega neitað að ég sé þaðan.

Mér finnst ég hafa verið beittur óréttlæti. Ég upplifi mig norskan, ég þekki rétt minn, ég veit hver ég er, ég er norskur Sómali. Mér finnst ríkisborgararéttur minn hafa verið tekinn af mér á hæpnum forsendum. Það eru þunn rök fyrir því að taka réttindi af fólki eftir svona langan tíma á grundvelli þess að upp er komin óvissa. Hér er verið að dæma manneskju á þeim forsendum að ríkið telur líklegt, bara líklegt, að ég sé frá Djibútí. Ég er eina manneskjan sem veit það, og get sannað það með gögnum hvaðan ég er. Sómölsk yfirvöld hafa ítrekað staðfest að ég sé þaðan. Og meira að segja þetta litla land Djibútí, sem norska ríkið vill meina að ég sé frá, það segir skýrt, Mahad er ekki héðan. Svo ég skil ekki hvers vegna ég hef misst réttindi mín.

Ég verð líka að segja þér frá því að við höfum áfrýjað þessu máli. Við höfum mótmælt niðurstöðu dómstólsins og teljum hana ranga. Og á meðan á því stendur hlýt ég að eiga minn rétt, alveg eins og glæpamenn. Þeir eru áfram þegnar samfélagsins, þeim hafa verið tryggð ákveðin mannréttindi þar til mál þeirra hafa verið leidd til lykta og endanlegur dómur liggur fyrir.

En á meðan ég bíð úrlausnar í mínu máli, þá hef ég verið sviptur ríkisborgararétti mínum, mér hefur verið eytt úr þjóðskránni, ég get ekki farið til heimilislæknisins míns, ég má ekki vinna og ég get ekki brauðfætt mig í Noregi. Og það er brot á norskum lögum.

Ég er orðinn ríkisfangslaus. Norska ríkið vill hvorki treysta gögnum frá Sómalíu né Djibútí sem styðja mál mitt. Ríkið velur að treysta nafnlausri ábendingu.



Mahad Mahamud er lífefnafræðingur og með mikla sérhæfingu í að greina ebólutilfelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **ÉG ER ORÐINN RÍKISFANGSLAUS. NORSKA RÍKIÐ VILL HVORKI TREYSTA GÖGNUM FRÁ SÓMALÍU NÉ DJIBÚTÍ SEM STYÐJA MÁL MITT. RÍKIÐ VELUR AÐ TREYSTA NAFNLAUSRI ÁBENDINGU.**

Eins og við vitum eru átök milli fylkinga í Sómalíu og þau eru ástæðan fyrir því að stríð braust út í Sómalíu. Og það er vegna átaka stríðandi fylkinga að einhver hefur viljað mér eitthvað illt. Og ríkið velur að treysta þeim sem hefur viljað koma á mig höggi."

*Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér?* „Framtíðin er óráðið spil. Grá. Ég veit ekki hvað verður og ég er í mikilli óvissu. Ég vil vinna. Ég bý að sérfræðiþekkingu sem ég vil gjarnan gera gagn með. Ég myndi fara strax til vinnu á morgun ef ég fengi leyfi frá íslenskum yfirvöldum til þess. En ég er ríkisfangslaus. Ég hélt að það væri bundið í lög að allir eigi rétt á að tilheyra landi. Noregur hefur gert mig ríkisfangslausan. Ég bið íslensk yfirvöld að taka við mér, alla vega láta mig hafa kennitölu svo að ég geti lagt mitt af mörkum og liði eins og ég tilheyri samfélaginu hér og Íslandi. Ég fæ þrjá mánuði hér, ég fæ leyfi til að æfa mig og lifa. Mér líður eins og manneskju hér og þá tilfinningu vil ég gjarna halda í, ef ég fæ leyfi. Ég biðla til Íslands að senda mig ekki til baka, á götuna í Ósló. Án vinnu, án þess að vera með þak yfir höfuðið, án þess að geta heimsótt lækni ef ég þarf. Allt í allt, Íslendingar hafa nú þegar tekið mjög vel á móti mér. En ég vil gjarnan tilheyra og vera virkur þjóðfélagsþegn."

*Segðu okkur meira um þig, hvaða áhugamál átt þú?* „Ég er mjög hrifinn af fótbolta. Ég held meira að segja með íslenska landsliðinu, það er eitt besta landsliðið í Skandinavíu. Að svona lítið land, sem rúmlega þrjú hundruð þúsund manns búa í eigi svona gott landslið í heimsklassa er ótrúlegt. Ég held með Íslandi, Spáni og Englandi í fótbolta.

Ég horfi líka á enska boltann, mér finnst gaman að fara í bíó og mér finnst gaman að fara í íslenskar sundlaugar. Þetta land er paradís á jörðinni. Þetta hef ég líka sagt við norska fjölmiðla, landslagið hér, mosinn, náttúrulaugar sem maður getur heimsótt. Ég er mikið fyrir útivist, hér er margt að sjá og hér er landslagið fjölbreytt. Mér líkar útivist og að vera í félagsskap vina."

*Ertu búinn að læra eitthvað í íslensku?* „Ég tala smá íslensku núna. Ég hef verið hér í þrjá mánuði og verð að læra íslensku. Skil smá í íslensku. Ég skil þegar íslensk börn tala íslensku því íslenska tungumálið er líkt norskunni. Þetta er eins og gömul norska, það eru 1000 ár síðan Norðmenn töluðu íslensku."

*Hvers óskarðu þér?* „Mín stærsta ósk núna er að fá leyfi til að kjósa og vera manneskja í landi. Ef ég mætti ráða einhverju núna mundi ég vilja fá kennitölu eða íslenskan ríkisborgararétt. Mín stærsta ósk er að fá að vera partur af Íslandi, það er markmiðið. Ég mun ekki bregðast. Ég mun standa mig og gera það sem ég þarf að gera."

**frettabladid.is** Horfa má á viðtalið í nýjum vefþætti, sem kallast Venjulegt fólk, á vefnum.




## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

EyeSight Driver Assist Technology

**EyeSight** öryggiskerfið er eitt það fullkomnasta sem völ er á. Það tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

SUBARU

Confidence in Motion

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

ENNEMM / SÍA / NM86477

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516




Bjarki Hólmgeir starfar sem gröfumaður hjá Ístak og er bassaleikari í hljómsveitinni Króm. Í frítíma sínum rannsakar hann mannshvörf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Rannsakar mannshvörf upp á eigin spýtur

**Bjarki Hólmgeir Halldórsson** var forvitið barn og fékk fyrst áhuga á mannshvarfsmálum þegar hann var 10 ára. Forvitnin hefur rekið hann áfram og nú ver hann frítíma sínum í að rannsaka íslensk mannshvörf og skrifa bók. Mál sem fengu litla umfjöllun sitja í honum.

Guðný Hrönn Antonsdóttir
gudnyhronn@frettabladid.is



Gröfumaðurinn og bassaleikarinn Bjarki Hólmgeir Halldórsson, alltaf kallaður Bjarki Hall, var aðeins 10 ára þegar áhugi hans á mannshvörfum kviknaði. Núna, 24 árum síðar, ver hann mestöllum frítíma sínum í bókarskrif og í að leita uppi upplýsingar um íslensk mannshvarfsmál.

Þegar blaðamaður náði tali af Bjarka, á sunnudagseftirmiðdegi, var Bjarki að glugga í málsgögn frá árinu 1994 um hvarf tveggja drengja í Keflavík. „Ég var 10 ára gamall þegar þessir drengir týndust, þeir Júlíus Karlsson og Óskar Halldórsson. Það var náttúrlega mikið fjallað um þetta í fréttum og ég var forvitið barn og spurði mikið. Og ég man að það var talað um í fréttunum að þetta væri ein umfangsmesta leit sem gerð hefði verið á týndum einstaklingi síðan Geirfinnur hvarf í Keflavík 1974,“ segir Bjarki sem kveðst hafa verið forvitið barn.

„Þá fór ég eitthvað að spyrja foreldra mína út í þetta og mamma sagði mér að Geirfinnur hefði búið í kjallaranum hjá ömmu og afa í Keflavík, á Brekkubraut 15. Og þá fékk ég fyrst áhugann á þessu.“

Það var svo fyrir rúmu ári sem Bjarki datt og fótbraut sig illa. „Ég var um tíma bundinn við hjólastól og hafði ekkert að gera. Þá gat ég fyrir alvöru farið að eyða tíma í þetta,“ segir Bjarki sem opnaði vefsíðuna mannshvorf.com og Facebook-síðuna Íslensk mannshvörf til að stytta sér stundir.

Spurður út í hvernig honum datt í hug að setja vefsíðu á laggirnar segir Bjarki: „Ég hafði áður lesið málsgögnin í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. En þegar ég var fótbrotinn fór ég aftur yfir málsgögnin og svo endurupptökuskýrslurnar með öðru hugarfari. Þegar ég fór í þetta aftur þá skráði ég hjá mér allt sem hét „aðrar ábendingar“, allt það sem sneri ekki að þeim sem voru dæmd til dæmis. Þannig vatt þetta upp á sig og ég fór að skoða önnur mannshvörf og skrá hjá mér upplýsingar.“

Forvitnin rak Bjarka áfram og áður en hann vissi af var hann kominn með stórt safn af alls konar upplýsingum. „Þá fór ég að hugsa: Til hvers er ég að þessu? Hvað á ég að gera við þetta? Þá datt mér í hug að setja upp Facebooksíðu og birta pistla þar og svo vefsíðu.“

Bjarki viðurkennir að það felist svo sannarlega mikil vinna í því að halda úti vefsíðu um íslensk mannshvörf. „Þetta er mikil vinna en ég er bara þannig gerður að ég þarf að hafa eitthvað fyrir stafni.“ Bjarki bætir við að hann sé ekki mikið fyrir sjónvarpsgláp eða tölvuleikjaspil.

Vefsíða Bjarka vakti fljótt athygli og hann fór að fá áskoranir um að gera eitthvað meira, jafnvel gefa út bók um íslensk mannshvörf. Til að byrja með hlustaði hann lítið á þær áskoranir. „Ég sá ekki fyrir mér að ég væri týpan til að setjast niður til að skrifa bók. Svo voru áskoranirnar orðnar það margar að mér fannst ég vera búinn að mála mig út í horn. Þá getur maður eiginlega ekkert gert annað en að taka af skarið.“

Núna er Bjarki langt kominn með handritið að bókinni sem kemur út 16. október. Í henni verður fjallað um 25-30 mál. „Bókin mun heita Saknað: íslensk mannshvörf frá 1930-2018. Orðið „íslensk“ leyfir mér að fjalla um bæði erlenda ríkisborgara sem hverfa á Íslandi og Íslendinga sem hverfa erlendis til viðbótar við Íslendinga sem hverfa á Íslandi.“


Willy Petersen 44 ára

**Fæddur:** 13.06.1930.

**Hvarf:** 04.09.1974.

**Sást síðast:** Óvitað.

**Lýsing/klæðnaður:** Óvitað.

SAKNAÐ

**Annað:** Hringdi í félaga sinn um miðjann dag. Þegar stutt var liðið á símtalið brutust út einhver læti í bakgrunni og símtalið slitnaði. Síðan hefur ekkert til hans spurst en til er vitnisburður um, að vitað hafi verið um ferðir hans fjórum dögum síðar eða 10.09.1974. Ókvæntur Sjómaður frá Færeyjum en hafði búið á Íslandi frá um 1960 en unnið hér vertíðarvinnu í um 10 ár þar áður. Síðast til heimilis að Hverfisgötu 16 í Reykjavík.


Kristinn Ísfeld 29 ára

**Fæddur:** 15.10.1944

**Hvarf:** 18.02.1973

**Sást síðast:** Við hús Hjálpræðishersins að Kirkjustræti 2 í Reykjavík.

**Lýsing/klæðnaður:** Óvitað

SAKNAÐ

**Annað:** Ókvæntur og barnlaus. Alinn upp á Patreksfirði. Faðerni óvitað.

### Mál sem fengu litla umfjöllun sitja í honum

Spurður út í hvort einhver mannshvarfsmál hafi sérstaklega vakið athygli hans síðan hann byrjaði að skrifa bókina Saknað segir Bjarki: „Já, það eru tvö mál sem hafa vakið mikinn áhuga hjá mér. Þetta eru mál sem fengu rosalega litla umfjöllun, það var aldrei leitað almennilega að þessum einstaklingum og eftirgrennslan var sáralítil. Það var t.d. aldrei auglýst eftir öðrum þeirra í blöðunum.

Þetta er annars vegar mál Kristins Ísfeld frá 1973. Það kemur á óvart hvað lítið var gert með það mál. Og hins vegar er það mál sem er ofboðslega dularfullt, það var færeyskur sjómaður sem hvarf hérna árið 1974, hann Willy Petersen,“ útskýrir Bjarki.

Aðspurður hvernig hann hafi farið að því að rannsaka þessi mál þegar það var lítið fjallað um þau á sínum tíma segir Bjarki: „Í seinni tíð hefur aðeins verið fjallað um hvarf Willys. Svo hef ég líka fundið upplýsingar í gegnum skrif Freyju Jónsdóttur blaðakonu. Hún var eiginlega sú fyrsta sem þorði að taka af skarið og fjalla um mannshvörf á Íslandi. Hún á mikinn heiður skilinn fyrir það. Hún fjallaði svolítið um hvarf Willys. En svo setti ég mig líka í samband við ættingja hans og hef verið að afla mér upplýsinga þannig.

Hitt málið, hvarf Kristins Ísfeld, var mál sem ég vissi ekki alveg hvernig ég ætti að snúa mér í. Hann var eina barn móður sinnar og var ófeðraður. Það var svolítil vinna að komast að því hvaða ættingjar hans væru nærtækastir. Eða hvort hann hefði yfir höfuð átt einhverja ættingja. Eftir töluverða vinnu þá fann ég ættingja sem þekktu hann og höfðu jafnvel tekið þátt í leitinni að honum. Sú leit var eingöngu, að því er virðist, framkvæmd af ættingjum. Þá fór að koma ýmislegt í ljós. Ég náði svo sambandi við menn sem höfðu verið samferða honum í skóla og fleira. Og málið er vissulega mjög dularfullt að mörgu leyti.“

Þessi tvö tilteknu mál sitja í Bjarka að hans sögn. En annars á hann erfitt með að nefna bara eitt eða tvö mannshvarfsmál þegar hann er spurður út í mál sem hafa fangað athygli hans sérstaklega. Hann tekur fleiri dæmi: „Það er eitt mál frá 1968. Þá hverfur maður í Kópavogi, Magnús Teitsson, eða Max Keil, eins og hann hét upphaflega. Svo er það Elísabet Bahr, hún hverfur árið ‘65. Hún er ein af fáum konum sem hafa horfið á Íslandi. Það er mál sem hefur ekki fengið mikla umfjöllun.“

### Engar upplýsingar frá lögreglu

Bjarki hefur rekist á nokkrar hindranir síðan hann byrjaði að skrifa Saknað. Hann hefur til dæmis gert tilraun til að fá upplýsingar um mannshvörf frá yfirvöldum en það hefur gengið illa. „Það hefur ekki gengið vel að fá upplýsingar, sem sagt einhvern lista yfir horfna einstaklinga eða annað, frá lögreglu. Þar er engin hjálp. En þetta er í ferli núna fyrir kærunefnd upplýsingamála.

Svo hefur heldur ekki hjálpað að skoða gamlar greinar sem byggja á tölfræði yfir mannshvörf á Íslandi. Eftir að hafa lagst yfir þær tölur þá kemur í ljós að þær standast ekki. Sumar tölur eru langt frá því að standast. Það segir kannski að það hafi enginn horfið eitthvert tiltekið ár en það rétta er að þá hurfu kannski tveir.“

Þegar Bjarki er spurður út í af hverju hann haldi að það séu ekki til áreiðanleg gögn yfir mannshvörf á Íslandi segir hann: „Ég vil meina að utanumhaldi um mannshvörf á Íslandi sé og hafi alltaf verið ábótavant. Og það gæti útskýrt það af hverju lögreglan hefur engar upplýsingar til að deila með mér. Víðast hvar erlendis eru þessar upplýsingar aðgengilegar á netinu, einhver listi með lágmarks upplýsingum. Í rauninni er ég sá fyrsti á Íslandi sem tekur sig til og opinberar einhvern lista,“ útskýrir Bjarki. Þess má geta að umræddan lista kallar Bjarki Horfinnamannaskrá og hann er að finna á vef hans, mannshvorf.com.

### Ættingjar horfinna einstaklinga fagna umræðunni

Bjarki vonar að bókin muni varpa nýju ljósi á einhver mál sem fjallað verður um. „Sum þessara mála líta þannig út að mögulega hafi eitthvað saknæmt átt sér stað á meðan önnur mál gætu átt sér sennilega skýringu – en hvað er sennilega skýring svo sem?

En ef einhver þarna úti ber ábyrgð á mannshvarfi þá ærir umræðan að sjálfsögðu óstöðugan. Hvort bókin verði til þess að mál upplýst eða ekki, það er önnur saga. En það eru allavega ekki minni líkur á að mál upplýsist ef umræðan er til staðar. Og þeir ættingjar horfinna einstaklinga sem ég hef talað við, þeir hafa nánast undantekningarlaust fagnað umræðunni. Sérstaklega þeir sem tengjast málum sem hafa þótt sérstaklega skrýtin.“

Að lokum vill Bjarki benda fólki á að hafi það upplýsingar um íslensk mannshvörf geti það sent honum tölvupóst á netfangið mannshvarf@gmail.com. „Alveg sama hvaða upplýsingar það eru, það er allt vel þegið. Ég hef fengið talsvert af upplýsingum í tölvupósti en það hefur enn ekkert borist sem gæti í rauninni kollvarpað einhverju máli eða upplýst eitthvað.“

# Fólk
Heilsa

LAUGARDAGUR 10. FEBRÚAR 2018



# Nýir eyrnadropar við eyrnaverk og -bólgu

Otikon eru eyrnadropar sem hreinsa eyrnamerg úr hlust, draga úr verk og styðja við meðferð við eyrnabólgu. Otikon er í úðaformi og inniheldur einungis náttúruleg efni. Hentar bæði fyrir börn og fullorðna. →2

ENZYMEDICA
Áttu við meltingar-vandamál að stríða?







habitat TEKK COMPANY
TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Framhald af forsíðu ➜

# Otikon droparnir draga úr eyrnaverk



„Otikon eyrnadropar hreinsa eyrnamerg úr hlust, draga úr verk og styðja við meðferð við eyrnabólgu,“ segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan.

Sýking í miðeyra eða miðeyrnabólga getur orsakast af stíflu í kokhlust sem tengir saman miðeyra og nefkokið. Við kvef getur stíflan valdið söfnun vökva sem getur orðið gróðrarstía og leitt til sýkingar. Þessi bólga er algengari hjá ungbörnum og börnum þar sem kokhlustin er þrengri og stíflast auðveldlega. Aðaleinkenni eyrnabólgu er verkur, sem getur verið frá vægum til óbærilegs í versta falli sem leiðir til æsings og óróa, aðallega hjá börnum. „Mikilvægt er að taka fram að eyrnaverkur gefur ekki endilega til kynna bólgu og stundum er nægilegt að eyrnagöngin séu stífluð til að valda verk, með öðrum orðum þá þarf eyrnaverkur ekki endilega að tengjast bakteríusýkingu,“ áréttar Þórhildur.

**NÝTT**

**100% náttúruleg innihaldsefni**

„Otikon eru eyrnadropar til úðanotkunar sem innihalda náttúruleg efni sem notuð eru til að hreinsa eyrnamerg úr hlustinni, draga úr eyrnaverk og styðja við meðferð við eyrnabólgu,“ segir Þórhildur.

Otikon hefur marga kosti, úðinn hjálpar til við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni á eðlilegan hátt en úðinn mýkir eyrnamerginn og smyr hlustina, hann nýtist þannig til að bæta heyrn með því að losa tappa af eyrnamerg úr hlustinni.

Úðinn þekur hlustina með olíulagi sem ver hana fyrir utanaðkomandi efnum auk þess sem úðinn getur dregið úr verkjum. Úðinn hentar börnum og fullorðnum og mikill kostur þykir hve auðveldur hann er í notkun.

Otikon fæst í næsta apóteki.




## Auðveld notkun

- 1-2 úðar í eyra, mest þrisvar á dag í 5 til 7 daga, eða þangað til einkenni lagast.
- Hristið flöskuna, réttið úr úðastútnum og setjið endann u.þ.b. ½ cm inn fyrir op hlustarinnar, úðið.
- Bíðið í hálfa mínútu og setjið lítinn bómullarhnoðra í eyrað. Eftir úðun má halla höfðinu til hliðar til að flýta fyrir að lausnin berist inn í eyrað.
- Geymið dropana á svölum stað en þá má nota í þrjá mánuði eftir opnun.

## Otikon

- Meðferð við eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu
- Hjálpar til við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni

**Úðinn hentar börnum og fullorðnum en mikill kostur þykir hve auðveldur hann er í notkun.**



> Mikilvægt er að taka fram að eyrnaverkur gefur ekki endilega til kynna bólgu og stundum er nægilegt að eyrnagöngin séu stífluð til að valda verk.

**Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan**

Tree Of Life



Otikon™
Eyrnadropar við verk og bólgu

Við eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu

- Hjálpar einnig við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni
- Hentar börnum
- Gefið sem úði, auðvelt í notkun
- 100% náttúruleg innihaldsefni
- 15 ml glas




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 ,

# Þetta litla auka sem getur hjálpað

Artasan býður fjölbreytta flóru bætiefna og náttúrulegra vara til að byggja upp heilsuna. Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan, hefur tekið saman nokkur þeirra sem geta hjálpað við hinum ýmsu kvillum.



Öll viljum við lifa sem lengst heilbrigð á líkama og sál til að geta notið þess tíma sem við höfum hér í þessari tilvist. Stundum geta bætiefni, jurtir og náttúrulegar vörur gefið okkur þetta litla auka sem þarf til að bæta heilsuna,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**HRÖNN MÆLIR MEÐ:**




## Yes sleipiefni

Fyrir meiri unað í kynlífinu. Yes er lífrænt og bæði til með olíubasa og vatnsbasa en það síðarnefnda klístrast ekki og má nota með verjum. Það hentar einnig konum með þurrk í slímhúð/leggöngum sem er m.a. þekktur fylgikvilli krabbameinsmeðferða. Yes inniheldur engin aukaefni né efni sem geta verið skaðleg fyrir slímhúðina og má nota bæði innvortis sem og útvortis.




## Femarelle

Fyrir konur sem eru að komast á breytingaskeiðsaldur eða eru að kljást við einkenni þess. Kvensjúkdómalæknar mæla í auknum mæli með Femarelle sem fyrstu meðferð gegn einkennum breytingaskeiðsins og að auki hafa klínískar rannsóknir sýnt fram á að beinþéttni eykst vegna efnasambandsins DT56a sem er í Femarelle.




## Gandur

Fyrir þurra og sprungna húð, exem og psoriasis. Handabót, Sárabót og Hælabót eru mögnuð krem og smyrsl, framleidd úr minkaolíu og handtíndum íslenskum jurtum. Minkaolían inniheldur mikið magn af ómega-7 sem er afar nærandi fyrir húðina og örvar einnig endurnýjun húðfruma. Smýgur vel inn í húðina og er einstaklega græðandi. 100% náttúrulegar vörur frá Íslandi.




## Melissa Dream

Fyrir dýpri slökun og værari svefn. Sítrónumelissa hefur verið notuð í aldaraðir til að bæta svefn og draga úr kvíða og hér er hún ásamt amínósýrunni L-theanine en rannsóknir hafa sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljóvgandi áhrif. Fátt er heilsusamlegra en góður nætursvefn.




## Hair Volume

Segir sig eiginlega sjálft. Eina varan af þessari tegund sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Kísill, bíotín, kopar, hirsi, o.fl. sér svo um að næra rætur hársins, hvetja hárvöxtinn og viðhalda eðlilegum lit. Vinsælasta varan hjá New Nordic í Evrópu og Bandaríkjunum.




## Brizo

Fyrir karla sem eiga í vandræðum með þvagblöðruna, hvort sem það eru erfiðleikar við tæmingu eða truflun á nætursvefni vegna tíðra þvagláta. Ástæðan gæti verið stækkaður blöðruhálskirtill en rannsóknir hafa sýnt að með þriggja mánaða inntöku á Brizo™ hefur blöðruhálskirtill minnkað töluvert.




## Bio Kult Candéa

Fyrir þarmaflóruna og ónæmiskerfið. Mjólkursýrugerlar ásamt hvítlauk og greipaldinkjarnaþykkni (GSE) sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður candida albicans gersveppinn. Heilbrigð þarmaflóra þýðir öflugt ónæmiskerfi.




## Digestive Spectrum

Fyrir góða meltingu og gegn fæðuóþoli. Öflug náttúruleg meltingarensím sem hjálpa til við niðurbrot fæðunnar og geta þau hreinlega gert kraftaverk fyrir þá sem þekkja og þjást af ýmsum einkennum fæðuóþols.

# Olían sem er öllum nauðsynleg

**Ómega-3 fitusýrur eru lífsnauðsynlegar og til mikillar heilsubótar. Geta minnkað líkur á hjartasjúkdómum, þunglyndi, vitglöpum og liðagigt. Finnast í ákveðnum matvælum og í formi bætiefna.**

Olíur og fitusýrur eru mishollar fyrir okkur og á meðan einhverjar þeirra teljast hreinlega skaðlegar heilsunni eru aðrar sem eru okkur lífsnauðsynlegar. Ómega-3 fitusýrur eru í flokki þeirra lífsnauðsynlegu og þurfa allir á þeim að halda. Í stuttu máli þá eru þær nauðsynlegar fyrir þroska hjarta, heila og sjónar ásamt svo fjölmörgu öðru sem bætir heilsu okkar og líðan,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

## Ómega-3 úr fiski eða plöntum

„Ómega-3 fitusýrur eru á mismunandi formi eftir uppruna þeirra. Sú tegund sem finnst í fiski inniheldur DHA- og EPA-fitusýrur og er talin hafa langmestan heilsufarslegan ávinning í för með sér. Annað form er þekkt sem ALA og finnst það í jurtaolíum, hörfræjum, valhnetum og dökkgrænum grænmetisblöðum eins og spínati. Líkaminn getur umbreytt ALA-fitusýrum yfir í EPA og DHA en í afar litlum mæli.“

## Minni bólgur og mýkri liðir

„Jákvæð áhrif ómega-3 eru að stórum hluta rakin til fjölómettuðu fitusýranna EPA og DHA sem hafa verndandi áhrif m.a. gegn hjarta- og æðasjúkdómum. Ómega-3 vinnur gegn bólgum í líkamanum, hvar svo sem þær eru og skýrir það vel þau góðu áhrif sem það hefur m.a. á liði. Húðkvillar eins og bólur og exem eru bólgutengdir og ætt allir sem stríða við þess háttar kvilla að passa upp á að fá nægilegt magn af ómega-3.“

## DHA og fósturþroski

Sífellt fleiri rannsóknir hafa leitt í ljós kosti þess að bæta ómega-3 fitusýrum inn í mataræði okkar og getur regluleg inntaka:

- Hækkað „góða“ HDL-kólesterólið
- Bætt minnið og aukið einbeitingu
- Mýkt liði og dregið úr stirðleika
- Dregið úr bólgum
- Dregið úr þurrkublettum á húð og minnkað exem
- Minnkað líkur á insúlínónæmi (sykursýki II)
- Minnkað líkur á þunglyndi
- Jafnað blóðsykurinn
- Eflt lifrarstarfsemina
- Haft góð áhrif á teygjanleika húðarinnar
- Unnið gegn öldrun



Það getur reynst erfitt að fá nægilegt magn af ómega-3 úr fæðunni. Því er hollráð að taka þessa lífsnauðsynlegu fitusýru inn í bætiefnaformi.

Rannsóknir hafa einnig beinst að DHA-fitusýrunum sérstaklega og jákvæðum áhrifum þeirra á meðgöngu, fóstur, þroska heila og taugakerfis, og ýmsa geðræna sjúkdóma.

## Fann mikinn mun á húðinni

Kristófer Fannar Stefánsson hefur alltaf stundað íþróttir af krafti og æfir nú CrossFit 5-6 sinnum í viku. Mikilli íþróttaiðkun fylgja margar sturtuferðir sem geta þurrkað húðina og hefur hann þurft að vera duglegur að bera á sig rakakrem til að halda húðinni góðri. Íþróttafélagar bentu honum á krillolíuna, hreinleika hennar og hversu öflugt ómega-3 þar er á ferð og fór hann að taka það fyrir nokkru. Kristófer fann mikinn mun á sér eftir um 1 mánuð og þá sérstaklega húðinni en þurrkurinn er alveg horfinn og rakakrem því orðin óþörf.

## Ómega-3 og húðin

„Saga Kristófers er afar áhugaverð því DHA-fitusýrur, sem eru ásamt EPA-fitusýrum í miklu mæli í krillolíunni, eru byggingarefni húðarinnar og ábyrgar fyrir heilbrigði frumuhimna sem mynda stóran hluta af húðinni,“ segir Hrönn. „Þegar frumuhimnurnar eru heilbrigðar, er húðin mjúk, rök og vel fyllt (t.d. minni hrukkur). EPA-fitusýrurnar gera einnig ýmislegt gott fyrir húðina en þær:

- Hafa áhrif á fituframleiðslu húðarinnar og rakastig
- Koma í veg fyrir oförvun á hársekkjum (sést oft á upphandleggjum)
- Geta komið í veg fyrir ótímabæra öldrun húðarinnar
- Geta komið í veg fyrir unglingabólur
- Geta verndað húðina gegn sólskemmdum

## Ómega-3 og astaxanthin

Krill eða ljósáta er lítið krabbadýr sem lifir í efstu lögum sjávar. Krill er neðst í fæðukeðjunni sem þýðir að olían sem unnin er úr því er mjög hrein. Krillolían er í perlum og hentar okkur gríðarlega vel því hún inniheldur svo kölluð fosfólípíð, fitusýrur sem gera það að verkum að olían blandast vel við vatn og upptakan verður mun betri en í venjulegum fiskiolíum. Vegna þessa er ekki hætta á að maður sé að ropa upp bragði eftir inntöku á krillolíu. Astaxanthin (rauði liturinn frá krabbadýrinu) er öflugt andoxunarefni sem er í krillolíu en það er mjög hollt fyrir okkur ásamt því að gefa olíunni mikinn stöðugleika og veita því vörn gegn þránun.



> Eftir að ég fór að taka krillolíuna finn ég mjög mikinn mun á mér og þá sérstaklega húðinni.
>
> Kristófer Fannar Stefánsson




**Krillolían er í perlum og hentar okkur gríðarlega vel því hún inniheldur svokölluð fosfólípíð, fitusýrur sem gera það að verkum að olían blandast vel við vatn og upptakan verður mun betri en í venjulegum fiskiolíum.**


Magnesíum flögur
Frábært í baðið og fótabaðið
Fyrir svefninn og við fótaóeirð
Fyrir alla
Fyrir íþróttafólk og þá sem stunda mikla hreyfingu



# GLAMOUR.*is*




**KOMDU Í ÁSKRIFT Á GLAMOUR.IS**



Vertu með puttann á púlsinum og fylgstu með Glamour á netinu og á samfélags-miðlum.

**TÍSKU-FRÉTTIR** *á hverjum degi*





**Á VEFSÍÐU GLAMOUR** má finna fréttir úr tísku- og snyrtivöruheiminum, myndaþætti og áhugaverðar umfjallanir.



FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUNUM

Facebook – Glamour Iceland
Instagram – @glamouriceland #glamouriceland
Twitter – @glamouriceland #glamouriceland
Snapchat – Glamour Iceland



Arndís Hrönn Egilsdóttir drekkur sterkt kaffi og mikið af því enda hefur hún ekki trú á meinlæti þegar kemur að heilsu. MYND/ANTON BRINK


HALLAS




Fyrir alla þá sem standa að björgun á Íslandi !

Verðum við með kynningu á nýjum léttum sjúkrabörum
**13. febrúar kl. 20 í sal Ferðafélags Íslands í mörkinni 6, 108 Reykjavík**

Skráning á Facebook síðu hallas ehf
www.facebook.com/hallas.is



Ekki kvefast á skíðum






**PreCold® getur komið í veg fyrir kvef og stytt kveftíma um allt að helming.**

PreCold® má nota fyrirbyggjandi eða þegar kvefeinkenna verður fyrst vart. PreCold® er auðvelt í notkun, hefur skjóta verkun og hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.

Fæst í apótekum og Fríhöfninni - **www.precold.is**

ZYMETECH

Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000


# Flamenco fyrir líkama og sál

**Arndís Hrönn Egilsdóttir leikkona leikur nú í sýningunni Lóaboratoríum í Borgarleikhúsinu en að því loknu liggur leiðin í Búðardal þar sem hún tekst á við aðalhlutverk í nýrri kvikmynd. Hún hugar að heilsunni með ýmsum hætti en án þess þó að það haldi fyrir henni vöku.**


**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is




Arndís segist starfs síns vegna vera meðvituð um mataræði og hreyfingu en að allt sé best í hófi. „Ég reyni að sneiða sem mest hjá hveiti og sykri en borða samt stundum pasta enda finnst mér barbarismi og kúltúrleysi að sleppa alveg spaghetti. Og ég drekk mikið af sterku kaffi. Helst vil ég fá mér góðan espresso en ef ég fer á kaffihús fyrripart dags þá fæ ég mér oft tvöfaldan espresso macchiato.“

Arndís man ekki til þess að hafa tekið þátt í einhvers konar múgæsingu þegar kemur að tískusveiflum í mataræði. „Það er nóg fyrir mig að tala svolítið um hvað nýjasti kúrinn er sniðugur þá finnst mér eins og ég hafi byrjað á honum. En ég á reyndar alltaf dálítið erfitt með of mikla hreintrúarstefnu. Ég viðurkenni þó að Miðjarðarhafsmataræði hentar mér nú bara vel og best er að vera stödd við Miðjarðarhafið á meðan það er ástundað.“

Aðspurð hvort það sé einhver freisting sem hún geti ekki staðist segir hún svo vera. „Ég segi aldrei nei ef mér er boðið upp á crème brûlée eða glas af Chablis.“

Arndís stundar hreyfingu eins og hún getur enda segir hún mikilvægt í hennar starfi að þjálfa líkamann og hafa sæmilega líkamsvitund. „Ég held það sé lykilatriði að finna hreyfingu sem kveikir í manni hvort sem það er dans, jóga, Pilates eða bara góður göngutúr meðfram sjónum. Ég fer tvisvar í viku til Agnesar Kristjónsdóttur í World Class og lyfti lóðum. Það er algjörlega dásamlegt og nauðsynlegt fyrir manneskju eins og mig með engan sjálfsaga og athyglisbrest þegar kemur að líkamsræktartækjum. Svo reyni ég að fara einu sinni til tvisvar í viðbót annaðhvort í einhverja brennslu eða í jóga. Svo var ég á tímabili í flamenco hjá Alexöndru í Kramhúsinu. Ég var að fíla það mjög vel en ég get ekki verið með núna út af vinnu. Og sakna þess en stefni að því að gera aðra tilraun síðar. Hollt bæði fyrir hollninguna og heilann.“

> **Það er nóg fyrir mig að tala svolítið um hvað nýjasti kúrinn er sniðugur þá finnst mér eins og ég hafi byrjað á honum.**

Arndís leikur um þessar mundir í leikritinu Lóaboratoríum eftir Lóu Hjálmtýsdóttur sem er þekkt fyrir beinskeyttan húmor sem margir þekkja úr teiknimyndasögum hennar. „Kolfinna Nikulásdóttir leikstýrir verkinu og fullt af fleiri snillingum koma við sögu. Verkið fjallar um fjórar mjög misstarfhæfar konur í tveimur íbúðum sem þurfa að þola hver aðra. Ég leik Stellu sem er frekar rauðvínsleginn bókaútgefandi sem heldur að hún sé enn þá svaka pæja í stuttum hlébarðakjól og reynir við pitsusendla í frístundum. Hinar leikkonurnar í verkinu eru Elma Lísa Gunnarsdóttir, María Heba Þorkelsdóttir og Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir, vinkonur mínar og samstarfskonur til margra ára.“

Lóaboratoríum er sýnt í Borgarleikhúsinu og aðeins í skamman tíma en það er sýning í kvöld, laugardagskvöld. En hvað tekur við hjá Arndísi að sýningum loknum? „Í lok febrúar er stefnan tekin í Búðardal en þá hefjast tökur á Héraðinu, nýjustu mynd Gríms Hákonarsonar. Myndin fjallar um Ingu sem ég leik sem missir manninn sinn og þarf að takast á við alls kyns erfiða hluti og berjast fyrir tilveru sinni. Ég hlakka mikið til.“

ÍSLENSKA SIA.IS ITS 87403 02/18




## Forstöðumaður þjálfunardeildar

**Icelandair leitar að forstöðumanni fyrir þjálfunardeild rekstrarsviðs. Deildin er ný innan fyrirtækisins og sameinar þjálfunardeildir flugrekstrarsviðs, tæknisviðs og flugafgreiðslu.**

Starfið felst meðal annars í því að sameina og samræma þjálfunardeildirnar og að sjá um teymi sem skipuleggur og skrásetur kennslu. Starfið felur einnig í sér mikið samstarf við aðra forstöðumenn að uppbyggingu og framkvæmd þjálfunar starfsmanna á rekstrarsviði.

**HELSTU VERKEFNI:**

- Samþætting og samruni núverandi þjálfunardeilda.
- Þróun og stefnumótun þjálfunarmála.
- Yfirsýn yfir mannauð þjálfunardeildar og menningu.
- Umsjón með vinnu fagráðs (sérfræðinga sem velja kennsluefni).
- Framþróun og nýsköpun í kennslumálum.
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaragráða er kostur.
- Stjórnunarreynsla er mikill kostur.
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar.
- Þekking á flugmálum og/eða reynsla af þjálfunarmálum í flugrekstri er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Metnaður fyrir öryggismálum.
- Jákvætt viðhorf, opið hugarfar og ríkulegir samskiptahæfileikar.

Í kjölfar umtalsverðra skipulagsbreytinga hjá fyrirtækinu hefur skapast tækifæri til að samþætta kennslustarfsemi þriggja meginstoða rekstrarsviðs. Í þessu felast bæði áskoranir og tækifæri til að nýta það besta sem hver kennsludeild hefur gert, sameina kerfi og utanumhald og tryggja metnaðarfulla og framsækna kennsluhætti. Leitað er að öflugum stjórnanda sem getur nýtt þetta tækifæri og skapað nýja og sterka heild úr þeim einingum sem fyrir eru.

Á rekstrarsviði starfa yfir þrjú þúsund manns sem allir þurfa mismunandi þjálfun tengda störfum sínum.

Vinnustaður er í þjálfunarsetri Icelandair í Hafnarfirði og heyrir starfið undir framkvæmdarstjóra Rekstrarsviðs (COO).

---

## Forstöðumaður Operations Support

**Icelandair leitar að forstöðumanni fyrir Operations Support á rekstrarsviði. Deildin er ný og innan hennar eru ýmsar stoðeiningar fyrir flug-, tækni-, flugafgreiðslu- og stöðvarekstur félagsins.**

Deildin mun meðal annars hafa umsjón með 24 tíma stjórnstöð leiðakerfis (e. Network Control Center), verkefnastofu, greiningum og mælikvörðum, stöðugum umbótum og nýsköpun ásamt fleiri tilfallandi verkefnum. Líklegt er að verkefnum deildarinnar fjölgi með tímanum.

Starfið felst bæði í stjórnun og stefnumótun hinnar nýju deildar auk þess að vera framkvæmdastjóra og forstöðumönnum innan handar með samþættingu, umbótaverkefni og nýsköpun á rekstrarsviði.

**HELSTU VERKEFNI:**

- Dagleg stjórnun og skipulag Operations Support.
- Þróun og nýsköpun í rekstri og skipulagi þvert á rekstrarsvið.
- Umsjón og stuðningur við forstöðumenn og framkvæmdastjóra við stefnumótun og rekstur.
- Yfirsýn yfir mannauð og menningu Operations Support.
- Gerð og innleiðing greiningartóla og mælikvarða fyrir lykilmarkmið rekstrarsviðs.
- Stjórn verkefna þvert á sviðið við rekstur og umbætur.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verk- eða viðskiptafræði, meistaragráða er æskileg.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar.
- Góð greiningarhæfni og skilningur á rekstri og skipulagi.
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Metnaður fyrir öryggismálum.
- Jákvætt viðhorf, opið hugarfar og ríkulegir samskiptahæfileikar.

Nýlegar skipulagsbreytingar hjá Icelandair og nánari samþætting á starfsemi á rekstrarsviði kallar á öflugan stuðning við starfsemina þvert á starfseiningar rekstrarsviðs. Í mörgum starfseiningum sviðsins er um að ræða mikla skipulags- og bestunarvinnu. Ætlunin er að byggja upp sameiginlega þekkingu á slíkum aðferðum sem nýst getur starfseiningum Operations Support.

Vinnustaður er á aðalskrifstofu Icelandair í Reykjavík og heyrir starfið undir framkvæmdarstjóra Rekstrarsviðs (COO) en töluverð vinna mun fara fram á starfsstöðvum í Hafnarfirði og Keflavík

---

\+ **Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 25. febrúar 2018.**
Upplýsingar um fleiri spennandi störf hjá okkur má finna á www.icelandair.is/umsokn

**Nánari upplýsingar veita:**
Jens Þórðarson | framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs | jensth@icelandair.is
Elísabet Helgadóttir | framkvæmdastjóri Mannauðssviðs | elisabeth@icelandair.is

ICELANDAIR

DISTICA

Jafnlaunaúttekt PwC

2013 2017 Framúrskarandi fyrirtæki

# Hefur þú skýra sýn á þjónustu?

Distica óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan **deildarstjóra viðskiptaþjónustu** sem hefur sýn og getu til að leiða þjónustumál fyrirtækisins inn í framtíðina.

Við leitum að dugmiklum leiðtoga sem hefur til að bera frumkvæði, yfirsýn og áhuga á að reka öfluga deild og sinna krefjandi verkefnum. Deildarstjórinn tilheyrir stjórnendahópi félagsins og heyrir beint undir framkvæmdastjóra Distica.

### HELSTU VERKEFNI

- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og starfsmannamálum viðskiptaþjónustunnar
- Skipulag deildarinnar og stefnumótun til framtíðar
- Dagleg samskipti við viðskiptavini
- Verkefnastýring og framkvæmd umbótaverkefna
- Ábyrgð á gæðastjórnunarkerfi og árangursmælikvörðum deildarinnar
- Virk þátttaka í framkvæmdastjórn Distica
- Gerð og ábyrgð á rekstraráætlunum

### HÆFNI OG REYNSLA

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Afburða hæfni í samskiptum
- Reynsla af þjónustustjórnun og rafrænum / sjálfvirkum þjónustuferlum
- Reynsla af innleiðingu og umbótum ferla m.t.t. rafrænna lausna er mikill kostur
- Reynsla af stjórnun og starfsmannamálum er skilyrði
- Góð þekking á Navision og færni í notkun upplýsingakerfa
- Þekking á gæðastjórnunarkerfum og verkefnastjórnun er æskileg
- Þekking á heilbrigðismarkaði er æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2018 og eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum ráðningarvef Distica www.distica.is

Umsókninni skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur hvers vegna viðkomandi sækir um starfið.

Nánari upplýsingar veita

Gylfi Rútsson framkvæmdastjóri s. 665 7514 og

Pétur Veigar Pétursson starfsmannastjóri s. 897-1626

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum verður svarað.

Distica sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur og hefur verið í fararbroddi á sínu sviði í rúmlega 50 ár. Fyrirtækið er með um 70% af lyfjadreifingu á Íslandi auk þess sem það sinnir dreifingu á rannsóknartækjum, rekstrarvörum og fleiru til sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila, tannlækna og dýralækna.
Distica sinnir einnig dreifingu á neytendavörum til verslana.

GILDI DISTICA ERU

ÁREIÐANLEIKI HREINSKIPTNI FRAMSÆKNI

## Verkefnastjóri á framkvæmdadeild

**Kópavogsbær auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra á framkvæmdardeild Kópavogs**. Framkvæmdadeild annast allan undirbúning og framkvæmdir við nýjar götur, endurgerð eldri gatna, veitur og húsbyggingar, svo sem skóla, leikskóla og íþróttamannvirki í eigu Kópavogsbæjar.

Helstu verkefni verkefnastjóra á framkvæmdadeild snúa að undirbúningi framkvæmda, þarfagreiningu, hönnun, útboðum og samskiptum við verktaka og eftirliti. Einnig skal hann veita ráðgjöf um efisval og búnaðarkaup við framkvæmdir.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðu starfsumhverfi hjá framsækinu sveitarfélagi sem er í mikilli uppbyggingu. Starfið býður upp á mikla möguleika og fjölbreytni fyrir öfluga verk- eða tæknifræðinga.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Reynsla og þekking af verkefnastjórnun
- Reynsla af hönnunarstjórnun bygginga, gatna og veitna æskileg
- IPMA vottun æskileg
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikrar nauðsynlegir
- Gott vald á íslensku rituðu og töluðu og hæfni til að tjá sig.
- Þekking á skjalavistunarkerfi æskileg

**Frekari upplýsingar**

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2018. Upplýsingar veitir Stefán Lofur Stefánsson, deildarstjóri framkvæmdardeildar, í síma 441-0000 eða í tölvupósti **stefan@kopavogur.is**

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.**

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

## Sparisjóður Suður-Þingeyinga á Húsavík leitar að þjónustustjóra

**Helstu verkefni:**

- Veita viðskiptavinum ráðgjöf vegna lántöku og annarrar þjónustu sparisjóðsins
- Mat á lánaumsóknum, skjalagerð og gerð greiðslumata
- Áætlanagerð og eftirfylgni þjónustuþátta
- Aðstoð við aðra starfsmenn og afleysingar eftir þörfum
- Fylgjast með breytingum á lögum og reglum á fjármálamarkaði

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, drifkraftur, sveigjanleiki og heilindi
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum
- Nákvæmni í starfi og skipulagni í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og tölvukunnátta
- Reynsla af vefumsjón og kynningarmálum er kostur

**Nánari upplýsingar:**

**Gerður Sigtryggsdóttir**
sparisjóðsstjóri
s. 464 6208,
gerdur@spthin.is

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá óskast sendar til gerdur@spthin.is

**Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2017**

Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses er sjálfseignarstofnun með ríka samfélagslega ábyrgð. Hlutverk sparisjóðsins er að stunda sjálfbæra svæðisbundna fjármálastarfsemi á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar, starfsemi sem stendur vörð um og þróar atvinnulíf, mannlíf og velferð svæðisins.

SPARISJÓÐUR Suður-Þingeyinga

Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses. | Húsavík, Laugum, Mývatnssveit | sími 464 6200 | spthin@spthin.is | www.spthin.is

## Rafkaup leitar að
# sölu- og markaðsstjóra

**Helstu verkefni**
- Stýra sölu og markaðsmálum
- Áætlanagerð ásamt eftirfylgni
- Samskipti við erlenda birgja
- Sjá um tilboðsgerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stýringu sölu og markaðsmála
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á stafrænni markaðssetningu

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til *atvinna@rafkaup.is* **fyrir 20. febrúar**. Fullum trúnaði er heitið.

Rafkaup hf er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði, ljósaperum og innlagnaefni.

Markmið Rafkaups er að vera ávallt í fremstu röð varðandi þjónustu og markaðssetningu á þeim vörum og vörumerkjum sem fyrirtækið selur og er umboðsaðili fyrir.

Rafkaup var stofnað árið 1982.

**Rafkaup**
Ármúli 24 • rafkaup.is

# Verkefnastjóri

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Fljótsdalshérað auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra við innleiðingu nýrrar persónuverndarlöggjafar. Um er að ræða 100% tímabundið starf til ársloka 2018. Verkefnastjóri mun heyra undir bæjarstjóra.

Umsóknarfrestur
**23. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6372**

Starfssvið
- Gerð og skráning verkferla með stoð í lögum, reglugerðum og GDPR
- Greining og meðferð persónuskjala hjá sveitarfélaginu
- Umsjón með gerð gæðahandbókar
- Samskipti og samvinna við þjónustuaðila og önnur sveitarfélög
- Vinna við vinnsluskrár og skoðun vinnslusamninga
- Aðstoð við samræmingu aðgerða milli stofnanna
- Innleiðing og fræðsla til starfsfólks og skipulagning hennar
- Upplýsingagjöf, eftirfylgni og eftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, lögfræði er kostur
- Yfirgripsmikil þekking á persónuverndarlögum og nýrri löggjöf
- Reynsla af verkefnastjórnun, gerð og skráningu verkferla
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur
- Reynsla af skjalavistunarkerfum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði
- Rík þjónustulund og sveigjanleiki

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð formlega til sem stjórnsýslueining 1. nóvember árið 2004. Sameiningar sveitarfélaga höfðu áður orðið á Héraði í lok 10. áratugar síðustu aldar, en þá sameinuðust Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur og Tunguhreppur og til varð sveitarfélagið Norður-Hérað. Einnig höfðu Egilsstaðabær, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá sameinast í sveitarfélagið Austur-Hérað. Þessi tvö sveitarfélög, ásamt Fellahreppi sameinuðust svo í Fljótsdalshérað.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Reykjanesbær
# Skólastjóri Holtaskóla

REYKJANESBÆR
*Tími til að lifa og njóta*

Reykjanesbær auglýsir starf skólastjóra í Holtaskóla. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, framsækna skólasýn og er tilbúinn að leiða skólann inn í framtíðina.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. maí 2018.

Umsóknarfrestur
**26. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6373**

Starfssvið
- Veita skólanum faglega forystu.
- Móta framtíðastefnu skólans innan ramma laga og reglugerða, í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og menntastefnu Reykjanesbæjar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Þekking og færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfileikar.
- Frumkvæði, sjálfstæði og góð skipulagshæfni.

Holtaskóli er heildstæður 450 barna grunnskóli. Kjörorð skólastarfsins eru virðing, ábyrgð, virkni og ánægja. Þau eru höfð að leiðarljósi við öll störf sem aðilar skólasamfélagsins koma að. Í skólanum er unnið eftir hugmyndafræði PBS um heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun. Holtaskóli hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki og er stöðugleiki í starfsmannahaldi. Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn að viðhalda góðum skólabrag og hafi ánægju af því að vinna með nemendum, starfsfólki og foreldrum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent




RARIK

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu á raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.*

*RARIK hefur á undanförnum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 60% þess er jarðstrengir.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.rarik.is***

## Umsjón með sölumælum

RARIK óskar eftir að ráða öflugan aðila í umsjón með sölumælum. Næsti yfirmaður er deildarstjóri orkumælinga. Starfsstöðin er í Reykjavík.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Utanumhald með sölumælum RARIK
- Umsjón með sendingum til og frá mælalager
- Vinna við skráningar í tengslum við mælasafn
- Þátttaka í rekstri mælasafns
- Vinna við fjarálestrakerfi RARIK
- Dagleg samskipti við mælaumsjónarmenn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði rafiðnaðar
- Reynsla af tölvuvinnu
- Nákvæm vinnubrögð
- Geta til að vinna sjálfstætt

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

*Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar 2018. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511-1225***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Rio Tinto




# Sumarstörf í Straumsvík

## Við leitum að öflugu starfsfólki í fjölbreytt sumarstörf hjá Rio Tinto á Íslandi hf. sem rekur álverið ISAL í Straumsvík.

- » **Kerskáli, steypuskáli, skautsmiðja og efnisvinnsla**
- » **Rannsóknarstofa**
- » **Framleiðsluskipulag, öryggisdeild, birgðahald og innkaup**
- » **Verkstæði**
- » **Ýmsir aðrir vinnustaðir**

Hjá Rio Tinto er aðallega unnið á þrískiptum eða tvískiptum vöktum en einnig í dagvinnu. Öll störf henta jafnt körlum og konum. Lögð er rík áhersla á öryggismál starfsmanna og markvissa þjálfun í upphafi starfstíma.

**Hæfniskröfur:**

- » **18 ára og eldri**
- » **Bílpróf er skilyrði og lyftarapróf er kostur**
- » **Sterk öryggisvitund**
- » **Stundvísi, frumkvæði og nákvæmni**
- » **Þarf að gangast undir læknisskoðun og standast lyfjapróf**
- » **Hreint sakavottorð**
- » **Iðnmenntunar er krafist í störf á verkstæði eða að viðkomandi sé í iðnnámi**

Sumarstörf eru á tímabilinu 15. maí til 1. september eða eftir samkomulagi. Umsóknum skal skilað á **www.riotinto.is.**

## Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar.

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og umhverfi sem hvetur til góðrar frammistöðu. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Áhersla ISAL á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál er forsenda framúrskarandi árangurs. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Gildi ISAL eru ábyrgð, samvinna, heilindi og virðing.

**Rio Tinto**
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
**www.riotinto.is**

JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

## Sölumaður í skartgripaverslun

**Í boði er:**
- 70-100% starfshlutfall
- föst laun plús sölutengd laun
- krefjandi sölu- og þjónustustarf með spennandi vöru

**Við leitum að einstaklingi sem...**
- er jákvæður og brosmildur
- hefur ríka þjónustulund
- á gott með mannleg samskipti
- er heiðarlegur og samviskusamur
- er a.m.k. 20 ára

**Reynsla af sölu/þjónustustörfum er kostur.**

Byrjað verður strax að vinna úr umsóknum og eru áhugasamir hvattir til að sækja um sem fyrst.

Jón og Óskar er ein stærsta úra- og skartgripaverslun landsins og rekur verslanir við Laugaveg, í Smáralind og Kringlunni. Við sérhæfum okkur í sölu á vönduðum skartgripum og úrum og leggjum okkur fram við að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.Gildin okkar eru þjónustulund og fagmennska. Við leggjum áherslu á skemmtilegt starfsumhverfi og metnað til árangurs.

Vinsamlegast sendið ferilskrá með umsókn á **info@jonogoskar.is**

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

**JOB REFERENCE 03/2018**

**Deadline for applications:**
4 March 2018

**Start date:**
To be agreed

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs 75 staff members of 16 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

## Officer, Chief Economist Team, Competition and State Aid Directorate

ESA is recruiting an Economist for its Competition and State Aid Directorate (CSA).

CSA is a multi-disciplinary team comprising both economists and lawyers and enforces the competition and state aid rules of the EEA Agreement. These rules largely mirror the competition rules in the EU, both with regard to antitrust and state aid control. In the field of competition, the bigger share of CSA's work is focused on cases of abuse of dominance. In state aid, CSA's portfolio is broad and diverse.

The successful candidate will work within a small team co-ordinated by the Chief Economist and will report to the Director of CSA. They will be responsible for ensuring a high standard of economic reasoning and analysis in the state aid and competition cases dealt with by ESA.

ESA is looking for a person with a solid academic record and practical experience in the application of financial economics and/or industrial organisation, e.g. in the fulfilment of advisory or analytical functions in state aid and/or competition cases and policy. Knowledge of the application of economics in a regulatory environment, particularly in the field of electronic communications, would also be desirable.

For full details of this position and to apply please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

# WOW HVAÐA LEIÐ ERT ÞÚ?

Viltu vinna hjá framsæknu flugfélagi með stórskemmtilegu samstarfsfólki? Kynntu þér málið á **wowair.is/starf**



WOW air

WOWAIR.IS | STARF@WOW.IS

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

**Lífeyrissjóðurinn** var stofnaður 1. febrúar 1956 á grundvelli kjarasamninga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Sjóðurinn er stærsti lífeyrissjóður á almennum vinnumarkaði. Eignir hans nema um 665 milljörðum króna. Um 52 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á liðnu ári og lífeyrisþegar eru rúmlega 16 þúsund. Á skrifstofu sjóðsins starfa 40 starfsmenn.

# Bókhald og viðskiptafrágangur

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða starfsmann í bókhald og viðskiptafrágang (bakvinnslu verðbréfaviðskipta)

Viðkomandi mun starfa við bókhald sjóðsins, hafa umsjón með frágangi viðskipta í eignastýringu og annast undirbúning þeirra gagna fyrir bókhald auk annarra tilfallandi verkefna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun æskileg
- Haldgóð starfsreynsla af bakvinnslustörfum á fjármálamarkaði
- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Skipulögð og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta, m.a. Excel
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Upplýsingar veitir:**
**Inga S. Arnardóttir**
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# ERTU DRÍFANDI

## OG MEÐ REYNSLU OG MENNTUN Á SVIÐI VIÐHALDSFRAMKVÆMDA?

*Viðhaldsdeild Landspítala auglýsir laust til umsóknar starf rekstrarstjóra í Fossvogsumdæmi.*

*Rekstrarstjóri fasteigna er yfirmaður teymis iðnaðarmanna á viðhaldsdeild Landspítala og ber ábyrgð á daglegum rekstri einingar í samræmi við stefnu og gildi Landspítala.*

**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar 2018.**
**Nánari upplýsingar er að finna á www.landspitali.is/mannaudur**

LANDSPÍTALI

UMHYGGJA ▪ FAGMENNSKA ▪ ÖRYGGI ▪ FRAMÞRÓUN

# Sjónfræðingur

**Laust er til umsóknar 100% starf sjónfræðings hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu**

**Helstu verkefni:**

- Mæla sjónlag og sjóngetu.
- Mat á þörf á sjónhjálpartækjum.
- Fræðsla og upplýsingar um sjón og sjónskerðingu.
- Úthlutun sjónhjálpartækja, kennsla í notkun og meðhöndlun þeirra.

**Hæfniskröfur:**

- Hafa lokið háskólanámi í sjónfræði eða sambærilegt nám.
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.
- Eiga auðvelt með að vinna í teymi

**Frekari upplýsingar um starfið:**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Miðstöðin hvetur jafnt karla sem konur til að sækja um þessa stöðu. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar 2018** og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst eða skv. nánara samkomulagi.
Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið estella.bjornsson@midstod.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðstöfun starfsins liggur fyrir. Miðstöðin áskilur sér rétt að hafna öllum umsóknum. Nánari upplýsingar veitir Estella D. Björnsson í síma 545 5800.

SPECIAL TOURS — Reykjavík RÖST — WHALES OF ICELAND



# Markaðsstjóri

**Special Tours er ört vaxandi fyrirtæki í ferðaþjónustu sem sérhæfir sig í siglingum út á Faxaflóa frá Gömlu Höfninni í Reykjavík allt árið um kring.**

Hjá fyrirtækinu starfa allt að 60 manns og er mikil áhersla lögð á fagleg vinnubrögð, persónulega þjónustu og umhverfisvernd.

Special Tours og dótturfélög leita eftir öflugum markaðsstjóra í fullt starf í okkar frábæra sölu- & markaðsteymi. Þetta er krefjandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling sem mun sjá um skipulagningu og áætlanagerð markaðsaðgerða ásamt framkvæmd og eftirfylgni. Við höfum mikinn áhuga á einstakling sem hefur reynslu af svipuðu starfi, er vanur að vinna sjálfstætt og er ekki hræddur við að velta upp nýjum og framandi hugmyndum.

**Helstu verkefni**

- ✓ Áætlunargerð & eftirfylgni í markaðsmálum
- ✓ Gerð markaðsefnis og samskipti við hönnuð, prentstofur ofl.
- ✓ Yfirumsjón með netmarkaðssetningu (Google, Samfélagsmiðlar o.fl.)
- ✓ Skipulagning á viðburðum og almenn kynningarmál
- ✓ Ýmis önnur tilfallandi verkefni í sölu- og markaðsteymi

**Umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi sendist á cv@specialtours.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar**

**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- ✓ Háskólapróf í markaðs- eða viðskiptafræði
- ✓ Reynsla af markaðs- og sölumálum
- ✓ Góð almenn tölvukunnátta og þekking á hugbúnaði tengdum markaðsmálum (MS Office, Google Analytics, Google AdWords o.s.frv.)
- ✓ Reynsla af markaðssetningu á samfélagsmiðlum
- ✓ Góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- ✓ Afburðarhæfni í ensku, rituðu og töluðu máli.

**www.specialtours.is**

# Sérfræðingur í skyndihjálp

Rauði krossinn á Íslandi auglýsir eftir sérfræðingi í skyndihjálp í 100% starf. Starfsstöð er á landsskrifstofu Rauða krossins, Efstaleiti 9 í Reykjavík.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með þróun og útgáfu námsefnis og námskeiða í skyndihjálp
- Umsjón með menntun leiðbeinenda í skyndihjálp
- Samskipti við samstarfsaðila innanlands og erlendis á sviði skyndihjálpar
- Þátttaka í innlendu og erlendu hjálparstarfi Rauða krossins

**Hæfni- og menntunarkröfur**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða menntavísinda
- Víðtæk reynsla og áhugi á skyndihjálp
- Mikil samskiptahæfni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tileinka sér mismunandi tölvukerfi

› **Vinsamlega sendið umsókn** á netfangið **starf@redcross.is** fyrir **17. febrúar 2018**. Nánari upplýsingar veitir Jón Brynjar Birgisson, sviðsstjóri innanlandssviðs, á jon@redcross.is.

RAUÐI KROSSINN — ICELANDIC RED CROSS

SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

*Á Sólheimum í Grímsnesi búa að jafnaði yfir eitthundrað manns og eru starfsmenn Sólheima um fimmtíu talsins. Hlutverk Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag, byggt á kristnum gildum og hugmyndum mannspeki, sem veitir íbúum tækifæri til að vaxa, þroskast og vera virkur þátttakandi.*
*Starfsemi Sólheima og aðstaða er sniðin að því að þjóna fólki með þroskahömlun sem býr yfir starfsgetu.*
*Gildi Sólheima eru; kærleikur, fagmennska, sköpunargleði og virðing.*

## Forstöðumaður mannauðs og rekstrar

**Starfssvið**

- Stjórnun og dagleg framkvæmd mannauðsmála
- Ábyrgð á mótun og framkvæmd starfsmannastefnu
- Ráðgjöf og stuðningur við forstöðumenn
- Ábyrgð á gæða-, ferla og fræðslumálum
- Ráðningar og móttaka nýliða
- Mótun og eftirfylgni launastefnu
- Samskipti við stéttarfélög, þátttaka í samningagerð og túlkun kjarasamninga
- Umsjón með samstarfi við þjónustuaðila og almenn skrifstofustörf

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á mannauðsmálum mikilvæg
- Góð samskipta- og samstarfshæfni mikilvæg
- Metnaður til að ná árangri og öguð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti æskileg
- Jákvæðni og áhugi á því að starfa í anda gilda Sólheima

**Um 100% starf er að ræða.**
**Leiguhúsnæði er í boði og æskilegt að viðkomandi hafi búsetu á staðnum eða á svæðinu.**

Umsókn með ferilskrá og kynningarbréfi sendist á radningar@solheimar.is fyrir **19. febrúar n.k.**
Upplýsingar veitir Auður Finnbogadóttir, audur.finnbogadottir@solheimar.is

# ARE YOU IT?



# Marel is looking for IT specialists

## SERVICEMAX SPECIALIST

**We seek a proactive, service-oriented specialist to work with the ServiceMax program running on the Force.com platform. Your main role will be servicing international customers and managers as well as participating in various projects on a global scale.**

**Main tasks:**
- Developer with ServiceMax experience in Apex, Visualforce and integration to other systems
- Create and maintain technology strategy and roadmaps for sales and service domains
- Manage the development lifecycle
- Service and user assistance and training

**Job requirements:**
- A degree in computer science or equivalent
- Knowledge of Apex, Visualforce, HTML, REST, SOAP and SQL
- Good knowledge of Java is an advantage
- Experience with the Force.com environment preferable
- Excellent English skills, both written and verbal

## SHAREPOINT SPECIALIST

**We seek a SharePoint Online (365) developer who knows how to follow through and maintain an overview of their projects. Your main responsibilities will be to transfer solutions from SharePoint 2013 to the SP online version and manage and maintain them in 365.**

**Main tasks:**
- Service customers and managers
- Participate in international projects
- Customize solutions based on standard functionality
- Use HTML, CSS and SharePoint development strategies to provide solutions

**Job requirements:**
- A degree in computer science or equivalent
- SharePoint 2013 or SharePoint Online expert developer
- Knowledge of HTML, CSS, JavaScript, JQuery, ASP, .NET and C#
- Experience in developing, testing and maintaining web services
- Experience in agile standard development processes

## SHAREPOINT ADMINISTRATOR

**We seek a SharePoint 2013 and SharePoint Online (365) administrator who has great technical ability and a knack for creative problem solving. You will be responsible for the administration and transference of solutions from SharePoint 2013 to the SP online version and their management and maintenance in solutions in 365.**

**Main tasks:**
- Create and configure SharePoint sites and set up site templates in Office 365
- Configure SharePoint Server features
- Configure all service applications
- Install, configure, maintain, upgrade and manage a SharePoint server and farm
- Create of PowerShell scripts used for management, configuration, etc.

**Job requirements:**
- A degree in computer science or equivalent
- Knowledge of creating and configuring SharePoint sites and applications
- Experience in SharePoint Farm administration.
- Experience in managing standard functionality of SharePoint 2013 and SharePoint Online.
- Knowledge of HTML, CSS, JavaScript, JQuery, ASP.NET, .Net and C#

**For more information please contact** Loftur Loftsson, loftur.loftsson@marel.com. Please submit your application no later than 12.04.2018. Applications are only accepted online at marel.com/jobs.

Marel is an international technology company with about 5,100 employees, 600 of which are located in Iceland. Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the Poultry, Meat and Fish industries. We place a rich emphasis on innovation and advancement in everything we do. That is why we want to employ strong people that are driven by new challenges every day. We offer a great working environment, effective training, flexible work hours, a fantastic canteen, facilities for exercise and good employee morale.

marel

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**



## **SÉRFRÆÐINGUR**
## Í VIÐSKIPTAGREIND

Helstu verkefni eru utanumhald með uppbyggingu vöruhúss gagna og almenn framsetning á gögnum, aðallega í Power BI, uppbygging mælaborða, m.a. fyrir stjórnendur, þarfagreining fyrir skýrslugerð og þátttaka í greiningaverkefnum. Starfið felur einnig í sér að vera ráðgefandi og leiðbeinandi við aðra notendur um notkun á Power BI og önnur verkefni tengd viðskiptagreind.

Nánari upplýsingar veita Guðmundur Karl Gautason, **gudmundur.gautason@isavia.is** og Andri Örn Víðisson, **andri.vidisson@isavia.is**.

Hæfniskröfur

- Reynsla af úrvinnslu gagna.
- Þekking og reynsla af fyrirspurnarmáli (SQL).
- Þekking og reynsla af Power BI.
- Þekking á MS SQL vöruhúsi gagna mikill kostur.
- Þekking á ASP.NET vefformum og C# er kostur.

**Starfsstöð: Keflavík**

## STARFSMAÐUR
## **NEYÐARVIÐBÚNAÐARMÁLA**

**Athugið: framlengdur umsóknarfrestur til 18. febrúar.**

Isavia óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna neyðarviðbúnaðarmálum. Helstu verkefni eru meðal annars vinna við stærri neyðaræfingar, eftirfylgni með úrbótum á sviði neyðarviðbúnaðar, viðhald viðbragðsáætlana auk viðhalds og framþróunar miðlægs neyðarviðbúnaðar.

Frekari upplýsingar veitir Árni Birgisson, samræmingarstjóri flugvalla og flugverndar, **arni.birgisson@isavia.is.**

Hæfniskröfur

- Þekking og reynsla tengd skipulagi almannavarna og stærri neyðarviðbúnaðar á Íslandi, þ.m.t. neyðarviðbúnaði tengdum flugi, er æskileg.
- Reynsla af stjórn og samhæfingu stærri neyðaraðgerða og/eða æfinga er æskileg.
- Gerð er krafa um færni og reynslu af fræðslu og miðlun efnis.
- Gerð er krafa um færni í textagerð.

**Starfsstöð: Keflavík**


# Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700




Karen starfar sem NOTAM sérfræðingur á flugleiðsögusviði.
Hún er hluti af góðu ferðalagi.




## KERFISSTJÓRI
## ICELAND RADIO

Um er að ræða skemmtilegt og spennandi starf í fjölbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi. Helstu verkefni felast m.a. í uppsetningu, eftirliti og viðhaldi kerfa. Fyrirbyggjandi viðhald, greining bilana og ákvörðun viðbragða við þeim. Gerð kerfislýsinga vegna áætlanagerðar og mati á umfangi verkefna, uppsetningu og prófunum á hugbúnaði og fleiri spennandi verkefnum.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Hauksson rekstrarstjóri ATM kerfa, **asgeir.hauksson@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekkingu á fluggögnum og fluggagnavinnslu er kostur.
- Reynsla af LINUX og TCP/IP netumhverfi er æskileg.

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæðum flugverndar.

**Starfsstöð: Reykjavík**

## HUGBÚNAÐAR-
## SÉRFRÆÐINGUR

Um er að ræða skemmtilegt og spennandi starf í fjölbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi. Helstu verkefni eru þróun og viðhald á flugumferðarstjórnarkerfum, þarfagreining vegna nýrra kerfa, prófun á hugbúnaði og fleiri spennandi verkefni. Unnið er að hluta til á dagvöktum og bakvöktum.

Nánari upplýsingar veitir Arnar Þórarinsson, deildarstjóri ATM kerfa, **arnar.thorarinsson@isavia.is.**

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af þróun kerfa í C/C++ er nauðsynleg.
- Þekking á fluggögnum og fluggagnavinnslu er kostur.

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæðum flugverndar.

**Starfsstöð: Reykjavík**

**Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.**

**Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.**

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍK EÐA REYKJAVÍK**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia




HAGVANGUR

# SINDRI




VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

Fyrirmyndarfyrirtæki VR 8 ár í röð

# PASSAR ÞÚ Í HÓPINN?

## SINDRI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA ÚTISÖLUMANN

Sindri óskar eftir að ráða metnaðarfullan, þjónustulundaðan og sveigjanlegan söluráðgjafa til starfa við útisölu. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi.







### SÖLURÁÐGJAFI

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Iðnmenntun kostur

**Starfslýsing**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Frágangur á pöntunum
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.
Upplýsingar veitir Þórður í síma 575 0000 eða thk@sindri.is

**Umsóknum skal skilað fyrir 22. febrúar nk.**

**Sindri** er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla, verkfæra og vinnufatnaðar. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af **Johan Rönning hf.** Hjá félaginu starfa rúmlega 90 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Selfossi, Grundartanga og á Akureyri. Johan Rönning hefur 8 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlotið nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin 6 ár.

PIPAR\TBWA • SÍA

**Reykjavík**
Skútuvogur 1
Sími 575 0000

**Reykjavík**
Viðarhöfði 6
Sími 575 0060

**Kópavogur**
Smiðjuvegur 1
Sími 567 6000

**Hafnarfjörður**
Bæjarhraun 12
Sími 575 0040

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

# Verkefnastjóri á samskiptasviði

**Íslandsstofa leitar að einstaklingi með þekkingu og reynslu af efnisgerð, vefumsjón og almannatengslum.**

Hlutverk Íslandsstofu er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Jafnframt veitir Íslandsstofa fyrirtækjum faglega aðstoð við sölu á vörum, þjónustu og þekkingu erlendis og styður við kynningu á íslenskri menningu ytra.

**islandsstofa.is/laus-storf**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**
talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**

**Bryndís**
**GSM: 773 7400**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

# RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

**Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa**

**Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.**

**Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is**

RSF **RAFSTJÓRN ehf.**
*Virkni loftræstikerfa er okkar fag*

**www.rafstjorn.is**



# Vilt þú veita **framúrskarandi þjónustu?**

Þjónustuver OR leitar að jákvæðum og þjónustulunduðum liðsmanni í samstillt teymi þjónustufulltrúa sem leysir erindi viðskiptavina **Orku náttúrunnar, Veitna, Gagnaveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Mosfellsbæjar**. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf.

Ef þú hefur áhuga á að vinna í **margbreytilegu og tæknilegu starfsumhverfi, hugsar í lausnum og nýtur þín í samskiptum,** hvetjum við þig til að sækja um starfið.

**Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.**

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **starf@or.is**. Þú sækir um á ráðningavef OR, **starf.or.is**, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með **21. febrúar 2018**.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Orkuveita Reykjavíkur




# Sumarstörf

## á skemmtilegum og lifandi vinnustað

## Afgreiðsla í Vínbúðum um land allt

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

**Helstu verkefni**

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

**Hæfniskröfur**

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Vinsamlega skráið óskir um staðsetningu í umsókn. Starfshlutföll eru breytileg eftir staðsetningu Vínbúðar.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

## Starfsmenn á lager, dreifingarmiðstöð ÁTVR

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingum í fullt starf í sumar. Vinnutíminn er frá kl. 7.30-16.30 alla virka daga. Unnið er laugardaga í júlí.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Almenn lagerstörf
- Móttaka og tiltekt vöru
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Lyftarapróf er kostur
- Stundvísi og dugnaður

Dreifingarmiðstöð sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu vara í Vínbúðir.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

## Afleysing í eldhúsi – fullt starf

Við leitum að starfsmanni í eldhús til að leysa af matreiðslumann í sumar. Fjölbreytt og spennandi starf í líflegu umhverfi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Matreiðsla á hádegisverði fyrir starfsfólk að Stuðlahálsi
- Yfirumsjón með morgun- og síðdegiskaffi
- Umsjón með mat- og veisluföngum fyrir fundi og uppákomur

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Snyrtimennska áskilin
- Góð framkoma og lipurð í samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 12. mars nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**
**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

VÍNBÚÐIN

## Framúrskarandi fasteignasali óskast

heimili fasteignasala – á traustum grunni

Heimili fasteignasala óskar eftir að ráða fasteignasala til starfa.

Við leitum eftir einstaklingi sem býr yfir góðri sölutækni, á auðvelt með að vinna sjálfstætt og býr yfir góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta starfað skipulega með öðrum og veitt ábyrga þjónustu í starfi sínu.

Umsækjendur þurfa að vera löggiltir fasteignasalar, eða vera í námi til löggiltingar.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega.

Umsóknum skal skila til Finnboga Hilmarssonar, fasteignasala, á finnbogi@heimili.is sem jafnramt veitir allar frekari upplýsingar.

**530 6500** Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**




## Traust fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða í starfsmann í almenn skrifstofustörf sem fyrst

Góð almenn tölvuþekking ásamt starfsreynslu í uppgjörs- og bókhaldsvinnu æskileg.
Þekking á DK viðskiptahugbúnaði er kostur.
**Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar n.k.**

Vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett merkt **„Skrifstofa-1002"**

## Vélvirkjar/Járnsmiðir

Óskum eftir að ráða vélvirkja/járnsmiði eða menn vana járniðnaði til starfa nú þegar eða eftir samkomulagi. Upplýsingar í sima 5677553 eða á staðnum.

**Harka ehf - Vélsmiðja - Hamarshöfða 7**



# SUMARSTÖRF HJÁ REYKJAVÍKURBORG

Umsóknarfrestur er til 19. mars
www.reykjavik.is/sumarstorf

Reykjavíkurborg óskar eftir starfsfólki í fjölbreytt afleysinga- og sumarstörf. Störfin eru margvísleg og snerta daglegt líf borgarbúa með ýmsum hætti. Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins með rúmlega átta þúsund starfsmenn. Við leitum að sumarstarfsfólki til að hjálpa okkur við að gera Reykjavík að lifandi og fallegri borg sem veitir borgarbúum á öllum aldri þjónustu.

**Aðstoð við umsóknir**

Í Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5, er hægt að fá aðstoð við gerð umsókna alla virka daga frá 9.00 – 17.00.

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérhæfður ritari

Velferðarráðuneytið óskar eftir að ráða ritara félags- og jafnréttismálaráðherra. Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, áreiðanleika og sjálfstæði.

**Helstu verkefni:**
- Verkefnastjórn einstakra verkefna.
- Skipulag dagbókar ráðherra, utanumhald og undirbúningur funda.
- Utanumhald um fyrirspurnir frá Alþingi og svör við þeim.
- Samskipti við önnur ráðuneyti og stofnanir.
- Bréfaskriftir, skjalavarsla og upplýsingaöflun.
- Umsjón með ferðum ráðherra.
- Önnur almenn ritarastörf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Þekking og áhugi á málefnum samfélagsins.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Ábyrgð, vandvirkni og þjónustulund.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku er æskileg.

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri (anna.l.gunnarsdottir@vel.is) og Sveinn Magnússon skrifstofustjóri (sveinn.magnusson@vel.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 1. mars nk. Umsóknum ásamt ítarlegu kynningarbréfi skal skila rafrænt á netfangið postur@vel.is eða á heimilisfang ráðuneytisins að Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur úr, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 10. febrúar 2018.*

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Hvar ætlar þú að vinna í sumar?

## Ölgerðin leitar að öflugu og jákvæðu starfsfólki í fjölbreytt og spennandi störf í sumar

- **Þjónustuver og móttaka**
- **Vörustjórnun**
- **Launafulltrúi**
- **Aðstoð í bókhaldi**
- **Sölumaður á fyrirtækjasviði**
- **Starfsmaður á rannsóknarstofu**
- **Starfsmenn í framleiðslu**
- **Störf í þjónustudeild**
- **Vöruhús**
- **Dreifing - Meiraprófsbílstjóri**

Nánari upplýsingar um hæfniskröfur fyrir hvert starf er að finna á heimasíðu Ölgerðarinnar **umsokn.olgerdin.is**

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 18 ára aldri og geti hafið störf í byrjun maí og unnið fram í miðjan ágúst.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.**

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

Kynntu þér sumarstörfin og sæktu um á **umsokn.olgerdin.is**

svartholid.is

# VIÐ BJÓÐUM UPP Á KAFFIÐ

## – og þú segir okkur frá þér

...

Við höfum fengið hreint út sagt frábærar móttökur, bæði í verslun okkar í Kringlunni og í vefverslun Nespresso á Íslandi. Í hverri viku leggur fjöldi fólks leið sína til okkar til að smakka og kaupa gott kaffi. Við erum að leita að frábæru fólki til að aðstoða viðskiptavini okkar og sjá til þess að upplifun þeirra verði sem best.

### BOUTIQUE MANAGER

Helsta hlutverk Boutique Manager, sem er yfirmaður verslunar í Kringlunni, er að halda utan um rekstur, tryggja góða þjónustu og leiða hóp starfsmanna. Um fullt starf er að ræða.

### NESPRESSO KAFFISÉRFRÆÐINGUR

Helsta hlutverk Nespresso kaffisérfræðinga er að bjóða viðskiptavinum upp á einstaka upplifun og leiðbeina þeim um val á kaffi og kaffivélum. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf.

Það er kostur að umsækjendur um bæði störfin hafi reynslu af verslunarstörfum en þeir þurfa að:

- *Vera þjónustulundaðir og jákvæðir að eðlisfari*
- *Geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði og drifkraft*
- *Vera góðir í samskiptum*
- *Hafa metnað til að ná árangri í starfi*

Umsóknarfrestur er til **18. febrúar** nk. en allar frekari upplýsingar um störfin veitir Sólrún Hjaltested í síma 575 4040.

**Hægt er að sækja um störfin á www.jobs.nespresso.is**
Umboðsaðili Nespresso á Íslandi er Perroy ehf.

NESPRESSO EXCLUSIVE DISTRIBUTOR

www.nespresso.is

# HREINSITÆKNI

**Hreinsitækni ehf óskar eftir starfskröftum í framtíðarvinnu vegna aukinna verkefna.**

**ÓSKUM EFTIR**

- Starfsmönnum með meirapróf.
- Starfsmönnum með vinnuvélaréttindi.
- Starfsmönnum án réttinda, en vilja breyta til.
- Skrifa og tala íslensku skilyrði.
- Hreint sakavottorð skilyrði.
- Stundvísi og reglusemi skilyrði.

**Áhugasamir senda umsókn með ferilskrá fyrir 20. febrúar 2018 á netfangið postur@hrt.is**

**Öllum umsóknum verður svarað.**

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Sólhvörfum
- Laus staða í Kópasteini
- Leikskólakennari í Kópasteini
- Leikskólakennari/leiðbeinandi í Austurkór
- Leikskólakennari/Þroskaþjálfi í Læk
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Austurkór
- Stafsmaður í skilastöðu á Núp

**Grunnskólar**
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur -Hörðuvallaskóli
- Íþróttakennari í Álfhólsskóla
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla
- Þroskaþjálfi í Smáraskóla

**Velferðarsvið**
- Starfsmenn óskast í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

**Annað**
- Skipulagsfræðingur á skipulags- og byggingardeild
- Verkefnastjóri á framkvæmdadeild

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent
www.capacent.is

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

# Verkefnastjóri á samskiptasviði

**Íslandsstofa leitar að einstaklingi með þekkingu og reynslu af efnisgerð, vefumsjón og almannatengslum.**

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af svipuðum störfum og hafa góða þekkingu á íslensku atvinnulífi, landi og þjóð. Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 21. febrúar 2018. Nánari upplýsingar: islandsstofa.is/laus-storf

## Knattspyrnufélagið Fram
**óskar eftir að ráða bókara/starfskraft á skrifstofu félagsins að Safamýri 26.**

Um 50% starfshlutfall er að ræða.

**Starfslýsing:**
- Færsla bókhalds
- Launavinnsla
- Afstemmingar og frágangur á bókhaldi til uppgjörs
- Aðstoð við innri úttektir og eftirlit
- Innkaup á rekstrarvörum
- Innheimta og aðstoð við æfingagjöld
- Almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur :**
- Víðtæk reynsla af bókhaldi og launavinnslu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn ásamt starfsferilsskrá til framkvæmdastjóra Fram ludvik@fram.is **fyrir 20. febrúar,** sem jafnframt veitir nánari upplýsingar um starfið.

## Verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála

**Við Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi er laust til umsóknar starf verkefnastjóra gæða- og mannauðsmála. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi til að annast ábyrgðarmikið og fjölbreytt starf sem tengist metnaðarfullri starfsemi og fjölbreyttri skólastefnu.**

**Um er að ræða 50% til 100% starfshlutfall.**

**Starfssvið:**
- Þróun mannauðsstefnu, innleiðing og eftirfylgd.
- Umsjón með starfsþróunarmálum og fræðslu.
- Uppbygging og þróun gæðakerfis.
- Fylgja eftir gæðastefnum, niðurstöðum úttekta og rýni stjórnenda til að tryggja stöðugt umbótastarf.
- Starfslýsingar, stofnana- og starfssamningar.
- Starfsmat, kjara- og starfsmannamál.
- Jafnlaunavottun.
- Stuðla að traustum og jákvæðum skólabrag.
- Umsjón með kynningarmálum skólans auk virkrar þátttöku í stefnumótunarstarfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Menntun á sviði gæða- og/eða mannauðsstjórnunar.
- Reynsla af gæða- og/eða mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera er æskileg.
- Samskipta- og leiðtogahæfni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði, kunnátta í fleiri tungumálum er kostur.
- Framtakssemi, löngun til að takast á við síbreytileg verkefni, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði í starfi og vera fylgin(n) sér.
- Það er kostur að viðkomandi hafi reynslu af kennslu og öðru skólastarfi, en ekki skilyrði.
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg.

Áætlað er að viðkomandi hefji störf 1. apríl 2018 eða eftir nánara samkomulagi.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 26. febrúar nk.** og skulu umsóknir hafa borist skólanum fyrir þann tíma.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið agusta@fva.is ásamt ferilskrá, prófskírteinum og meðmælum. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða.
Upplýsingar um starfið og starfsaðstæður veitir Ágústa Elín Ingþórsdóttir skólameistari í síma 433 2504 eða í tölvupósti agusta@fva.is.
Á heimasíðu skólans, **www.fva.is**, er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

# Spennandi vettvangur
## sem vert er að skoða!

TOLLSTJÓRI

**Tollvörður**
Tollstjóri leitar að starfsfólki til starfa við tolleftirlit og greiningu í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Í boði eru áhugaverð og krefjandi störf sem henta jafnt konum sem körlum. Spennandi framtíðartækifæri eru fyrir rétta aðila. Viðkomandi fara í Tollskóla ríkisins og útskrifast sem tollverðir.
Tollstjóri verndar samfélagið gegn ólögmætum inn- og útflutningi vöru sem getur haft í för með sér hættu fyrir öryggi, umhverfi og heilsu almennings.



**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Greining á áhættu vöru- og farþegaflæðis
- Tolleftirlit
- Skýrslugerð
- Samskipti við farþega, inn- og útflutningsaðila
- Tölfræðivinnsla
- Alþjóðlegt samstarf

**Hæfnikröfur**
**Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Háskólamenntun æskileg. Leitað er að einstaklingum með greiningarhæfileika, sem búa yfir tölvufærni, skapandi hugsun, samskiptafærni, yfirsýn, frumkvæði, skipulagshæfileikum, sjálfstæði og góðri enskukunnáttu. Starfið krefst aðferðafræðilegrar nálgunar og skipulagðra vinnubragða. Hreint sakavottorð og almenn ökuréttindi skilyrði.**

**Frekari upplýsingar um starfið**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Tollvarðafélag Íslands hafa gert. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Tollstjóri er með jafnlaunavottun ÍST 85:2012.
Hlutverk Tollstjóra er að vernda samfélagið og tryggja ríkinu tekjur. Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni. Ráðningar hjá embættinu taka mið af þeim.

Í tengslum við ráðningu þarf að þreyta inntökupróf, bæði skriflegt og líkamlegt, en nánari upplýsingar um það er að finna á *www.tollur.is*. Áætlað er að inntökuprófin verði haldin 1. mars og 2. mars 2018. Tollstjóri áskilur sér rétt til að notast við hæfnipróf í ráðningarferlinu.
Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfshlutfall er 100%**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Gunnlaugsson kari.gunnlaugsson@tollur.is - 5600300**
**Umsóknarfrestur er til 26. febrúar næstkomandi. Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.**

JOHAN RÖNNING
www.ronning.is



# Er kraftur í þér?

## Söluráðgjafi á rafbúnaðarsviði

**Johan Rönning** óskar eftir að ráða metnaðarfullan, þjónustulundaðan og sveigjanlegan söluáðgjafa til starfa á rafbúnaðarsviði. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi að Klettagörðum 25 með jákvæðu og hressu starfsfólki. Johan Rönning hefur sjö ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR ásamt því að hljóta nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin sex ár. Johan Rönning hlaut einnig jafnlaunavottun VR árið 2013, eitt af fyrstu fyrirtækjum á landinu til að hljóta slíka viðurkenningu. Fyrirtækið leggur mikið upp úr opnum og heiðarlegum samskiptum.



**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rafvirkjun
- Starfsreynsla í rafiðnaði
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni og útsjónarsemi
- Reynsla af sölustörfum kostur

**Starfið felst í:**
- Sölu og þjónustu á rafbúnaði
- Tilboðsgerð og tækniráðgjöf
- Lausnamiðuðum hugsunarhætti

**Upplýsingar** um starfið veitir
Óskar Gústavsson í síma 5 200 800
eða oskar@ronning.is
**Umsóknarfrestur er til 25. febrúar.**

Pipar\TBWA \ SÍA

Johan Rönning hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar og þjónustufyrirtækin Sindra, Sindra vinnuföt og Vatn og veitur. Hjá félaginu starfa 110 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Grundartanga, á Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík. Johan Rönning hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017 — 2014–2017 Framúrskarandi fyrirtæki

**REYKJAVÍK** Klettagörðum 25, Sími 5 200 800
**SELFOSSI** Eyravegi 67, Sími 4 800 600
**AKUREYRI** Draupnisgötu 2, Sími 4 600 800
**REYÐARFIRÐI** Nesbraut 9, Sími 4 702 020
**REYKJANESBÆ** Hafnargötu 52, Sími 4 207 200
**HAFNARFIRÐI** Bæjarhrauni 12, Sími 5 200 800
**GRUNDARTANGA** Mýrarholtsvegi 2, Sími 5 200 830

# Kópavogsbær
# óskar eftir skipulagsfræðingi

Kópavogsbær auglýsir laust til umsóknar starf skipulagsfræðings á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í góðu starfsumhverfi hjá metnaðarfullu sveitarfélagi sem er í mikilli uppbyggingu.

**Helstu verkefni**

- Vinnur að stefnumótun, þróun og gerð hverfisáætlana/hverfisskipulags.
- Annast upplýsingagjöf til íbúa og annarra hagsmunaaðila um áætlanir og skipulag.
- Undirbýr og annast hverfafundi.
- Annast samskipti við önnur sveitafélög er varðar hverfisáætlanir.
- Annast húsakönnum og skráningu gagna um eldri hús í hverfum bæjarins.
- Hefur umsjón með íbúakönnun og skráningu gagna í tengslum við hverfisáætlanir

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í skipulagsfræði eða önnur sambærileg menntun sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Góð tölvufærni
- Reynsla í opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Frekari upplýsingar**

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags.
Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2018.

Upplýsingar veitir Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri, í síma 441-0000 eða í tölvupósti **birgir@kopavogur.is**

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is



# Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing





FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is



## Sumarafleysingar hjá Slökkviliði Akureyrar
### *Konur*

Slökkvilið Akureyrar óskar eftir að ráða slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn til starfa í afleysingar. Um er að ræða afleysingastörf vegna sumarleyfa starfsmanna 2018 við sjúkraflutninga, slökkvistörf og önnur almenn störf slökkviliðsins. Gera má ráð fyrir 5-7 mánaða starfstíma.

**Þar sem hallar á stöðu kvenna hjá slökkviliðinu, er nú eingöngu auglýst eftir konum á grundvelli 26. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008**

**Helstu verkefni:**

- Útköll og æfingar vegna slökkviliðs.
- Sjúkraflutningar, þjálfun, æfingar og endurmenntun.
- Umhirða tækja og búnaðar Slökkviliðs Akureyrar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr. reglugerðar nr.792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
- Þær sem verða ráðnar þurfa að hafa gild ökuréttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið áður en þær hefja störf.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærileg menntun er skilyrði.
- Þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og ekki vera haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
- Viðkomandi þarf að standast þrekpróf, læknisskoðun auk annarra inntökuprófa.
- Hafa jákvætt hugarfar og færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af störfum slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er kostur sem og menntun.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.
- Umsækjandi þarf að vera kona.

*Framangreindum hæfniskröfum er ekki raðað eftir mikilvægi.

**Slökkviliðið verður með opið hús og kynningu á starfinu, umsóknarferlinu og aðstöðunni þann 16. febrúar næstkomandi á milli kl. 15 og 17.**

*Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.*
**Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2018**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

www.ils.is 569 6900 8–16

# Hagfræðingur í hagdeild

Íbúðalána sjóður

**Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða öflugan hagfræðing í krefjandi og áhugavert starf á húsnæðissviði.**

Hagdeild gegnir mikilvægu hlutverki í framtíðarsýn Íbúðalánasjóðs og hefur það að markmiði að vera leiðandi í rannsóknum á húsnæðismarkaði og styðja þannig við stefnumótun stjórnvalda í húsnæðismálum.

**Helstu verkefni**

- Rannsóknir og greiningar á húsnæðismarkaði
- Ábyrgð á söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði húsnæðismála
- Framsetning upplýsinga til stjórnvalda og almennings sem varða húsnæðismál
- Fylgjast með þróun á fasteigna- og lánamarkaði
- Meta þörf fyrir nýbyggingar og leiguhúsnæði eftir landsvæðum
- Meta efnahagslegar aðstæður á húsnæðismarkaði
- Útgáfa efnis og skýrslugjöf
- Kynningar og samskipti við fjölmiðla

**Mikilvæg þekking og reynsla**

- Framhaldsmenntun á sviði hagfræði
- Farsæl reynsla af greiningum
- Brennandi áhugi á húsnæðismálum
- Öryggi í framkomu og hæfni til að koma upplýsingum á framfæri
- Hæfni til að vinna í hóp

**Nánari upplýsingar:**
Brynhildur Halldórsdóttir, mannauðsstjóri
569 6900 • brynhildur@ils.is

Umsóknum skal skila á starfatorg.is
**Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar**

*Íbúðalánasjóður starfar skv. lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðisstefnu stjórnvalda. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er að stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði og tryggja almenningi aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem er til eignar eða leigu.*

ÍSAFJARÐARBÆR

## Laus staða skólastjóra við sameinaðan leik- og grunnskóla á Flateyri

Staða skólastjóra við leik- og grunnskóla á Flateyri er laus til umsóknar. Leitað er að öflugum og framsýnum leiðtoga til að samþætta og leiða þróttmikið skólastarf. Í Grunnskóla Önundarfjarðar eru 18 nemendur og í leikskólanum Grænagarði eru 13 börn. Skólarnir eru ekki í sama húsi en stutt er á milli þeirra. Með auknu samstarfi skólanna er hægt að skapa ný og spennandi tækifæri til að útfæra sameiginlega sýn fyrir bæði skólastig, byggða á styrkleikum hvors skóla fyrir sig.

Í Ísafjarðarbæ búa rúmlega 3700 íbúar. Flateyri er eitt hinna „fögru fimm“ þorpa sem mynda sveitarfélagið en þar búa um 200 íbúar.
Á Flateyri er íþróttahús, sundlaug og lítil verslun en svæðið einkennist af einstakri náttúrufegurð. Stutt er í alla þjónustu og er Ísafjörður í um 20 km fjarlægð.
Nánari upplýsingar er að finna á www.isafjordur.is.

**Starfssvið:**
- Að veita skólunum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Að leiða samstarf nemenda, starfsmanna, heimila og skólasamfélagsins í heild
- Að stýra og bera ábyrgð á rekstri skólanna og daglegri starfsemi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf leik- og/eða grunnskólakennara
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leik- eða grunnskólastigi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun, rekstri og þróunarstarfi
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra framtíðarsýn í skólamálum, er skapandi og metnaðarfullur. Staðan er laus frá **1. ágúst 2018**. Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. **Umsóknafrestur til og með 23. febrúar 2018.**

Umsókn þarf að fylgja greinargott yfirlit um nám og störf (ferilskrá), leyfisbréf til kennslu, upplýsingar um frumkvæði á sviði skólamála og annað er málið varðar (kynningarbréf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, Margrét Halldórsdóttir, í síma 450-8000 og í gegnum tölvupóst: margreth@isafjordur.is.

Umsóknum skal skilað til mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar í netfangið baldurjo@isafjordur.is.

**-Við þjónum með gleði til gagns-**

# Sumarstörf í fangelsum

FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Fangelsismálastofnun leitar eftir áhugasömu starfsfólki til starfa við fangavörslu sumarið 2018.

Starf fangavarðar felst m.a. í leiðsögn og aðstoð við skjólstæðinga, eftirliti, verkstjórn og þátttöku í allri daglegri starfsemi fangelsa.

**Leitað er eftir starfsmönnum sem:**
- Hafa gott viðmót og samskiptahæfileika
- Hafa áhuga á að vinna með mjög breytilegum einstaklingum
- Eru þolinmóðir, agaðir og eiga auðvelt með að fylgja vinnureglum
- Geta brugðist skjótt við breytilegum aðstæðum
- Eru færir í íslensku
- Hafa góða enskukunnáttu
- Hafa góða tölvufærni

Benda má á að starf í fangelsi er sérstaklega gefandi viðbót við nám þeirra er hyggja á framtíðarstörf við að liðsinna fólki s.s. sálfræðinga, guðfræðinga, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga svo dæmi séu nefnd.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður fer skv. ákvæðum reglugerðar nr. 347/2007.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu hafa gert.

Þar sem um er að ræða störf á mismundandi landsvæðum þá skal sækja um störfin merkt „Afleysingar í störf fangavarða á Hólmsheiði“ eða „Afleysingar í störf fangavarða á Litla Hrauni og Sogni“ eða „Afleysingar í störf fangavarða á Akureyri“ á heimasíðu Fangelsismálastofnunar www.fangelsi.is eða www.starfatorg.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til þess að sækja um.

Stofnunin áskilur sér rétt til þess að óska eftir sakavottorði ef kemur að ráðningu.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Umsóknarfrestur er til og með 26.02.2018**

**Nánari upplýsingar veita**

*Fangelsið að Hólmsheiði*
Guðmundur Gíslason - Gudmundur@fangelsi.is – S: 520 5063

*Fangelsið að Litla Hraun og Sogni*
Halldór Valur Pálsson – halldorvalur@fangelsi.is – S: 480 9023

*Fangelsið á Akureyri*
Gestur Ragnar Davíðsson – gestur@fangelsi.is – S: 462 6365

JÓ
JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

## Sölumaður í skartgripaverslun

**Í boði er:**
- 70-100% starfshlutfall
- föst laun plús sölutengd laun
- krefjandi sölu- og þjónustustarf með spennandi vöru

**Við leitum að einstaklingi sem...**
- er jákvæður og brosmildur
- hefur ríka þjónustulund
- á gott með mannleg samskipti
- er heiðarlegur og samviskusamur
- er a.m.k. 20 ára

**Reynsla af sölu/þjónustustörfum er kostur.**

Byrjað verður strax að vinna úr umsóknum og eru áhugasamir hvattir til að sækja um sem fyrst.

Jón og Óskar er ein stærsta úra- og skartgripaverslun landsins og rekur verslanir við Laugaveg, í Smáralind og Kringlunni. Við sérhæfum okkur í sölu á vönduðum skartgripum og úrum og leggjum okkur fram við að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu.Gildin okkar eru þjónustulund og fagmennska. Við leggjum áherslu á skemmtilegt starfsumhverfi og metnað til árangurs.

Vinsamlegast sendið ferilskrá með umsókn á
**info@jonogoskar.is**

# Gleðilegt sumar í Kópavogi

Fjölbreytt og spennandi sumarstörf



Pipar\TBWA \ SÍA

**Skemmtileg sumarstörf fyrir 18 ára og eldri**
Við leitum að fólki í afleysingar við sundlaugarnar, leikskólana, vinnuskóla, garðrækt, umönnun fatlaðra, á bæjarskrifstofurnar, í upplýsingatæknideild bæjarins og fleiri skemmtileg störf.
**Umsóknartímabil er frá 9. febrúar til 18. mars.**
Sæktu um á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is. Þar færðu líka nánari upplýsingar um störfin sem eru í boði.
**Hlökkum til að sjá þig í sumar!**

Kópavogsbær

kopavogur.is



MOSFELLSBÆR

## Leikskólinn Reykjakot

### LEIKSKÓLINN REYKJAKOT Í MOSFELLSBÆ ÓSKAR EFTIR FAGFÓLKI TIL STARFA

Reykjakot er um 85 barna leikskóli. Skólastefna Reykjakots er umhverfismiðuð og heilsutengd og er áhersla á skapandi starf og náttúru. Í aðalnámsskrá leikskóla eru heilbrigði og velferð skilgreind sem einn af grunnþáttum menntunar og hefur Landlæknir vottað Reykjakot sem heilsueflandi leikskóla. Í því felst jafnframt að Reykjakot vinnur markvisst að heilsueflingu í öllu sínu daglega starfi.

**Aðstoðarleikskólastjóri** ber ásamt skólastjóra ábyrgð á daglegri stjórnun leikskólans og skipulagninu uppeldisstarfsins. Hluti af starfinu felur í sér kennslu inn á deild með börnum. Um er að ræða fullt starf.

**Sérkennslustjóri** ber meðal annars ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólum, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskóla.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Leyfisbréf leikskólakennara er skilyrði
- Framhaldsmenntun og kennslureynsla á leikskólastigi er skilyrði
- Góð færni í samvinnu og samskiptum
- Sjálfstæði í starfi, hæfni til samstarfs og lausnamiðaðrar nálgunar
- Áhugi og metnaður á að vinna með börnum

**Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2018.**

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum skulu berast á netfangið tot@mos.is. Nánari upplýsingar veitir Þórunn Ósk Þórarinsdóttir leikskólastjóri í s: 566 8606. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

## SÉRFRÆÐINGUR Í BURÐARÞOLI
### (STRUCTURES ENGINEER)



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 87468 02/18

**Icelandair leitar að öflugum liðsmanni til starfa við ráðgjöf og umsjón viðgerða á burðarvirki og innanstokksmunum flugvéla.**

**Starfið tilheyrir Frontline-deild Tækniþjónustu Icelandair á Keflavíkurflugvelli. Viðhaldsstöð Icelandair þjónustar flugfélög um allan heim vegna breytinga og viðgerða.**

**STARFSSVIÐ:**

- Ráðgjöf vegna viðgerða og uppsetning viðgerðargagna.
- Tæknileg aðstoð og stuðningur við viðhaldsþjónustu Icelandair.
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og íhluta.
- Útreikningar á styrk og burðarþoli vegna viðgerða.
- Verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Próf í verkfræði, tæknifræði eða flugvirkjun.
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.

**Nánari upplýsingar veita:**
Sveina Berglind Jónsdóttir | mannauðsstjóri | sveinaj@icelandair.is
Sveinn H. Albertsson | deildarstjóri | sveinnh@its.is

**+ Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair, www.icelandair.is/umsokn, eigi síðar en 18. febrúar 2018.**

ICELANDAIR

**SKÓLAMEISTARAFÉLAG ÍSLANDS**
vettvangur framhaldsskólanna og stjórnenda þeirra

## Skrifstofustjóri

Skólameistarafélag Íslands, vettvangur framhaldsskólanna og stjórnenda þeirra (SMÍ) óskar að ráða skrifstofustjóra. Um er að ræða 50-100% starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. apríl 2018, eða samkvæmt samkomulagi. SMÍ þarf öflugan einstakling með þekkingu á framhaldsskólunum og reynslu í stjórnun.

**Starfssvið m.a:**

- Ábyrgð á daglegum rekstri þjónustuskrifstofu
- Stefnumótun í samráði við stjórn og formann
- Samskipti við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, tengdar stofnanir og skóla auk þess að sinna erlendum samskiptum.
- Undirbúningur og skipulag félagsfunda og námskeiða.
- Stuðningur við félagsmenn
- Söfnun gagna og upplýsinga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla æskileg
- Brennandi áhugi á skólastarfi og starfsreynsla úr framhaldsskóla æskileg
- Þekking á námskrárgerð og kjarasamningum sem lúta að starfi framhaldsskóla og lagaumhverfi þeirra
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni

Launakjör verða í samræmi við kjarasamning BHM og ríkisins.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2018**

**Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.**

Nánari upplýsingar veita Olga Lísa Garðarsdóttir formaður SMÍ, olgalisa@fsu.is og Baldur Gíslason starfsmaður SMÍ, smi.skrifstofa@gmail.com.
Umsóknir sendist á olgalisa@fsu.is.

UMHVERFIS STOFNUN

# Landvarsla
## sumarstörf 2018

Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2018 á eftirtalin svæði: Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Vesturland, sunnanverða Vestfirði, Hornstrandafriðland, Mývatnssveit, Suðurland (Gullfoss og Geysissvæði og Dyrhólaey) og hálendissvæðin í Kerlingarfjöllum og Friðlandi að Fjallabaki.

### Starfstímabil

Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf í byrjun maí og síðustu ljúka störfum í september.

### Helstu verkefni

Störf landvarða felast í að gæta þess að ákvæði náttúruverndarlaga og sérlaga, friðlýsingarskilmála og stjórnunar- og verndaráætlana svæða séu virt. Þeir koma á framfæri upplýsingum og fræða gesti um náttúru og sögu svæðanna, viðhald innviða og halda við merktum gönguleiðum.

### Ítarlegri upplýsingar

Ítarlegri upplýsingar um störfin og hæfniskröfur til þeirra er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi.

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar 2018. Athygli er vakin á því að hyggist umsækjandi sækja um starf á fleiri en einu landssvæði þarf sérstaklega að sækja um hvert svæði fyrir sig.

SELTJARNARNESBÆR

## Seltjarnarneslaug.

Laus eru til umsóknar tvö störf í Seltjarnarneslaug.

**Baðvörður í kvennaklefa**
Í starfinu felst m.a. umsjón með búningsklefum kvenna, þrif, laugargæsla og almenn þjónusta við gesti sundlaugar.

**Sundlaugarvörður**
Í starfinu felst m.a. umsjón með laugargæslu á útisvæði sundlaugar, þrif, almenn þjónusta við sundlaugagesti og umsjón með búningklefa karla.

Umsækjandur þurfa að vera þjónustulundaðir, góðir í samskiptum við alla aldurshópa, þrifnir, tala góða íslensku og síðast en ekki síst heilsuhraustir. Einnig þurfa umsækjendur að standast sundpróf fyrir sundlaugarverði.

***Um er að ræða vaktavinnu og framtíðarstörf.***

Óskir um nánari upplýsingar eru veittar í gegnum tölvupóstfangið haukur@seltjarnarnes.is

Umsóknum skal skilað inn á vef Seltjarnarnesbæjar : seltjarnarnes.is – störf í boði.

Óskað er eftir að umsóknum verði skilað sem fyrst og ekki seinna en **19. febrúar.**

*Seltjarnarneslaug var tekin í notkun árið 1984 og gagngerar endubætur gerðar árið 2006. Í lauginni starfa 18 fastir starfsmenn ásamt afleysingafólki. Boðið er uppá glæsilega aðstöðu á útisvæði laugarinnar s.s rennibraut, vaðlaug, barnalaug, eimbað, heita potta og kaldan pott ásamt 25m sundlaug.*

*Náið samstarf er við World Class sem rekur glæsilega heilsurækt í sömu húsakynnum.*

***Íþrótta- og tómstundasvið Seltjarnarnesbæjar***

## Viltu takast á við ögrandi verkefni í vaxandi fyrirtæki?

Vatn & veitur leitar að framsæknum og jákvæðum einstaklingum til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi störf hjá ört vaxandi fyrirtæki með jákvæðu og hressu starfsfólki.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

2014-2017 Framúrskarandi fyrirtæki

### Söluráðgjafi á veitusviði

**Starfið felst í:**

- Sala og þjónusta til veitufyrirtækja
- Tilboðsgerð og ráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölustörfum
- Þekking á veitum
- Þjónustulund og jákvætt viðmót
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

### Söluráðgjafi á lagnasviði

**Starfið felst í:**

- Sala og þjónusta til pípulagnaverktaka
- Tilboðsgerð og ráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölustörfum og/eða pípulagningum
- Þjónustulund og jákvætt viðmót
- Almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsóknir með ferilskrá sendist á netfangið **runar@vatnogveitur.is** fyrir 24. febrúar. Nánari upplýsingar um störfin veitir Rúnar Höskuldsson í S. **575 9300.** Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna heimasíðu þess www.vatnogveitur.is

Vatn & veitur sérhæfir sig í sölu og þjónustu til fagmanna á pípulagninga- og veitumarkaði. Árið 2017 sameinaðist fyrirtækið Efnissölu G.E.Jóhannssonar undir nafni Vatns & veitna. Sameinað fyrirtæki er í dag rekið sem sjálfstæð rekstrareining innan Johan Rönning.
Johan Rönning hefur í sjö ár verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR ásamt því að hljóta nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin sex ár.

Kópavogur
Smiðjuvegi 42
Sími 575 9300

Reykjavík
Klettagörðum 6
Sími 575 0100

VATN & VEITUR

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# Spennandi störf hjá Húsasmiðjunni




## Vilt þú vera með okkur í liði?

### Sölumaður í heimilistækja- og raflagnadeild Húsasmiðjunnar í Skútuvogi

**Starfið felur í sér ráðgjöf og sölu ásamt almennri þjónustu við viðskiptavini og önnur tilfallandi verkefni.**

**Hæfniskröfur**
- Þekking á heimilistækjum og raflagnaefni kostur.
- Góð þjónustulund og samskiptahæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góð íslensku kunnátta

### Sölumaður í fagmannadeild Húsasmiðjunnar í Hafnarfirði

**Starfið felur í sér ráðgjöf og sölu á timbri og lagnaefni ásamt almennri þjónustu við viðskiptavini og önnur tilfallandi verkefni.**

**Hæfniskröfur:**
- Haldgóð þekking á byggingavörum
- Góð þjónustulund og samskiptahæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Góð íslensku kunnátta

Húsasmiðjuna einkennir góður starfsandi og gott og öruggt starfsumhverfi

**Umsóknir berist fyrir 17. febrúar í netfangið atvinna@husa.is**

**Vinsamlega takið fram hvaða starf sótt er um.**



**Um er að ræða full störf virka daga og laugardaga eftir samkomulagi.**

**Byggjum á betra verði**

Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

## Skapandi gagnagreinir

**Langar þig að vinna í skapandi teymi að umbreytingu þjónustu Reykjavíkurborgar og hafa þannig raunveruleg áhrif á samfélagið?**
Við erum að leita að skapandi gagnagreinanda, sem verður hluti af nýstofnuðu innleiðingarteymi þjónustustefnu Reykjavíkurborgar. Teymi sem vinnur samkvæmt hugmyndafræði Design Thinking, notendamiðað og þvert á starfsemi borgarinnar.

**Helstu verkefni:**
- Hönnun rannsókna og gagnaöflunar.
- Tölfræðileg greining gagna og framsetning niðurstaðna.
- Vinnsla upplýsinga úr kerfum Reykjavíkurborgar.
- Nýta gögn til að mæla þarfir og væntingar borgarbúa um þjónustu.
- Samvinna innan teymis og milli sviða borgarinnar.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi t.d. í sálfræði, aðferðafræði, viðskiptafræði, markaðsfræði, hönnun eða nýsköpun.
- Góð þekking og reynsla af tölfræðilegri greiningu gagna.
- Þekking eða reynsla af stafrænni tækni.
- Hugmyndaauðgi, frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Þekking og reynsla af þjónustu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Nikulás Lárusson deildarstjóri í síma 411 1111 eða í gegnum tölvupóstfangið halldor.nikulas.larusson@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 26. febrúar nk.**
Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**






FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is




# Vilt þú taka þátt í baráttunni gegn krabbameinum?

Krabbameinsfélagið leitar að metnaðarfullum geislafræðingi sem hefur brennandi áhuga á að vinna að markmiðum Krabbameinsfélags Íslands:
- *fækka þeim sem greinast með krabbamein*
- *draga úr dauðsföllum af völdum krabbameins*
- *bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra*

Við leitum að geislafræðingi í 80% starf á dagvinnutíma á Leitarstöð félagsins.

Viðkomandi skal:
- Hafa löggilt starfsleyfi sem geislafræðingur á Íslandi
- Hafa reynslu af starfi sem geislafræðingur
- Hafa góða samskiptafærni og faglegan metnað
- Vera jákvæður og eiga gott með að vinna í hópi

Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrá og afritum af starfsleyfi sendist til Magnúsar Baldvinssonar yfirlæknis röntgendeildar, magnus@krabb.is, eigi síðar en 18. febrúar næstkomandi.
Vegna frekari upplýsinga skal hafa samband við yfirgeislafræðing, Guðrúnu Birgisdóttur á gudrunb@krabb.is.

Krabbameinsfélagið

## GARÐUR
### Gerðaskóli í Garði
### Staða skólastjóra

Staða skólastjóra við grunnskólann Gerðaskóla í Sveitarfélaginu Garði er laus til umsóknar.
Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til starfa í góðum skóla, með góðan skólabrag og gera enn betri með metnaði, virðingu og leikgleði í fyrirrúmi.

**Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2018.**

**Helstu verkefni:**
- Skólastjóri ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi skólans, samkvæmt lögum og stefnu sveitarfélagsins hverju sinni. Vinna að gerð fjárhagsáætlana og ábyrgð á eftirfylgni þeirra.
- Að vera faglegur leiðtogi og fyrirmynd með umhyggju fyrir nemendum og starfsfólki.
- Að vinna að eflingu mannauðs og annast ráðningar starfsfólks skólans.
- Stuðla að framþróun skólastarfsins með reynslu og þekkingu á að leiða skólasamfélagið út frá skólastefnu sveitarfélagsins og vinna að samstarfsverkefnum/samningum sem skólinn hefur gert.

**Menntun, geta og færni:**
- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla samkvæmt lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Framhaldsmenntun í stjórnun menntastofnana eða sambærileg viðbótarmenntun.
- Menntun og reynsla af stjórnun og rekstri er kostur.
- Áhugi og færni í samskiptum.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf og að ná árangri í kennslu og námi.
- Leiðtogafærni í teymisvinnu og geta til ákvarðanatöku.

Í Sveitarfélaginu Garði eru um 1.600 íbúar. Sveitarfélagið er á nyrsta odda Reykjaness. Í Garði er blómlegt tómstunda-, íþrótta-og menningarlíf. Lögð er áhersla á að allir aldurshópar íbúanna fái notið sín í fjölbreyttu félagslífi. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar í vel búinni Íþróttamiðstöð. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á vefsíðunni svgardur.is.

Um 220 nemendur stunda nám við Gerðaskóla og býr skólinn við mjög góðan aðbúnað og aðstöðu. Einkunnarorð skólasamfélagsins í Garði eru: Árangur, virðing, gleði, leikur, sköpun og ábyrgð.

Umsókn skal fylgja ferilskrá um menntun, störf og stjórnunarreynslu. Einnig er óskað eftir hugmyndum umsækjanda um starfsemi og þróun skólastarfs undir hans stjórn. Umsóknir skulu sendar bæjarstjóra á Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4, 250 Garður, eða á tölvupóstfangið magnusstefansson@svgardur.is

Nánari upplýsingar veitir Jónína Magnúsdóttir formaður Skólanefndar (jm@mss.is)

**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar 2018**

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fjölskylduþjónusta**
- » Sérfræðingar í snemmtækri íhlutun
- » Sérfræðingur í stoðþjónustuteymi
- » Liðsmenn

**Grunnskólar**
- » Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
- » Umsjónarkennari á miðstigi - Hraunvallaskóli
- » Forfallakennari - Hraunvallaskóli
- » Kennsla í stærðfræði á unglingastigi – Hraunvalaskóli
- » Skólaliði - Lækjarskóli
- » Frístundaleiðbeinandi í Álfakot - Víðistaðaskóli
- » Kennari í íslensku sem öðru máli - Víðistaðaskóli

**Leikskólar**
- » Leikskólakennari - Hvammur
- » Sérkennslustjóri - Vesturkot
- » Leikskólakennari - Víðivellir
- » Þroskaþjálfi - Víðivellir

**Sumarstörf**
- » Yfirflokkstjórar Vinnuskóla Hafnarfjarðar

**Málefni fatlaðs fólks**
- » Hlutastarf - Sölvuhraun

**Þjónustumiðstöð**
- » Tækjamaður

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is



SUMARSTARF

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Meiraprófsbílstjóri – Dreifing

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**
- Dreifing og afhending pantana
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf sem tilheyra dreifingu

Umsóknum er svarað jafn óðum og því gott að sækja um sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.

Æskilegt er að starfsfólk í sumarafleysingum starfi frá byrjun maí til 25. ágúst.

Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Ökuréttindi C og reynsla af akstri vörubifreiða
- Hreint sakavottorð
- Rík þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvísi og góð framkoma
- Góð samskiptahæfni
- Samviskusemi og jákvæðni
- Geta unnið undir álagi
- Reglusemi og snyrtimennska

**ÖLGERÐIN** er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði.

**ÖLGERÐIN** framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

olgerdin.is



Veðurstofa Íslands

# Sérfræðingur í veðurlíkönum

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir sérfræðingi á Úrvinnslu- og rannsóknarsvið til að taka þátt í þróun, uppbyggingu og rekstri veðurlíkans til að gera veðurspár fyrir Ísland og nágrenni. Veðurstofan er í nánu samstarfi við alþjóðlegar og innlendar stofnanir á þessu sviði og hefur stofnunin aðgang að reikniafli til að keyra viðamikil tölvulíkön sem aðili að Reiknimiðstöð evrópskra veðurstöðva og í gegnum náið samstarf við dönsku veðurstofuna DMI. Starfsmaðurinn mun vinna í hópi sérfræðinga á Veðurstofunni og í nánum tengslum við starfsmenn á DMI.

Á *Úrvinnslu- og rannsóknasviði* starfa yfir 40 manns við ýmis spennandi þróunar- og rannsóknarverkefni er tengjast m.a. veður- og loftslagsrannsóknum, jökla-, vatna- og haffræði, jarðskorpuhreyfingum og eldgosum og hættumati ofanflóða og annarrar náttúruvár. Þróun, innleiðing, rekstur og samþætting veður- og vatnafræðilíkana, auk haf- og hafíslíkana, er stór hluti verkefna sviðsins.

**Helstu verkefni**
- ▶ Þátttaka í þróun og rekstri veðurlíkana, sérstaklega Harmonie spálíkansins
- ▶ Þátttaka í erlendu samstarfi um veðurlíkön og þróun þeirra
- ▶ Þátttaka í stefnumörkun, skilgreiningu verkþátta og samþættingu verkefna á sviði veðurlíkana
- ▶ Sérfræðivinna í meðhöndlun og úrvinnslu veðurlíkangagna
- ▶ Umsjón með spágögnum og þróun afurða sem byggja á þeim
- ▶ Verkefnisstjórn tilgreindra verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- ▶ Meistarapróf eða doktorspróf í veðurfræði, eðlisfræði, stærðfræði eða skyldum greinum sem nýtist í starfi
- ▶ Góður bakgrunnur í eðlisfræði og stærðfræðigreiningu og þekking á tölulegum aðferðum við að leysa hlutafleiðujöfnur
- ▶ Reynsla af tölvulíkönum og rekstri þeirra, reynsla af veðurlíkönum æskileg, en ekki skilyrði
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum
- ▶ Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- ▶ Greiningarhæfni og færni og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- ▶ Farsæl reynsla í ritun vísindagreina, góð ritfærni á ensku
- ▶ Frumkvæði og faglegur metnaður
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- ▶ Góð tölvu- og forritunarkunnátta, t.d. Linux/Unix, python, ENVI/IDL, MatLab, C/C++,  og Fortran
- ▶ Góð færni í íslensku og/eða ensku nauðsynleg
- ▶ Kunnátta í norðurlandamálum er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veita **Halldór Björnsson**, hópstjóri veðurs og loftslags (**halldor@vedur.is**), **Jórunn Harðardóttir**, framkvæmdastjóri *Úrvinnslu- og rannsóknasviðs* (**jorunn@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000**.

# Sérfræðingur í fjarkönnun eldfjalla

Veðurstofa Íslands auglýsir sérfræðingsstöðu til þriggja ára í fjarkönnun með gervihnöttum á eldfjallaösku og losun gastegunda frá eldfjöllum.

Hlutverk Veðurstofunnar í eftirliti og vöktun, miðlun upplýsinga og rannsóknum á eldgosum hefur aukist verulega á síðustu árum. Sömuleiðis hefur mikil uppbygging orðið á innviðum tengdum eftirliti eldfjalla og áhrifum gosmakkar og gasstreymis á lofthjúpinn. Samhentur hópur sérfræðinga frá flestum sviðum Veðurstofunar vinnur sameiginlega að slíku eftirliti í nánu samstarfi við innlendar og erlendar stofnanir, jafnt innan rannsóknaverkefna, hættumats og rauntímaeftirlits.

**Helstu verkefni**
Þróa aðferðir til að meta gas- og öskulosun frá eldfjöllum sem hægt er að nota í rauntíma, og meðan á umbrotum stendur.

Þróa afurðir byggðar á fjarkönnun með gervihnöttum sem samþætta má afurðum annarra mælitækja (t.d. eldgosaradar, lídar, innhljóðamælum og myndavélum) til að tryggja öruggt mat á stærð eldgosa í upphafi umbrota.

**Menntun og hæfniskröfur**
- ▶ Doktorsgráða á sviði jarðvísinda, eðlisfræði eða sambærileg menntun
- ▶ Farsæl reynsla í úrvinnslu fjarkönnunargagna, rannsóknum og/eða þróun afurða tengd gervitunglagögnum. Reynsla af rauntímavinnslu gagna er kostur
- ▶ Hæfni í mannlegum samskiptum
- ▶ Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- ▶ Greiningarhæfni og færni og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- ▶ Frumkvæði og faglegur metnaður
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- ▶ Góð tölvu- og forritunarkunnátta, t.d. Linux/Unix, python, ENVI/IDL, MatLab, C/C++, Fortran og Java
- ▶ Góð færni í íslensku og/eða ensku nauðsynleg

Nánari upplýsingar um starfið veita **Sara Barsotti**, fagstjóri eldfjallavár (**sara@vedur.is**), **Jórunn Harðardóttir**, framkvæmdastjóri *Úrvinnslu- og rannsóknasviðs* (**jorunn@vedur.is**), og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000**.

**Umsóknarfrestur starfanna** er til og með **5. mars 2018**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á Starfatorgi, **www.starfatorg.is.**

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 140 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Veðurstofan er samþætt vöktunar- og rannsóknastofnun og eru helstu hlutverk hennar gagnaöflun og -úrvinnsla á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e.* ***lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi, rannsóknir og þróun afurða, og miðlun upplýsinga og viðvarana vegna náttúrúvár****. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar* ***www.vedur.is****.*

*Gildi Veðurstofunnar eru* ***þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna****. Ráðningar hjá stofnuninni taka mið af þessum gildum.*



www.vedur.is
522 6000

V&V VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAVERKSTÆÐIÐ

**Við ætlum að byggja upp eitt öflugasta þjónustuverkstæði atvinnutækja á Íslandi.**

## Vilt þú vera með ?

**Vörubíla- & Vinnuvélaverkstæðið hefur síðastliðin 30 ár þjónustað stóran hóp viðskiptavina með viðgerðum á atvinnutækjum s.s. vörubifreiðum og aftanívögnum.**

**Við hyggjum á stækkun og útvíkkun á starfseminni um leið og við flytjum í nýtt húsnæði í byrjun sumars.**
**Við þurfum þína hjálp til að takast á við fleiri og öðruvísi verkefni.**
**Ef þú einkennist af krafti, áræðni og fagmennsku, eins og við, þá ert þú mögulega sú viðbót við okkar frábæra starfsfólk.**

Vinsamlegast sendið ferilskrá og takið fram hvaða starf sótt er um með tölvupósti á netfangið **info@vvehf.is**.
Frekari upplýsingar veitir Guðmundur Björnsson í síma 588 4970 eða 899 6810.
Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið.Við hvetjum konur jafnt og karla að sækja um.
**Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar.**

### Þjónustustjóri atvinnubifreiða

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstakling til að stýra nýrri deild innan fyrirtæksins á sviði viðgerða og þjónustu atvinnubifreiða. Um er að ræða krefjandi starf en jafnframt tækifæri til að byggja upp framúrskarandi og faglega þjónustudeild.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Verkefnastýring til starfsmanna deildarinnar
- Úrlausn verkefna á verkstæði
- Ráðning og nýliðaþjálfun
- Starfsmannahald
- Samskipti við viðskiptavini
- Áætlanagerð og rekstur deildarinnar
- Innkaup á varahlutalager verkstæðis
- Innkaup og ábyrgð tækja verkstæðis

**Menntun og hæfniskröfur**
- Bifvélavirki, vélvirki eða sambærileg iðnmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Víðtæk reynsla af viðgerðum og þjónustu atvinnubifreiða
- Reynsla af verkefnastjórnun og mannaforráði
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð, metnaður og vandvirkni
- Góð þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Góð tök á ensku

### Bifvélavirki / Vélvirki

Við leitum að bifvélavirkja/vélvirkja á þjónustuverkstæði fyrir atvinnubifreiðar. Um er að ræða viðgerðir og þjónustu á öllum helstu vörubifreiðategundum og öðrum atvinnutækjum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Bilanagreining
- Almennar viðgerðir og þjónusta atvinnubifreiða

**Menntun og hæfniskröfur**
- Menntun í bifvéla- eða vélvirkjun eða haldbær starfs reynsla af áþekkum störfum
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

### Bílstjóri dráttarbifreiðar

Óskum eftir bílstjóra á dráttarbíl sem notaður er til að sækja aftanívagna til viðgerðar og skila þeim að viðgerð lokinni. Einnig til að hafa umsjón með útisvæði starfsstöðvar og sjá til þess að það sé mokað af snjó, endurvinnslugámar séu losaðir o.þ.h. Viðkomandi þarf að geta framkvæmt einfaldar viðgerðir til að geta komið löskuðum aftanívögnum til frekari viðgerðar og þarf því að hafa grunnþekkingu á virkni lofthemla og öryggisbúnaði vörubifreiða og vagna.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Akstur dráttarbíls
- Umsjón með útisvæði starfsstöðvar

**Menntun og hæfniskröfur**
- Gilt ökuleyfi og tilskilin akstursréttindi til aksturs vörubifreiða með aftanívagn skilyrði
- Grunnþekking á virkni lofthemla og öryggisbúnaðar vöru bifreiða og aftanívagna
- Gott viðmót, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

### Móttaka

Óskum eftir þjónustulunduðum einstakling til starfa í verkstæðismóttöku. Starfið felur í sér að taka á móti fyrirspurnum og tímabókunum á verkstæði í gegnum síma og á staðnum.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Móttaka viðskiptavina í gegnum síma og á staðnum
- Útbúa og prenta sölureikninga

**Menntun og hæfniskröfur**
- Æskileg grunnþekking á sviði bifvélavirkjunar eða sam bærilegu sem nýtist í starfi
- Reynsla af þjónustustörfum
- Gott viðmót, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnátta

V&V

---

ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND

## Verkefnastjóri á samskiptasviði

**Íslandsstofa leitar að einstaklingi með þekkingu og reynslu af efnisgerð, vefumsjón og almannatengslum.**

Hlutverk Íslandsstofu er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Jafnframt veitir Íslandsstofa fyrirtækjum faglega aðstoð við sölu á vörum, þjónustu og þekkingu erlendis og styður við kynningu á íslenskri menningu ytra.

**islandsstofa.is/laus-storf**

---

## RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

**Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa**

**Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.**

**Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is**

RAFSTJÓRN ehf. *Virkni loftræstikerfa er okkar fag*

**www.rafstjorn.is**

---

## Traust fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða í starfsmann í almenn skrifstofustörf sem fyrst

Góð almenn tölvuþekking ásamt starfsreynslu í uppgjörs- og bókhaldsvinnu æskileg.
Þekking á DK viðskiptahugbúnaði er kostur.
**Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar n.k.**

Vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett merkt **„Skrifstofa-1002“**

---

## Vélvirkjar/Járnsmiðir

Óskum eftir að ráða vélvirkja/járnsmiði eða menn vana járniðnaði til starfa nú þegar eða eftir samkomulagi. Upplýsingar í sima 5677553 eða á staðnum.

**Harka ehf - Vélsmiðja - Hamarshöfða 7**

---

# SÖLUMAÐUR AUGLÝSINGA

**AUGLÝSINGADEILD FRÉTTABLAÐSINS ÓSKAR EFTIR RÖSKUM SÖLUMANNI Á STÆRSTA PRENTMIÐIL LANDSINS.**

**Helstu kröfur:**
- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir **„laus störf“**.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar 2018.**
Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR 365

## Sjónfræðingur

**Laust er til umsóknar 100% starf sjónfræðings hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu**

**Helstu verkefni:**
- Mæla sjónlag og sjóngetu.
- Mat á þörf á sjónhjálpartækjum.
- Fræðsla og upplýsingar um sjón og sjónskerðingu.
- Úthlutun sjónhjálpartækja, kennsla í notkun og meðhöndlun þeirra.

**Hæfniskröfur:**
- Hafa lokið háskólanámi í sjónfræði eða sambærilegt nám.
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.
- Eiga auðvelt með að vinna í teymi

**Frekari upplýsingar um starfið:**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Miðstöðin hvetur jafnt karla sem konur til að sækja um þessa stöðu. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar 2018** og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst eða skv. nánara samkomulagi.
Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið estella.bjornsson@midstod.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðstöfun starfsins liggur fyrir. Miðstöðin áskilur sér rétt að hafna öllum umsóknum. Nánari upplýsingar veitir Estella D. Björnsson í síma 545 5800.




## Yfirlæknir á hjartasviði

REYKJALUNDUR endurhæfing

STOFNUN ÁRSINS 2017

Staða yfirlæknis á hjartasviði Reykjalundar er laus til umsóknar frá og með 1. ágúst 2018. Um fullt starf er að ræða.

Gerð er krafa um íslenskt lækningaleyfi og sérfræðiréttindi í endurhæfingarlækningum eða hjartalækningum.

Laun byggja á kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra auk samkomulags milli Reykjalundar og starfandi lækna á Reykjalundi.

Upplýsingar um starfið veita Magnús R. Jónasson, yfirlæknir hjartasviðs í síma 585-2000 og Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 585-2143 gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 18. febrúar 2018.**

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

# Air Atlanta leitar að ferðaráðgjafa



**Flugfélagið Atlanta leitar eftir kraftmiklum ferðaráðgjafa til starfa í ferðadeild félagsins**

**Starfslýsing**
Ferðaráðgjafi sér um að plana og bóka ferðalög fyrir starfsmenn félagsins á hagkvæman og öruggan hátt. Við leitum eftir fólki með reynslu í ferðaráðgjöf, ríka þjónustulund og helst þekkingu á Amadeus bókunarkerfi til að bætast í hóp ferðaráðgjafa félagsins.

**Hæfniskröfur;**
- Þekking á Amadeus
- IATA/UFTA réttindi (æskilegt)
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Nánari upplýsingar og umsóknarform eru á airatlanta.com. **Umsóknarfrestur er til 21. febrúar 2018**

**Um Air Atlanta Icelandic**
Air Atlanta Icelandic er einn af stærstu ACMI þjónustuaðilum í heiminum. Við bjóðum uppá sérsniðnar lausnir til annara flugfélaga, bæði á farþega- og fraktmarkaði. Núverandi floti félagsins samanstendur af 14 breiðþotum; Boeing 747-400 og Airbus A340-300.
Við störfum á alþjóðamarkaði en höfuðstöðvar okkar eru staðsettar í Hlíðasmára, Kópavogi.

AIR ATLANTA ICELANDIC
Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Suðurnesjum | Keflavík | 201802/335 |
| Sérfræðingur við skattaeftirlit | Ríkisskattstjóri | Reykjavík | 201802/334 |
| Sérfræðingur í þjónustuver | Ríkisskattstjóri | Akureyri | 201802/333 |
| Sérfræðingur í veðurlíkönum | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201802/332 |
| Sérfræðingur í fjarkönnun eldfjalla | Veðurstofa Íslands | Reykjavík | 201802/331 |
| Rannsóknamaður | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201802/330 |
| Lektor í heimilislæknisfræði | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201802/329 |
| Lektor í markaðsfræði | Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið | Reykjavík | 201802/328 |
| Lektor í stjórnun | Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið | Reykjavík | 201802/327 |
| Skrifstofumaður | Hæstiréttur Íslands | Reykjavík | 201802/326 |
| Sérfræðingur í rannsóknum | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201802/325 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Firði | Hafnarfjörður | 201802/324 |
| Hagfræðingur | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201802/323 |
| Tollverðir | Tollstjóri | Rvk/Keflavík | 201802/322 |
| Sérfræðingur í Íslandssafni | Landsbókasafn Ísl.-Háskólabókasafn | Reykjavík | 201802/321 |
| Verkefnastj. gæða-/mannauðsmál | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201802/320 |
| Starfsmaður | ÁTVR, Vínbúðin | Stykkishólmur | 201802/319 |
| Sérhæfður ritari | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201802/318 |
| Læknaritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201802/317 |
| Starfsmaður í eldhús | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201802/316 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, göngud. geðsviðs Kleppi | Reykjavík | 201802/315 |
| Sálfræðingur | Landspítali, geðsvið | Reykjavík | 201802/314 |
| Námsstöður deildarlækna | Landspítali, fæðinga- og kvensjúkd. | Reykjavík | 201802/313 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, gigtar- og alm. lyflækn. | Reykjavík | 201802/312 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, almennar lyflækningar | Reykjavík | 201802/311 |
| Námsstöður deildarlækna | Landspítali, skurðlækningar | Reykjavík | 201802/310 |
| Námsstöður deildarlækna | Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri | Rvk/Akureyri | 201802/309 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali | Reykjavík | 201802/308 |
| Námsst. deildarlækna, lyflækn. | Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri | Rvk/Akureyri | 201802/307 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, móttökugeðdeild | Reykjavík | 201802/306 |
| Læknanemar, sumarafleysing | Landspítali, lyflækningadeildir | Reykjavík | 201802/305 |
| Sérfræðingur í skurðhjúkrun | Landspítali, aðgerðasvið | Reykjavík | 201802/304 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Vesturlandi | Borgarnes | 201802/303 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Stykkishólmur | 201802/302 |
| Ljósmóðir, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201802/301 |
| Sjúkraliðar, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Vesturland | 201802/300 |
| Hjúkrunarfræðingar, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Vesturland | 201802/299 |
| Móttökuritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201802/298 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Suðurland | 201802/297 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201802/296 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201802/295 |
| Aðstoðarm. í umönnun, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201802/294 |
| Yfirlæknir á heilsugæslu | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201802/293 |
| Sjúkraliði heimahjúkrun, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201802/292 |
| Skrifstofumaður | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Reykjavík | 201802/291 |
| Samskiptafulltrúi | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201802/290 |
| Sérfræðingur í netöryggissveit | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201802/289 |
| Sérfræðingur í tæknideild | Póst- og fjarskiptastofnun | Reykjavík | 201802/288 |

ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.**
**Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

HREINSITÆKNI

**Hreinsitækni ehf óskar eftir starfskröftum í framtíðarvinnu vegna aukinna verkefna.**

**ÓSKUM EFTIR**

- Starfsmönnum með meirapróf.
- Starfsmönnum með vinnuvélaréttindi.
- Starfsmönnum án réttinda, en vilja breyta til.
- Skrifa og tala íslensku skilyrði.
- Hreint sakavottorð skilyrði.
- Stundvísi og reglusemi skilyrði.

**Áhugasamir senda umsókn með ferilskrá fyrir 20. febrúar 2018 á netfangið postur@hrt.is**

**Öllum umsóknum verður svarað.**

VEGAGERÐIN

## Styrkir
## til samgönguleiða

Samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007 er heimilt í vegáætlun að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum.

Vegagerðin auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til samgönguleiða samkvæmt nefndri lagagrein og 4. gr. reglna nr. 1155/2011 um þetta efni.
Umsókn um styrk skal senda til starfsstöðvar Vegagerðarinnar (Selfoss, Borgarnes, Akureyri, Reyðarfjörður) á því svæði þar sem viðkomandi framkvæmd er fyrirhuguð.

**Umsóknum skal skilað eigi síðar en 15. apríl 2018.**

Nánari upplýsingar má finna á vef Vegagerðarinnar **www.vegagerdin.is** ásamt umsóknareyðublaði.

## Til sölu:

Fullbúið síma- og tölvuverkstæði í fullum rekstri miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.
Tilvalið fyrir einyrkja og aðra sem vilja færa út kvíarnar.
**Verð 1 M kr.**

**Áhugasamir hafa samband á netfangið tolvuverkstaedi@gmail.com**

**Til leigu er 24,m2 rými í Félagsmiðstöðinni Árskógum 4, Reykjavíkurborg.**
Húsnæðið var áður notað sem hárgreiðslustofa og er því innréttað á þann hátt.

Rýmið getur nýst til margskonar starfssemi og gætu t.d. 2 eða fleiri verið saman með rýmið.

Hugmyndin er þó að starfssemin geti nýst félagsstarfinu á einn eða annan hátt.

**Nánari uppl. í síma 535-2700 eða á netfangið: felagsmidstodin_arskogar_4@reykjavik.is**

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

ISLANTILAIS–SUOMALAINEN KULTTUURIRAHASTO
KULTURFONDEN ISLAND–FINLAND

## Menningarsjóður Íslands og Finnlands

Tilgangur sjóðsins er að efla menningartengsl Íslands og Finnlands. Sjóðurinn veitir árlega styrki til einstaklinga, samtaka, félaga og stofnana vegna verkefna sem geta orðið til að efla samskipti Íslands og Finnlands á sviði menningar, lista, atvinnulífs og þjóðlífs almennt.

Í tilefni þess að árið 2018 eru 100 ár liðin frá því Ísland hlaut fullveldi mun sjóðurinn líta sérstaklega til umsókna sem tengjast íslenskum menningarverkefnum í Finnlandi sem tengjast 100 ára afmæli fullveldisins.

- Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna verkefna sem eru fyrirhuguð á síðari hluta ársins 2018 og fyrri hluta ársins 2019.
- Frestur til að leggja inn umsóknir um styrki úr sjóðnum vegna þessa tímabils rennur út 31. mars 2018.
- Æskilegt er að umsóknir séu ritaðar á sænsku, dönsku, norsku, finnsku eða ensku.
- Einungis er hægt að sækja um rafrænt á: www.hanaholmen.fi.
- Fyrirspurnir vegna umsókna má senda á: fonderna@hanaholmen.fi

Frekari upplýsingar um Menningarsjóð Íslands og Finnlands má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis og á vefnum **www.hanaholmen.fi**

***Stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands.***

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

## Fossvogsdalur – Austurhluti, Fossvogsbrún 2a. Breytt deiliskipulag.

Á fundi bæjarstjórnar 23. janúar 2018 var samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Fossvogsdals – Austurhluta sem samþykkt var í bæjarráði/bæjarstjórn 14. maí 1996. Breytingin tekur til svæðis norðaustan Fossvogsbrúnar 2.

Í breytingunni felst að stofnuð verði ný lóð, Fossvogsbrún 2a, með byggingarreit fyrir íbúðakjarna fyrir fatlaða með allt að sjö íbúðum ásamt þjónusturými. Stærð lóðarinnar er áætluð 1200 m2 og stærð byggingarreitsins 600 m2 á einni hæð ásamt heimild til að nýta kjallara, sbr. skýringarmyndir. Hámark nýtingarhlutfalls á lóðinni er ráðgert 0,5. Aðkoma er frá Fossvogsbrún.

Gert er ráð fyrir að hver íbúð verði u.þ.b. 50 m2 að flatarmáli og að sérafnotareitur fylgi hverri íbúð. Jafnframt er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu.

Á bæjarlandi austan lóðarinnar er fyrirhugað að koma fyrir 10 bílastæðum, þar af tveimur fyrir hreyfihamlaða ásamt 5 nýjum gestastæðum við Fossvogsbrún. Uppdrættir í mælikvarða 1:2000 og 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga verður til sýnis í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs að Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 16:00 þriðjudaginn 3. apríl 2018.

Skipulagsstjóri Kópavogs

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ


## Frostafold 26
112 Reykjavík
Snyrtileg 2.herbergja íbúð

**Stærð: 51,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1986**
**Fasteignamat: 22.150.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús





**Sunnudag 11. febrúar 2018 kl. 14-14:30**

**Verð: 32.500.000**

RE/MAX Senter kynnir: Snyrtilega tveggja herb. íbúð á 3ju hæð í litlu fjölbýli, svalir snúa í suðvestur. Eignin skiptist í hol, borðstofu/stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og sérgeymslu á 1.hæð. Íbúðin er nýlega máluð, og nýlegt harðparket er á gólfum.
Allar upplýsingar veita
Sigrún M.Sigvaldadóttir gsm. 695-3502 email: sms@remax.is eða
Vigdís R.S.Helgadóttir löggiltur fasteignasali sími 414-4700



Sigrún Matthea
Sölufulltrúi
**695-3502**
sms@remax.is



Vigdís
Lögg. fasteignasali
**414-4700**
vigdis@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Lundur 7-13

BÚUM BETUR

BYGG

www.bygg.is



NÝTT Í SÖLU

## Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum álklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 7-13 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 101,9-196,8 fm. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðasafn.

Síðustu nýju íbúðirnar í fjölbýli í Lundinum





REYNSLA
FAGMENNSKA
METNAÐUR





Skoðið teikningar á bygg.is

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími 520 9586

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 34 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

# Léttist um sjö og hálft kíló og blóðþrýstingurinn hrapaði

**Bryndís Lúðvíksdóttir er ein af þeim tæplega þúsund einstaklingum sem tekið hafa þátt í HREINT MATARÆÐI námskeiðum Guðrúnar Bergmann. Hún skráði sig á fyrsta námskeið á árinu 2018, ákveðin í að nú væri komið að henni að gera eitthvað í eigin heilsumálum.**



Bryndís Lúðvíksdóttir byrjaði á námskeiðinu HREINT MATARÆÐI 9. janúar síðastliðinn. „Mér finnst ég bara hafa öðlast nýtt líf og þakka það þessu breytta mataræði og lífsstíl sem ég lærði hjá Guðrúnu. Svo finn ég líka hvað bætiefnin hafa gert mér gott.," segir Bryndís sem hefur lést um tæp átta kíló.

Ég var svona dæmigerð miðaldra sófakartafla. Of mikið sælgætisát, skyndibitar og hreyfingarleysi voru mín helstu vandamál, ásamt liðverkjum og öðrum fylgikvillum sem fylgja þess háttar líferni. Auk þess var ég komin með viðvörun vegna háþrýstings og læknirinn minn hafði gefið mér fram í byrjun mars að lækka hann ef ég vildi sleppa við að fara á lyf," segir Bryndís brosandi.

Bryndís segist því hafa byrjað á því að mæla blóðþrýstinginn þann 9. janúar þegar hún byrjaði á námskeiðinu. Þá var hann 163/99 eða frekar í hærri kantinum.

### Allir svo dásamlega jákvæðir

„Við funduðum fjórum sinnum með Guðrúnu á frábærum og fræðandi fundum, en þess á milli héldum við sambandi í gegnum Facebook-hóp," segir Bryndís. „Fyrstu dagarnir í þessu ferli voru nokkuð erfiðir, sem er eðlilegt þegar verið er að breyta neysluvenjunum, en svo fór mér að líða svo vel og varð svo miklu skýrari í kollinum. Það voru allir svo dásamlega jákvæðir í hópnum sem ég var í, deildu reynslu sinni, uppskriftum, myndum og skemmtilegum athugasemdum eða hvöttu hvert annað áfram."

Bryndís segir að HREINT MATARÆÐI hreinsikúrinn hafi verið mun auðveldari en hún hélt og hún stóðst hann 100%. Hún kom sjálfri sér meðal annars á óvart með því að skreppa norður í land meðan á kúrnum stóð og í stað þess að fá sér sveittan hamborgara á leiðinni hafi þau hjónin verið með hollt nesti með sér báðar leiðir.

### Léttist um 7,5 kíló og blóðþrýstingur hrapaði

„Í lok námskeiðs spurði ég Guðrúnu hvar hún hefði verið allt mitt líf," segir Bryndís kímin á svip. „Ég trúði því varla að hreinsikúrinn væri á enda og beið alls ekki eftir „síðasta degi" til að geta aftur sleppt fram af mér beislinu. Ég ákvað nefnilega að þetta væri ekki síðasti dagurinn, heldur 21. dagur í nýjum lífsstíl. Ég hafði lést um 7,5 kíló, var öll orkumeiri, komin á fullt í hreyfingu og heilaþokan horfin, bara eins og gardínur hefðu verið dregnar frá."

Bryndís segir að trompið hafi þó verið blóðþrýstingurinn. Á 21. degi var hann kominn niður í 138/74 og fjórum dögum síðar í 131/73. „Mér finnst ég bara hafa öðlast nýtt líf og þakka það þessu breytta mataræði og lífsstíl sem ég lærði hjá Guðrúnu. Svo finn ég líka hvað bætiefnin hafa gert mér gott. Á hreinsikúrnum tók ég inn bætiefni frá NOW Magnesium & Calcium 2:1, Omega-3, Silymarin, hvítlaukshylki, Probiotic 10-25 billjón góðgerla og Psyllium Husk trefjar til að styðja við góðgerlana. Flest af þessu held ég því áfram að taka til að líða bara enn betur," segir Bryndís um leið og hún kveður, því hún er að drífa sig í ræktina.




Probiotics 10-25 billion er blanda af mismunandi góðgerlum, sem stuðla að heibrigðri þarmaflóru, bæta meltingu og vinna gegn sveppasýkingu og bakflæði.




Psyllium husk trefjarnar eru góð fæða fyrir góðgerlaflóruna í meltingarveginum. Þær koma reglu á meltinguna og eru góðar bæði gegn hægðatregðu og niðurgangi.




Omega-3 frá NOW inniheldur hreina fiskiolíu sem er góð fyrir heilbrigða og sterka liði, sem og fyrir hjarta- og æðakerfið. Fín þegar „skipta á um olíu" í skrokknum.




Odorless Garlic – hvítlaukstöflur sem drepa bakteríur bæði í maga og þörmum og styrkja þar með ónæmiskerfið og stuðla einnig að heilbrigðu hjarta og æðakerfi.




Magnesium/kalk – Marga skortir magnesíum því það eyðist í líkamanum undir álagi. Þessi blanda af magnesíum, kalki, D-vítamíni og sinki, stuðlar að upptöku líkamans.




Silymarin – virka efnið í mjólkurþistli, er styrkjandi fyrir lifur og stuðlar að endurnýjun lifrarfrumna. Mjólkurþistill er einnig talinn virka vel gegn bólum.

NOW vörurnar fást í öllum helstu apótekum, Nettó, Krónunni, Fjarðarkaupum, Hagkaup, Heilsutorgi Blómavals & Melabúðinni.

Upplýsingar um námskeið Guðrúnar í Reykjavík, Skagafirði og á Akureyri er að finna á www.gudrunbergmann.is undir Námskeið.

# Gamalt í nýjum búningi

Það er gaman að prófa nýjar útfærslur á hollu hráefni. Smjör, sítróna og smá majónes er góð leið til að elda fisk að mati Elíasar Guðmundssonar sem gefur hér uppskrift að ljúffengum helgarrétti.

Smjör, rjómi, sítróna og smá majónes er alltaf skothelda leiðin til að elda fisk en það er um að gera að prófa eitthvað gamalt og þekkt en í nýjum búningi, segir Elías Guðmundsson frá Fisherman fiskisjoppu & eldhúsi sem var opnað í vetur í Vesturbæ Reykjavíkur. „Sem dæmi má nefna smjörsteiktar gellur en þær eru einn af vinsælustu réttunum okkar. Það er skemmtileg nostalgía í kringum gellurnar og það er hægt að gera svo margt skemmtilegt við þær annað en að sjóða þær eins og maður fékk sem krakki. Ég fæ reyndar líka alltaf sting í hjartað þegar ég sé soðna ýsu en venjur eru eins margar og við erum mörg.“

Hann segir viðtökurnar hafa verið frábærar í vetur og gaman að sjá hvað vel hafi verið tekið á móti þeim í Vesturbænum. „Gestir eru að taka vel í þessa hugmynd okkar að hafa fiskiborð þar sem fólk getur valið sér bita til að fá eldaðan á staðnum eða til að taka með heim. Við erum með nokkra samsetta fiskrétti en svo getur fólk sett saman sína eigin máltíð með því að velja fisktegund, meðlæti og sósu.“

Elías segir ekki hafa borið mikið á þess háttar afgreiðslu á fiski hér á landi en hún sé mjög vel þekkt í Evrópu, sérstaklega í Þýskalandi, Belgíu, Hollandi og einnig í Bandaríkjunum. „Ég held að munurinn á Íslandi og öðrum löndum sé sá að hér heima er fiskur mikið að seljast í marineringum í fiskbúðum en erlendis lítur fólk á fisk í marineringu öðrum augum, eða sem gamalt hráefni sem þarf að fela. Við höfum svo frábæran fisk hér á Íslandi að þetta ætti að sjálfsögðu að vera öfugt. Nýr fiskur eins og við erum að selja á bara alls ekki að fara í marineringu að mínu mati.“

Hér gefur Elías lesendum Fréttablaðsins ljúffenga og einfalda uppskrift fyrir helgina.



„Það er skemmtileg nostalgía í kringum gellurnar og það er hægt að gera svo margt skemmtilegt við þær annað en að sjóða þær eins og maður fékk sem krakki,“ segir Elías Guðmundsson matgæðingur. MYND/ERNIR

## Þorskhnakki með steiktu grænmeti og aioli sósu

Uppskrift fyrir 2



### Aioli sósa

**100 ml ólívuolía**
**2 eggjarauður**
**2 hvítlauksrif**
**1 msk. sítrónusafi**
**Chili eftir smekk**

Best er að gera sósuna með góðum fyrirvara og jafnvel aukaskammt því hún geymist vel í kæli. Látið eggjarauður í skál yfir heitt vatnsbað og þeytið þangað til þær fara að þykkna. Hellið þá olíu smátt og smátt saman við eggin í mjóum taumi og þeytið rösklega þar til þetta er orðið að majónesi. Bætið að lokum maukuðum hvítlauk út í ásamt sítrónusafa, smakkið og bragðbætið eftir þörfum. Gott er að láta fínt saxað chili í sósuna ef bragðlaukarnir eru í stuði. Sósan er best ef hún fær að standa eina nótt í kæli áður en hún er borin fram.

### Fiskurinn

**Þorskhnakkar (250 g á mann)**
**Smá hveiti**
**Salt og hvítur pipar**
**Olía til steikingar**
**Smjörklípa**



Þorskhnakki með steiktu grænmeti og aioli sósu.

### Kartöflumús (100 g á mann)

**Ferskt niðurskorið grænmeti að vild, t.d. paprika, kúrbítur, fennel, rauðlaukur og ferskur aspas**

Útbúið kartöflumús áður en fiskurinn er eldaður, miðið við um 100 grömm á mann og setjið í eldfast mót.

Best er að velja fallega línuveidda þorskhnakka, ekki of þykka, sem hafa ekki verið frystir. Línuveiddur fiskur er oftast hvítari, þéttari í sér og laus við blóðsprungið hold.

Fiskur sem hefur verið í frosti tapar vökva í afþíðingu svo hann getur átt það til að vera þurr og laus í sér við steikingu á pönnu.

Veltið þorskhnakkanum upp úr hveiti og leggið á snarpheita pönnu. Steikið í u.þ.b. tvær mínútur á hvorri hlið upp úr olíu. Kryddið með salti og hvítum pipar.

Þegar búið er að snúa fiskinum við á pönnunni er gott að setja klípu af smjöri út á pönnuna því smjörið gefur fiski alltaf gott bragð og útlitið á steikingunni verður fallegra.

Þegar búið er að loka fiskinum með steikingu á pönnu er fiskurinn settur upp á kartöflumúsina í eldfast mótið og smurður vel að ofan með aioli sósunni.

Á sama tíma er ferskt niðurskorið grænmeti að eigin vali steikt á pönnu upp úr olíu við mikinn hita og svo sett til hliðar við fiskinn í mótinu.

Að lokum fer fiskurinn og steikta grænmetið í 150°C heitan ofn þar til aioli sósan fer að brúnast ofan á fiskinum. Þá er ekkert annað eftir en að taka matinn úr ofninum og segja: Gjörið svo vel!



# KJÓLAR FYRIR FERMINGUNA

## STÆRÐIR 14-28 EÐA 42-56

Fallegur fatnaður í stærðum 42-58
sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
eða komdu í verslun Curvy að Fákafeni 9



























Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Krabbamein nýtir ákveðin næringarefni

Ný rannsókn bendir til þess að krabbamein nýti næringarefni úr fæðunni til að dreifa sér. Þessi uppgötvun gæti bætt meðferð við ákveðnum gerðum krabbameins.



Krabbameinsæxli virðast nýta næringarefni sem finnst m.a. í aspas til að dreifa sér. NORDICPHOTOS/GETTY

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Mataræði virðist geta haft áhrif á vöxt og dreifingu krabbameins í líkamanum. Ný rannsókn sem var gerð á músum og birt í vísindaritinu Nature leiddi í ljós að krabbameinsæxli í brjósti áttu erfitt uppdráttar án næringarefnis sem kallast asparagín.

Asparagín er amínósýra sem finnst í aspas, fuglakjöti, sjávarfangi og mörgum öðrum mat, en það dregur nafn sitt af aspas. Vísindamenn vonast til að geta nýtt sér þörf krabbameinsæxla fyrir ákveðin næringarefni til að bæta meðferð.

## Háð ákveðnum næringarefnum

Rannsóknin var unnin af krabbameinsrannsóknarfélaginu Cancer Research UK, breskum góðgerðarsamtökum sem vinna að því að lækna krabbamein.

Hún var gerð á músum sem höfðu ágenga gerð af brjóstakrabbameini. Venjulega myndi meinið draga þær til dauða á örfáum vikum því það dreifir sér hratt um líkamann. En þegar mýsnar fengu mataræði sem innihélt lítið af asparagíni eða lyf sem hindra asparagín áttu æxlin miklu erfiðara með að dreifa sér.

Rannsókn sem var gerð við háskólann í Glasgow á síðasta ári sýndi líka að þegar amínósýrurnar serín og glýsín voru teknar úr mataræði hægðist á vexti krabbameins í eitlum og þörmum.

Vísindamenn segja að það séu auknar vísbendingar um að ákveðnar gerðir af krabbameini séu háðar ákveðnum næringarefnum í mataræði okkar. Í framtíðinni væri kannski hægt að bæta meðferðina við þessum meinum með því að breyta mataræði sjúklinga eða nota lyf sem breyta því hvernig krabbameinsfrumurnar geta náð í þessi næringarefni.

## Mæla ekki með breytingum á mataræði

Fyrsta krabbameinsæxlið er sjaldan banvænt, en þegar krabbamein dreifir sér um líkamann getur það orðið lífshættulegt. Krabbameinsfruma þarf að fara í gegnum miklar breytingar til að dreifa sér. Hún þarf að læra að skilja sig frá aðalæxlinu, lifa af í blóðrásinni og þrífast annars staðar í líkamanum. Rannsakendur telja að asparagín gæti verið nauðsynlegt fyrir þetta ferli.

Hugsanlega verða sjúklingar á endanum látnir drekka sérstaka næringardrykki sem hafa öll nauðsynleg næringarefni, en skortir asparagín. Það er líka mögulegt að þessi uppgötvun leiði til þess að lyf sem er nú notað gegn eitilfrumuhvítblæði verði líka nýtt gegn brjóstakrabbameini.

En það er enn þá þörf á frekar rannsóknum og það er eftir að staðfesta þessar niðurstöður í rannsóknum á mannfólki.

Það er því ekki mælt með að fólk breyti mataræði sínu vegna þessarar rannsóknar og það er hvort sem er erfitt að taka asparagín út úr fæðunni, þannig að fólk ætti ekki að forðast að borða aspas. Rannsakendur mæla einfaldlega með hollu og fjölbreyttu mataræði.

FEBRÚAR 10.

DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA

DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA ER HALDINN ANNAN LAUGARDAG Í FEBRÚAR ÁR HVERT SEM NÚ BER UPP Á DAGINN Í DAG - 10. FEBRÚAR.

TÓNLISTARSKÓLAR LANDSINS ERU UM 90 TALSINS OG Í ÞEIM FER FRAM GRÍÐARLEGA FJÖLBREYTT OG ÖFLUGT STARF. Á HÁTÍÐISDEGI ÞEIRRA, DEGI TÓNLISTARSKÓLANNA, EFNA SKÓLARNIR TIL ÝMISKONAR VIÐBURÐA TIL AÐ VEKJA ATHYGLI Á STARFSEMI SINNI. MARKMIÐIÐ ER AÐ AUKA SÝNILEIKA OG STYRKJA TENGSL TÓNLISTARSKÓLANNA VIÐ NÆRSAMFÉLAGIÐ.

Verið velkomin

NÝI TÓNLISTARSKÓLINN
Árlegur þemadagur. Þemað í ár er amerísk tónlist.
Boðið verður upp á sex stutta tónleika á tímabilinu 10:30–14:30
Gestum boðið upp á heitt súkkulaði og nýsteiktar kleinur.

SÖNGSKÓLI SIGURÐAR DEMETZ
HRUNADANSINN í ¾. Óperusýning í léttum dúr á sal skólans i Ármúla 44., 3. hæð. Sýningar kl. 15 og 17. Aðgangur er ókeypis.

SUZUKITÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Tónleikar kl. 14 í sal skólans í Sóltúni 24. Allir velkomnir.

TÓNLISTARSKÓLINN Í FELLABÆ.
Miðvikudaginn 28.febrúar kl:18:00 í sal Fellaskóla verða blandaðir tónleikar þar sem bæði nemendur leika klassíska og rytmíska tónlist.

TÓNLISTARSKÓLI GARÐABÆJAR
Í ár er samspil megin þema í Tónlistarskóla Garðabæjar.
Haldnir verða 14 stuttir tónleikar í tónleikasal og blásarasal skólans þar sem fram koma hljómsveitir, samspilshópar af ýmsum stærðum og gerðum, söngvarar og einleikarar.
Öll dagskráin fer fram í húsnæði skólans að Kirkjulundi 11 kl. 10.30 til kl. 15.00.

TÓNLISTARSKÓLINN Í GRAVARVOGI
ætlar að fjölmenna á ævintýratónleika Ævars vísindamanns með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu. Tónlist úr Harry Potter, Hringadróttinssögu, Draugabönum o.fl. Tónleikar kl. 14 og 16.

TÓNLISTARSKÓLI HAFNARFJARÐAR
Hljóðfærakynning fyrir nemendur í forskóla kl. 10 í Hásölum
Tónleikar á Torginu og í Hásölum til kl. 16.
Nemendur í rytmíska skólanum í Tónkvísl halda stutta tónleika víðs vegar í Hafnarfirði.

TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR *
Dagskrá í húsnæði skólans á Hjallavegi 2.
Kl. 10.45: Rokkhljómsveit úr Rytmískri deild skólans leikur.
Kl. 11.00 Hljóðfærakynningar fyrir nemendur Forskóla 2.
Kl. 11.00 Tónlistaratriði á göngum skólans.
Kl. 12.00: Tónfræðikeppni í tónleikasalnum Bergi. Vegleg verðlaun.
Kl.12.50: „Hljómsveitir kallast á“.
Nemendur Tónvers skólans munu streyma dagskránni beint um Facebooksíðu skólans.
Kaffihús Strengjadeildar opið meðan á dagskrá stendur.

* Hátíðardagskrán er færð til 17. feb. vegna ófærðar.

TÓNLISTARSKÓLI SELTJARNARNESS
Opið hús frá kl. 14:00 – 16:00 þar sem boðið verður upp á tónlist af ýmsu tagi. Foreldrafélag lúðrasveitarinnar stendur fyrir kaffisölu.

TÓNLISTARSKÓLI STYKKISHÓLMS
Laugardaginn 24. febrúar eru tónleikar í tilefni af Degi tónlistarskólanna í Stykkishólmskirkju kl. 14:00. Eftir tónleika verður kaffihlaðborð í umsjá foreldrafélags lúðrasveitarinnar.

TÓNSKÓLINN DO RE MI
Tónleikar kl 11:00 með öllum þeim hljóðfærum sem boðið er upp á í skólanum.
Nemendur kynna verkin sem þau leika sjálfir.

TÓNSKÓLI EDDU BORG
Opið hús í húsnæði skólans, Kleifarseli 18, á milli kl. 13–15.Tekið verður á móti gestum með slagverksatriði og nemendur skólans leika fyrir gesti í miðrými og í sal.
Boðið verður upp á vöfflur með rjóma og kaffi.

TÓNSKÓLI HÖRPUNNAR
Spönginni 39, Grafarvogi verður með opið hús á milli kl. 14:00 og 16:00.
Þar verður boðið upp á hljóðfærakynningu, nemendur spila í salnum og kennarar munu jafnvel grípa í hljóðfæri. Myndasýning úr starfi skólans og nýbakaðar vöfflur með rjóma. Allir velkomnir.

TÓNSKÓLI SIGURSVEINS D.KRISTINSSONAR
Árleg hljóðfærakynning kl. 11–13 fyrir nemendur í forskóla, í Hraunbergi 2
Úrvalstónleikar fyrir Nótuna kl. 14:30 á Engjateigi 1

TÓNLISTARSKÓLINN Í GRINDAVÍK
Opið hús milli kl. 14:00 og 16:00 í Tónlistarskólanum við Ásabraut 2.
Heitt kaffi á könnunni. Nemendur skólans spila fyrir gesti og gangandi á heila og hálfa tímanum.
Allir hjartanlega velkomnir.

TÓNSKÓLI AUSTUR –SKAFTAFELLSSÝSLU
Opið hús frá kl. 11.30 –15.00 Tónleikar verða í sal skólans allan tímann. Kl. 13.00 Dagskrá fyrir forskólanemendur og aðra sem vilja koma.

TÓNLISTARSKÓLINN Í GARÐI
ætlar að vera með opið hús og taka í notkun nýtt og endurbætt húsnæði í tilefni af Degi tónlistarskólanna.
Opna húsið verður milli kl.15 og 16:30 þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að skoða húsnæðið og hlusta á fagra tóna hjá nemendum skólans.

## Bílar & Farartæki

588 0700 Bilabankinn.is



TOYOTA Land cruiser 120 vx 38" 8 manna. Árgerð 2003, ekinn 238 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 3.980.000. Rnr.156931 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti.Bilabankinn S. 5880700 eða 6930053



TOYOTA Prius hybrid 100% Lán . Árgerð 2010, ekinn 123 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.261747 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti.Bilabankinn S. 5880700 eða 6930053

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið virka daga 12-18 og laugard. 12-15**
**www.bilabankinn.is**

SUZUKI



Suzuki Fjórhjól Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



FORD TRANSIT 350 TREND L3 FWD nýr og ókeyrður dísel, 6 gíra. Verð 4.490.000 kr. + vsk. Raðn. 257474 Eigum von á 4wd bílum.



M.BENZ SPRINTER 316D L2H1 03/2012, ekinn aðeins 97 Þ.km, dísel, beinskiptur. Verð 2.590.000 kr. +vsk. Raðn. 257463



RENAULT CAPTUR INTENS nýskr. 07/2017, ekinn 2 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000 kr. Raðnúmer 257380

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

## Bílar til sölu



**ATH SKIPTI !**

Toyota Landcruser 38" 2003 VX ek. 238 þús. 8 manna leður aukatankur - - Loftdæla - Leitarljós - Webasto - VHF stöð - síkkun á gólfi fyrir öftustu röð - Prófiltengi framan og aftan. Nýsk. 2019 Verð 3980 þús. Skoða skipti, möguleiki á 100% láni. Uppl 693-0053

## Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**

Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**TRÉSMIÐUR**

Þarft þú að gera endurbætur á eigninni þinni, fáðu tilboð í það sem þú þarft að framkvæma.

Tek að mér alla almenna trésmíðavinnu jafnt innan sem utan dyra. Til dæmis uppsettning innréttinga, milliveggja, hurða, parketlögn, gler skipti, þakjárn, utanhúsklæðningu, sólpalla og margt fl.

Uppl. í s: 8931901

Svanur Tómasson Húsasmiður

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

**TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !**

Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
**Múrum og smíðum ehf**

---

**Komdu og prófaðu!**

# bill.is

Malarhöfði 2
Sími 5773777
www.bill.is



**FORD Fiesta eco boost 100hö.**
Árgerð 2017, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.990.000.**
Rnr.260569.



**HYUNDAI I20.**
Árgerð 2017, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð 1.980.000.**
Rnr.260717.



**VW Tiguan.**
Árgerð 2014, ekinn 98 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar.
**Verð 2.790.000.**
Rnr.271042.



**FORD Expedition el xlt 4wd.**
Árgerð 2014, ekinn 21 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 7.690.000.**
Rnr.260573.



**VW Beetle .**
Árgerð 2012, ekinn 55 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
**Verð 1.950.000.**
Rnr.271216.



**FORD Mondeo diesel.**
Árgerð 2010, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 1.390.000.**
Rnr.260885.



**NISSAN Note.**
Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð 1.790.000.**
Rnr.260726.



**BMW 520 d xdrive m teck.**
Árgerð 2016, ekinn 7 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.
**Verð 6.990.000.**
Rnr.270346.

FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.




Allt sem þú þarft ...

# Sendiherra segir nýja löggjöf um Helförina nauðsyn

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Nýr sendiherra Póllands á Íslandi segir lög um að bannað verði að segja pólsku þjóðina og pólska ríkið bera ábyrgð á Helförinni hafi verið nauðsynleg til að útrýma ósönnum staðhæfingum.



Gerard Pokruszynski, nýr sendiherra Póllands á Íslandi. NORDICPHOTOS/AFP

Gerard Pokruszynski, nýjan sendiherra Póllands hér á landi, hafði alltaf dreymt um að heimsækja Ísland. Áður hefur hann meðal annars starfað sem ræðismaður í Mílanó, Malmö og á Sikiley og þá hefur hann unnið fyrir Pólverja í París og í pólska sendiráðinu í Kænugarði á meðan mótmælin á hinu fræga Maidan-torgi stóðu sem hæst.

„Síðan skipaði ráðherra mér að fara til Íslands og það var mjög ánægjulegt. Mig hafði alltaf dreymt um að heimsækja Ísland. Ég átti ekki von á því að vera sendur í svona langa heimsókn,“ segir Pokruszynski.

**Umdeild Helfararlög**

Undanfarna daga hefur mikið verið deilt um nýsamþykkt frumvarp pólska þingsins sem gerir það refsivert að saka pólsku þjóðina, eða pólska ríkið, um að hafa borið ábyrgð á Helförinni. Verður þriggja ára fangelsisvist við brotinu.

Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og talsmenn Yad Vashem, ísraelska minningarsetursins um fórnarlömb Helfararinnar, eru á meðal þeirra sem gagnrýnt hafa frumvarpið. Kom meðal annars fram í yfirlýsingu frá Yad Vashem að með löggjöfinni væri reynt að fela þann „sagnfræðilega sannleik að pólskir einstaklingar hefðu aðstoðað Þjóðverja á meðan á Helförinni stóð“.

Nú liggur fyrir að forseti Póllands hefur skrifað undir frumvarpið. Hins vegar á eftir að senda það fyrir stjórnlagadómstól landsins.

Af þessu tilefni settist blaðamaður Fréttablaðsins niður með, og ræddi við, Pokruszynski sendiherra.

> NÚ VAR ÞAÐ BARA AÐ DUGA EÐA DREPAST. ÞETTA ER OKKAR RÚBIKON.

**Myrt fyrir að fela gyðinga**

„Ég vil byrja á því að segja þér frá Ulmów-fjölskyldunni. Það var pólsk fjölskylda sem bjó í Markowa og faldi þar átta gyðinga, tvær fjölskyldur, fyrir nasistum,“ segir Pokruszynski og bætir við að pólskur maður hafi síðan upplýst nasista um felustaðinn. Þá hafi þau öll verið drepin. Gyðingafjölskyldurnar, Józef og Wiktoria Ulmów, sem var ólétt, og sex ung börn þeirra. Pokruszynski segir söguna táknræna. Viðbrögð pólsku ríkisstjórnarinnar, sem hafi verið í útlegð í Lundúnum, hafi verið að hafa uppi á samverkamanninum, Włodzimierz Leś, og taka hann af lífi.

„Innan pólska ríkisins vorum við með nefnd sem hét Zegota. Hún leitaði að samverkamönnum nasista. Venjulega var dauðarefsing við slíku samstarfi. Þetta er sannleikurinn í málinu,“ segir Pokruszynski.

Sendiherrann segir að glæpamenn verði alltaf til. Á stríðstímum sé engin undanþága frá þeirri reglu. „Sérstaklega á þessum tíma, þegar pólska dómskerfið lá niðri og hagkerfið var í rúst. Glæpamenn, sérstaklega í upphafi stríðs, héldu að þeir kæmust upp með hvað sem er.“

Líkt og Ulmów-fjölskyldan segir Pokruszynski að um 70.000 Pólverjar hafi falið gyðinga í stríðinu í Varsjá einni. Við því hafi nasistar beitt dauðarefsingu. „Það þýðir að þessir Pólverjar hættu bæði eigin lífi og lífi barna sinna til að hjálpa gyðingum.“

Tekur sendiherra annað dæmi og nefnir Sabinski-hjónin. „Þau földu gyðinga, um hundrað talsins, í dýragarðinum í Varsjá. Hann fór daglega í gettóið til að fá matarleifar fyrir dýrin. En í hvert skipti smyglaði hann með sér fjölskyldum.“

Nasistum var hins vegar ekki bent á gjörðir hjónanna og nú sé ekki bara hægt að skoða dýr í dýragarðinum heldur einnig felustaði gyðinga.

**Þjóðin og ríkið ekki ábyrg**

„Staðreyndirnar eru eins og þær eru. Sumir störfuðu með nasistum. En við samþykkjum hins vegar ekki að pólska þjóðin, eða pólska ríkið, hafi borið ábyrgð á Helförinni. Alltaf þegar við heyrum slíku haldið fram særir það okkur. Okkur finnst þetta sagnfræðileg ósannindi sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum,“ segir Pokruszynski.

Hann bætir því jafnframt við að ekki verði gert ólöglegt að ræða um glæpi einstaklinga sem bentu á felustaði gyðinga. Löggjöfin snúist um að ekki verði leyfilegt að segja Pólverja í heild bera ábyrgð á voðaverkum nasista.

Sendiherrann bendir á tvö nýleg viðtöl við þá Sigmar Gabriel, fráfarandi utanríkisráðherra Þýskalands, og Moshe Arens, fyrrverandi utanríkisráðherra Ísraels.



Ulmów-fjölskyldan var myrt fyrir að fela gyðinga. MYND/PÓLSKA SENDIRÁÐIÐ

> Í ÁRATUGI HÖFUM VIÐ SÝNT ÞOLINMÆÐI OG ÚTSKÝRT AÐ ÞAÐ SÉ RANGT AÐ TALA UM „PÓLSKAR ÚTRÝMINGARBÚÐIR“. ÞAÐ ER LYGI. ÞAÐ Á SÉR ENGA STOÐ Í RAUNVERULEIKANUM. ÞETTA ERU SAGNFRÆÐILEG ÓSANNINDI.

„Gabriel sagði í vikunni að öll ábyrgðin á Helförinni væri Þjóðverja, þýska ríkisins. Arens sagði hið sama. Að ómögulegt væri að kenna Pólverjum um Helförina,“ segir Pokruszynski og bætir við:

„Eins og Moshe Arens sagði, Pólland var eina undantekningin í Evrópu. Þar var engin ríkisstofnun sem vann með nasistum. Það tíðkaðist annars staðar. Pólland gerði það ekki. En auðvitað er ekki hægt að neita því að einstaklingar hafi starfað með nasistum.“ Pokruszynski tekur þó fram að Arens sé ósammála löggjöfinni. Finnist hún ganga of langt.

**Löggjöfin nauðsynleg**

„Í áratugi höfum við sýnt þolinmæði og útskýrt að það sé rangt að tala um „pólskar útrýmingarbúðir“. Það er lygi. Það á sér enga stoð í raunveruleikanum. Þetta eru sagnfræðileg ósannindi. En þessi nálgun hefur ekki virkað. Þetta heyrist enn,“ segir Pokruszynski.

Sendiherrann bætir því við að nú hafi ríkisstjórnin og þingið ákveðið að samþykkja frumvarpið. Allir sem endurtaki orðin um „pólskar útrýmingarbúðir“ gætu sætt refsingu. Sú ákvörðun sé hins vegar dómstóla að taka, ekki stjórnmálamanna.

„Við viljum að saga okkar sé aðgengileg. Við viljum ekki hylma yfir neitt. Við viðhöldum og höldum opnum stöðunum þar sem þessi voðaverk voru framin. Við höfum byggt upp og viðhaldið þessum stöðum svo það sé hægt að heimsækja þá. Til að mynda Auschwitz, Stutthof, Majdanek, Treblinka og svo framvegis,“ segir Pokruszynski.

Um löggjöfina segir hann: „Nú var það bara að duga eða drepast. Þetta er okkar Rúbíkon. Það er ekki hægt að leyfa fólki að tala um „pólskar útrýmingarbúðir“ lengur. Það er ekki rétt.“ Þá segir hann að hvaða þjóð sem er myndi fá nóg eftir áratugi af staðhæfingum sem þessum.

Pokruszynski er ósammála því að löggjöfin muni hamla fræðastarfi og tjáningarfrelsinu, líkt og andstæðingar löggjafarinnar hafa haldið fram. Segir hann að aðstoðardómsmálaráðherra hafi átt fund með sendiherra Ísraela til að bera lögin undir hana. Sendiherrann hafi sagt að lögin mættu alls ekki hamla vísindamönnum og listamönnum. Annars væru þau í lagi.

„Eftir það bættum við þeirri klausu við frumvarpið að þessi svið væru undanskilin. En eftir samþykkt frumvarpsins ákveður sendiherrann samt að mótmæla því. Við vitum ekki hvort það sé vegna komandi kosninga í Ísrael eða hver ástæðan er yfirhöfuð.“

Aðspurður um hvort löggjöfin sé nauðsynleg segir Pokruszynski að ríkisstjórnin hafi sagt já, sem og þingið. „En mín persónulega skoðun, byggð á minni reynslu við að mótmæla þessari umræðu, er já.“

Hann segist jafnframt vona að löggjöfin muni virka á þann hátt að útrýma þessum staðhæfingum en leiða ekki til að neinum verði refsað. „Ég vona að þetta verði bara möguleiki sem þurfi aldrei að beita.“


SALTKJÖT
OG BAUNIR, TÚKALL
KJARNAFÆÐI
Saltkjöt
BLANDAÐ
1.370kg
Stofnað 1985
KJARNAFÆÐI LAMBA SALTKJÖT BLANDAÐ
1499 KR. KG.
Hagkvæmt fyrir heimilið!
KJARNAFÆÐI
LAMBAKJÖT SALTAÐ ÓDÝRT
0.958kg
ódýrt! ódýrt! ódýrt! ódýrt!
KJARNAFÆÐI LAMBA SALTKJÖT ÓDÝRT
649 KR. KG.
SINCE 1935
JACK RABBIT BRAND
YELLOW SPLIT PEAS
ARVEJAS PARTIDAS AMARILLA
GULAR BAUNIR JACK RABBIT
299 KR. STK.
454 G
BAUNASÚPU · GRUNNUR
1 L
KÖTLU BAUNASÚPU GRUNNUR
449 KR. STK.
1 L
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland

# Laxatunga 105 – 115

OPIÐ HÚS

**Sölusýning er sunnudaginn 11. febrúar kl. 13:00 - 13:30**




## Laxatunga 105



## Laxatunga 107




## Laxatunga 109



## Laxatunga 111



## Laxatunga 113




## Laxatunga 115

Sex glæsileg og vönduð 5 herbergja raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr í Mosfellsbæ. Einstaklega vel skipulögð fjölskylduhús með góðum palli.
Birt stærð eigna er 178,4 fm. þar af er íbúðarhluti 146 fm. og innbyggður bílskúr 32,4 fm. Í húsunum eru 4 svefnherbergi.
Kaupendur fá húsin tilbúin til innréttinga með grófjafnaðri lóð og palli í garði.
Húsin eru staðsteypt með tvíhallandi timburþaki. Húsin verða fullbúin að utan, með ál/timbur gluggum og klædd með álplötum.

**Skipulag:**
Bílskúr, anddyri, stofa, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi og sér baðherbergi, 3 barnaherbergi og milliloft.

**Verð frá 58,4 millj.**

OPIÐ HÚS



## Bakkasel 30 – 109 Reykjavík

**Verð: 79,9 millj.**

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 12. FEBRÚAR KL. 17:00 – 17:30**
Fallegt og vel staðsett endaraðhús með sérstæðum 19,5 fm. bílskúr. Eignin er skráð 253,3 fm. en gólfflötur er stærri. Björt og rúmgóð ósamþykkt aukaíbúð er á neðstu hæð hússins með sérinngangi. Gróinn garður með stórum palli og skjólveggjum.

OPIÐ HÚS



## Kleppsvegur 120 – 104 Reykjavík

**Verð: 33,8 millj.**

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 13. FEBRÚAR KL. 17:00 – 17:30**
Vel staðsett 3-4 herbergja 87,6 fm. íbúð á 4. hæð í fjölbýli með mikla möguleika.
Íbúðin er upprunalega skipulögð sem 4ra herb. Áhugaverð eign fyrir laghenta.

OPIÐ HÚS



## Framnesvegur 62 – 101 Reykjavík

**Verð: 54,9 millj.**

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 13. FEBRÚAR KL. 18:00 – 18:30**
Björt og vel skipulögð 3-4ra herbergja 124,3 fm. íbúð á 1. hæð (gengið beint inn) með bílastæði í bílakjallara. Útgengt af svölum á hellulagða verönd. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð.

OPIÐ HÚS



## Suðurhólar 35A – 111 Reykjavík

**Verð: 34,9 millj.**

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 14. FEBRÚAR KL. 17:00 – 17:30**
Virkilega góð 71,2 fm. tveggja herbergja íbúð með sérinngangi í litlu fjölbýli. Eignin er rúmgóð, opin og björt með hellulögðum palli er snýr til suðurs.

Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

**TRAUSTI** fasteignasala

**Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is**
**s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík**



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949



**Einar P. Pálsson**
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392



**Guðbjörg Matthíasdóttir.**
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984



**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 869-4879



**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985



**Styrmir Þór Sævarsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 846-6568



**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
S: 693-1837



**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124



**Garðar Kjartansson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779



**Erla Árnadóttir**
BA í lögfræði.
Hefur lokið prófi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
S: 864-8463



**Garðar B. Sigurjónsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 898-0255

# VIÐ ERUM TRAUSTI




## Vindakór 5-7 – 203 Kópavogur

**Verð: 66,9 millj.**

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 11. FEBRÚAR KL. 14:30 – 15:00**

Björt og rúmgóð 5 herbergja íbúð með sérinngangi á 1. hæð í góðu fjölbýli. Eignin er skráð 176,9 fm. þar af er íbúðin 156,6 Wfm. og geymsla 20,3 fm. Frá stofu er gengið út á ca. 70 fm. pall. Auðvelt er að útbúa fjórða svefnherbergið. Rúmgott bílastæði í bílakjallara fylgir eigninni og er ekki inni í fermetratölunni.




## Suðurgata 7 – 101 Reykjavík

**Verð: 49,9 millj.**

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 13. FEBRÚAR KL. 17:30 – 18:00**

Skemmtileg 94,5 fm. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á 1. hæð. Stór geymsla er innan íbúðar. Frá eldhúsi er útgengt út á rúmgóðan pall. Frábærlega staðsett eign þar sem stutt er í miðbæinn og Tjörnina.




## Flúðasel 91 – 109 Reykjavík

**Verð: 39,5 millj.**

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 14. FEBRÚAR KL. 17:30 - 18:00**

Björt og falleg 104,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Rúmgóð stofa með útgengi á suðursvalir. Baðherbergi nýuppgert. Stutt í íþróttasvæði, leik- og grunnskóla.




## Flatahraun 1 – 220 Hafnarfjörður

**Verð: 30,9 millj.**

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 14. FEBRÚAR KL. 18:00 – 18:30**

Falleg, snyrtileg og björt 70.2 fm. 2ja herb. íbúð á 3. hæð á góðum stað í Hafnarfirði. Frá stofu er gengið út á góðar svalir með útsýni. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, svefnh., baðh. og þvottahús. Sérgeymsla í kjallara og sérmerkt bílastæði í bílageymslu. Lyfta er í húsinu.



## Sæbakki 25a og 25b - 740 Neskaupstaður

**Verð: 39,0 millj.**

Tvö fullbúin og vönduð 124 fm. raðhús með fallegu útsýni. Nýbygging. Rúmgóð stofa, eldhús með nýrri innréttingu og eldhústækjum, 2 svefnherbergi með skápum og 1 baðherbergi. Innbyggður 31 fm. bílskúr. Hiti í gólfi. Geymsluloft með góðri lofthæð. Gönguleiðir í nágrenninu.




## Kjarrhólmi 10 – 200 Kópavogur

**Verð: 37,9 millj.**

Vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Íbúðin er skráð 89,5 fm. Suðursvalir. Rúmgóð sérgeymsla er í kjallara. Góð íbúð á barnvænum stað í nálægð við Fossvogsdalinn.

**Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík**

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um gleymda bók.



# Þjóðverjahatrið og risafallbyssan

Árið 1871 lauk skammvinnu stríði Prússa og Frakka með fullnaðarsigri þeirra fyrrnefndu. Fransk-prússneska stríðið reyndist afdrifaríkt á mörgum sviðum. Í Frakklandi hrökklaðist Napóleon 3. frá völdum en þess í stað var lýðveldi komið á fót. Sigurinn stuðlaði jafnframt að sameiningu Þýskalands í eitt ríki og varð franska héraðið Alsace-Lorraine hluti hins nýja Þýskalands.

Þótt við tæki rúmlega fjögurra áratuga tímabil friðar í Evrópu, var ýmsum fræjum fyrri heimsstyrjaldarinnar sáð með niðurstöðum styrjaldarinnar. Til varð nýtt og öflugt stórveldi, Þýskaland, með ríkan metnað til frekari áhrifa á alþjóðavettvangi.

Meira máli skipti þó að sigur Prússa mátti augljóslega skýra með tæknilegum yfirburðum þeirra. Þjóðverjar voru framarlega í iðnbyltingunni, bjuggu yfir öflugu kerfi járnbrautarlesta, járn- og stáliðnaður þeirra var öflugur og þýskar vopnaverksmiðjur framleiddu stærri og öflugri fallbyssur en áður höfðu sést.

Af þessu drógu stórveldi álfunnar rökrétta ályktun: næsta stórstyrjöld myndi ekki vinnast á því einu að hafa slyngustu hershöfðingjana og flesta menn undir vopnum, heldur með tækni og hergögnum. Afleiðingin varð vígbúnaðarkapphlaup sem lauk með hildarleik fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Í Frakklandi risti ósigurinn djúp sár í þjóðarsálina. Niðurlægingin var Frökkum þungbær og leiddi af sér hatur í garð Þjóðverja. Í byrjun nítjándu aldar höfðu ósigrar fyrir Frökkum á vígvellinum orðið til þess að efla samþýska þjóðernisvitund, þar sem þýskir rithöfundar og fræðimenn sleiktu sárin með því að rökstyðja að Þjóðverjar hefðu í það minnsta andlega og menningarlega yfirburði gagnvart nágrönnunum handan Rínar. Nú snerist taflið við og andans menn í Frakklandi fundu sig knúna til að sýna fram á siðferðislega yfirburði sinnar þjóðar andspænis hinum menningarsnauðu Húnum. Í þeim efnum lét hinn þjóðernissinnaði franski rithöfundur Jules Verne ekki sitt eftir liggja.

Áður hefur verið fjallað um Verne á þessum vettvangi, enda einhver áhrifamesti höfundur allra tíma á sviði vísindaskáldskapar. Verne var óhemjuafkastamikill í ritstörfum sínum og þótt eftir hann liggi fjölmargar heimsfrægar skáldsögur, sem þýddar hafa verið á fjölda tungumála og ratað á hvíta tjaldið, þá eru enn fleiri verk eftir hann sem fallið hafa í gleymskunnar dá eða náð lítilli útbreiðslu utan heimalandsins. Dæmi um slíka bók er „Les Cinq cents millions de la Bégum“ frá árinu 1879.

### Ólíkir frændur

Les Cinq cents millions de la Bégum hefur ekki verið gefin út á íslensku. Titilinn mætti ef til vill þýða sem „Auðævi hefðarfrúarinnar“, en orðið „le Bégum“ mun vera indverskt tignarheiti yfir múslimakonur af háum stéttum. Upphaf sögunnar er einmitt á þá leið að frönsk ekkja indversks höfðingja deyr og skilur eftir sig gríðarleg auðævi. Við tekur flókin leit að erfingjum, uns lögmönnum tekst að hafa uppi á tveimur fjarskyldum frændum hefðarfrúarinnar. Annar reynist vera franskur læknir, dr. Sarassin að nafni, en hinn þýskur efnafræðingur, prófessor Schultze.

Þrátt fyrir frændsemina hefðu mennirnir tveir vart getað verið ólíkari. Dr. Sarassin var mannvinur sem hafði þungar áhyggjur af óheilnæmum aðstæðum í stórborgum samtímans, sem væru gróðrarstía sjúkdóma með mengun sinni og bakteríum. Sá þýski var hins vegar hrokagikkur sem sannfærður var um yfirburði þýska kynstofnsins. Hann ól með sér drauma um smíði öflugra vopna, sem leiða myndu til heimsyfirráða hinnar saxnesku herraþjóðar. Velktust fáir í vafa um að fyrirmynd persónunnar væri þýski iðnjöfurinn og stálframleiðandinn Alfred Krupp, en fallbyssur hans voru öðru fremur taldar hafa tryggt stríðsgæfu Prússa á undangengnum árum.

Með hjálp auðæva ríku frænkunnar fengu frændurnir færi á að hrinda hugsjónum sínum í framkvæmd. Þótt undarlegt kunni að virðast, duttu þeir báðir niður á sömu hugmynd: að leita á náðir Bandaríkjastjórnar og fá úthlutað landskika til að stofna sín eigin borgríki. Festu þeir kaup á landsvæðum skammt hvor frá öðrum í ríkinu Oregon og hófust þegar handa við að byggja upp samfélög eftir sínu höfði.

Dr. Sarassin skapaði borg, Ville-France, þar sem heilsa og lífsgæði íbúanna voru í öndvegi. Stjórnskipulagið líktist helst konungsbundnu þingræði ýmissa Evrópuríkja, þar sem stofnandinn sat á friðarstóli og vakti yfir velferð borgaranna. Annað var upp á teningnum í Stálborginni eða Stahlstadt, þar sem prófessor Schultze ríkti sem einræðisherra.

Prófessorinn grimmi hélt öllum þráðum valdsins í höndum sér, en borg hans var byggð upp á þann hátt að utan um innsta kjarna hennar voru fjölmargir múrar sem hver um sig héldu úti þeim sem neðar voru settir í virðingarstiganum. Voru hörð viðurlög við því að gægjast inn á forboðin svæði og raunar var ströngum refsingum beitt við minnstu yfirsjónir. Lítið var hirt um heilsufar íbúa Stálborgar, sem var undirlögð af stálvinnslum og verksmiðjum sem seldu vopn um víða veröld.

Hetja bókarinnar er ungur og hjartahreinn piltur, Marcel Bruckmann. Þrátt fyrir þýskt nafnið er Bruckmann einarður franskur þjóðernissinni, en fæddur í Alsace-Lorraine og talar því reiprennandi þýsku. Hann grunar að prófessor Schultze hafi eitthvað illt á prjónunum og afræður því að gerast njósnari í Stálborginni, þar sem hann kemst skjótt til æðstu metorða.

Grunurinn reynist á rökum reistur. Auk þess að stórauðgast á alþjóðlegri vopnasölu hyggur prófessor Schultze á þýsk heimsyfirráð og tortímingu nágranna sinna í Ville-France. Á meðan fyrri skúrkar í verkum Jules Verne höfðu allir átt sínar málsbætur og yfirleitt unnið ódæði sín í góðri trú, er prófessor Schultze hreinræktað illmenni. Hann er fullur af þjóðernishroka og sleggjudómar hans um aðrar þjóðir eru slíkir að persónan virðist fáránleg. En þótt höfundurinn hæðist að þessum fordómum prófessorsins grípur hann sjálfur til einfaldra staðalmynda. Þannig matast Þjóðverjarnir í Stálborg ekki á öðru en súrkáli og bjór.

### Nýr tónn

Hin neikvæða mynd sem dregin er upp af Þjóðverjum í sögunni er frávik frá því sem verið hafði í verkum Verne. Vissulega höfðu flestar aðalsöguhetjur höfundarins verið hugprúðir Frakkar, en þar mátti þó finna persónur af ýmsum þjóðernum. Í Leyndardómum Snæfellsjökuls höfðu aðalsöguhetjurnar til að mynda verið tveir Þjóðverjar. Nú var annað upp á teningnum. Þjóðverjarnir í sögunni eru allir drambsöm flón og ofstopamenn. Liggur beint við að skýra þessa viðhorfsbreytingu með fransk-prússneska stríðinu.

Það var ekki bara viðmót höfundarins í garð einstakra þjóða sem hafði tekið stakkaskiptum í þessu verki. Í sögunni kemur einnig fram mun bölsýnni afstaða til tækninnar og þeirra ógna sem henni gætu fylgt en verið hafði í fyrri verkum. Prófessor Schultze hefur látið smíða risafallbyssu sem skotið gæti alla leið til nágrannaborgarinnar. Skotfæri þessarar vítisvélar voru heldur engar venjulegar fallbyssukúlur, heldur nokkurs konar efnavopn. Áttu þau að leysa úr læðingi gufur sem myndu drepa og frysta allt kvikt þar sem skotin féllu til jarðar. Sturlaði vísindamaðurinn beitir skaðræðisvopni sínu en misreiknar sig: byssukúlan þeytist út í geim og fyrir slysni tekst honum að frysta sjálfan sig. Án einræðisherrans hrynur valdakerfi Stálborgar til grunna og íbúum Ville-France er borgið.

> AUÐÆVI HEFÐARFRÚARINNAR ER FJARRI ÞVÍ EIN AF BETRI SÖGUM JULES VERNE OG ÓLÍKLEGT MÁ TELJA AÐ NOKKRUM KOMI TIL HUGAR AÐ GEFA HANA ÚT Á ÍSLENSKU. SAGAN ER ÞÓ FORVITNILEG HEIMILD UM FRANSKT HUGARFAR ÁRANNA EFTIR ÓSIGURINN GEGN ÞJÓÐVERJUM.

Sumum aðdáenda Jules Verne er mikið í mun að draga fram alla þá spádóma hans sem rættust með tíð og tíma. Hafa þeir hinir sömu bent á Auðævi hefðarfrúarinnar sem spásögn um bæði risafallbyssur og eiturgashernað fyrri heimsstyrjaldarinnar sem og uppgang alræðisstefna á fjórða áratugnum. Hvað sem því líður er eftirtektarvert hversu svartsýnni mynd er dregin upp af eyðileggingarmætti tækninnar í bókinni en í fyrri verkum. Átti þetta stef eftir að verða sífellt fyrirferðarmeira í sögum Verne það sem eftir var af ferli hans.

Ekki er þó víst að heimsendaspárnar séu til marks um vaxandi bölsýni skáldsins með aldrinum. Á það hefur verið bent að Jules Verne hafi alla tíð litið svo á að tæknin gæti reynst mannkyninu jafnt bölvun sem blessun, en útgefandinn hafi framan af lagt fast að honum að einbeita sér að hinu jákvæða.

Þá má ekki gleyma því að Verne kom ekki einn að gerð bókarinnar. Alsiða var að dáðir rithöfundar tækju hugmyndir úr bókum minni spámanna og nýttu í sín eigin verk. Nokkur dæmi voru um slíkt á höfundarferli Verne og fengu upphaflegu höfundarnir þá fulla greiðslu fyrir.

Í þessu tilviki var málið þó örlítið flóknara. Rithöfundurinn Paschal Grousset frá Korsíku, góður vinur Verne, var í útlegð í Lundúnum eftir þátttöku sína í Parísarkommúnunni. Útgefandi þeirra beggja treysti sér ekki til að gefa út verk Grousset meðan svo stóð á. Í útlegðinni samdi Grousset handrit sem Verne þróaði áfram, þar með talið söguna um hinn sturlaða prófessor Schultze. Deilt er um hversu stór þáttur Grousset var í raun í lokaútgáfu sögunnar.

Auðævi hefðarfrúarinnar er fjarri því ein af betri sögum Jules Verne og ólíklegt má telja að nokkrum komi til hugar að gefa hana út á íslensku. Sagan er þó forvitnileg heimild um franskt hugarfar áranna eftir ósigurinn gegn Þjóðverjum. Boðskapurinn er þó örlítið dapurlegur, því í bókarlok ákveða íbúar heilsuborgarinnar Ville-France að halda áfram að starfrækja vopnaverksmiðjur Stálborgar, til að verja sig fyrir mögulegum árásum í framtíðinni.

# 8. TIL 11. FEBRÚAR

# LAGERVEISLA Í HOLTAGÖRÐUM

## Á NEÐRI HÆÐINNI

### – OPNUNARTÍMI –

FIM. 8. FEB.: 11 – 20
FÖS. 9. FEB.: 11 – 19
LAU. 10. FEB.: 11 – 17
SUN. 11. FEB.: 12 – 17

### VÖRUMERKIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN | SIXMIX® | Norwegian footwear since 1920 VIKING | arena |
| OSCAR JACOBSON | KangaROOS® | IMAC | SURFANIC |
| JESSIE GIRL | MELANIA | Piano | Tamaris |

### EINUNGIS NÍU VERÐ Í GANGI

- 500 kr.
- 1.000 kr.
- 2.000 kr.
- 3.000 kr.
- 4.000 kr.
- 5.000 kr.
- 6.000 kr.
- 7.000 kr.
- 9.000 kr.



✝

Kær mágkona okkar,

**Nancy Knudsen Gudmundsson Bauhs**

New Holstein, WI, USA,

lést eftir erfið veikindi hinn 4. febrúar sl. Hún verður kvödd í dag frá Meiselwitz-Vollsted Funeral Home, Kiel, WI.

**Arnlaugur Guðmundsson og fjölskylda**
**Guðrún Guðmundsdóttir og fjölskylda**



✝

Okkar elskaði

**Þorsteinn Jónsson**

frá Hamri

andaðist á heimili sínu 28. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík 13. febrúar, klukkan 15.

**Laufey Sigurðardóttir**
**Dagný**
**Þórir Jökull**
**Böðvar Bjarki**
**Kolbeinn**
**Ása**
**Egill**
**Guðrún**
**Þorsteinsbörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

**Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is**
**Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.**

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
**Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Leikhópurinn sem tekur þátt í nýjustu uppfærslu Leikdeildar Ungmennafélags Biskupstungna, samhentur hópur af nýjum og reyndari leikurum.** FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON

# Sægur leikara í sveitinni

**Leikritið Sálir Jónanna ganga aftur er nú á fjölum félagsheimilisins Aratungu í Biskupstungum. Það er 30. verkið sem Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna setur upp.**

Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna frumsýndi nýlega leikritið „Sálir Jónanna ganga aftur“ eftir Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur og Unni Guttormsdóttur í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar. Sýningar fara fram í félagsheimilinu Aratungu.

Leikritið er „gaman-draugadrama“ sem styðst við minni úr þjóðsögunni um sálina hans Jóns míns og leikritinu Gullna hliðinu eftir Davíð Stefánsson. Þar er sagt frá fjórum Jónum sem gefa upp öndina á svipuðum tíma. Djöfullinn nýtir tækifærið og reynir allt til að ná þessum fjórum sálum, því í helvíti er heldur þunnskipað lið. Það gengur ýmislegt á þegar sálum skal komið yfir til himnaríkis og margt gerist á leiðinni upp sem fær gesti til að hlæja og hlæja.

„Sálir Jónanna ganga aftur“ er þrítugasta leikritið sem Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna setur upp frá stofnun þess 1961. Fjórtán leikarar taka þátt, auk aðstoðarfólks.



**Hjalti Gunnarsson og Íris Blandon fara með aðalhlutverkin í leikritinu, Hjalti sem Kölski og Íris sem Móri.**

> **Við fengum fullt af nýju fólki í bland við reynslubolta úr félaginu sem er æðislegt.**
>
> Íris Blandon leikstjóri

Íris Blandon, sem leikur Móra, er formaður leikfélagsins. Hún segir nýja leikritið vera frábært verk. „Leikhópurinn er búinn að hlæja mikið saman í æfingaferlinu, ekki síst þegar við lásum verkið yfir, sem segir okkur að þetta sé gott stykki.“

Íris leggur áherslu á að áhugaleikfélag með frábæru fólki úr Bláskógabyggð og sveitarfélögunum í kring standi að sýningunni. En hvernig gekk að manna leikritið í ár? „Það var ekkert mál, við fengum fullt af nýju fólki í bland við reynslubolta úr félaginu sem er æðislegt. Það er mikill áhugi á leiklist í uppsveitum Árnessýslu enda víða verið að setja upp leikrit,“ segir Íris og bætir því við að það sé bráðnauðsynlegt fyrir hverja sveit að eiga áhugaleikfélag. „Það er svo gott fyrir ungt fólk að starfa í leikfélagi til að losna við feimni og hömlur og ekki síst að gera sig að fífli og njóta þess,“ segir Íris hlæjandi. Hún hvetur íbúa á Suðurlandi og aðra áhugasama til að mæta á sýningu í Aratungu til að skemmta sér eina kvöldstund og fá útrás fyrir hlátur.

**mhh@frettabladid.is**



✝

Elsku eiginmaður minn, pabbi, tengdapabbi og afi,

**Frank Georg Curtis**

Efstasundi, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 6. febrúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 16. febrúar kl. 15. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið.

**Svala Jóhannsdóttir**
**Þór Arnar Curtis** **Lára Björk Curtis**
**Rut Eiríksdóttir** **Gissur Þorvaldsson**
**Alexander, Leó, Natalía og Matthías**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Pétur Jensen**

rafvirkjameistari,

lést fimmtudaginn 1. febrúar á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Edvard Ólafsson** **Pálína Oswald**
**Ólafur Valur Ólafsson** **Alma Möller**
**Halldór Ólafsson** **Katrín Sæmundsdóttir**
**Sveinn V. Ólafsson** **Sigríður Ísafold Hákansson**
**barnabörn og langafabörn.**



Kristín kennir söng, syngur í kórum og stjórnar. Á tónleikunum í dag sér hún ein um sönginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Söngástríðan fylgir mér

**Kristín R. Sigurðardóttir söngkona og Arnhildur Valgarðsdóttir organisti fagna nýliðnu fimmtugsafmæli þeirrar fyrrnefndu með tónleikum í Fella- og Hólakirkju í dag.**

Ljóðatónlist eftir Schubert og Richard Strauss og nokkur frönsk lög eftir Fauré hljóma á tónleikum sem hefjast klukkan 17 í dag í Fella- og Hólakirkju. Það eru þær Kristín R. Sigurðardóttir söngkona og Arnhildur Valgarðsdóttir organisti sem flytja. Tónleikarnir eru bæði í tilefni af stórafmæli Kristínar og hluti af tónleikaröð kirkjunnar.

Kristín kveðst hafa byrjaði að syngja í barnakór níu ára hjá Guðrúnu Birnu Hannesdóttur tónlistarkennara. „Þá uppgötvaðist röddin mín, segir hún glaðlega. „Ég hafði strax mjög gaman af að syngja og söngástríða fylgir mér.“ Ekki kveðst hún vera af söngfólki komin þó foreldrar hennar hafi haft góðar raddir. „Það var sko sungið heima þegar partí voru og mamma gat apað eftir Maríu Markan!“

Í Breiðholtinu átti Kristín heima frá sex ára aldri fram yfir tvítugt og hún fór í fjölbrautaskólann þar. „Ég byrjaði líka söngnám, sextán ára, í Tónskóla Sigursveins en fór þó ekki að taka það alvarlega fyrr en um tvítugt, þá búin að eiga tvö börn.“ Eftir nám í Söngskólanum, framhaldsnám á Ítalíu og kennaranám við Söngskólann hefur hún mikið fengist við kennslu. „Það eru átján ár sem ég hef verið að kenna. Var lengi við söngskóla Sigurðar Demetz, flutti mig svo um set og kenndi á Egilsstöðum í eitt ár og annað á Seyðisfirði. Þá vökvaði ég svolítið ræturnar því pabbi er ættaður að austan, úr Fellunum og Hjaltastaðaþinghá.“

> Það var sko sungið heima þegar partí voru og mamma gat apað eftir Maríu Markan!

Afmælisferð bíður sumarsins. Þá á að kíkja til Ítalíu. „Ég á góðar minningar frá Ítalíu síðan ég var þar við söngnám,“ segir Kristín sem kveðst hafa í ýmis horn að líta eins og er. „Ég tók að mér afleysingu í Grindavík og keyri þangað einu sinni í viku núna í stuttan tíma. Svo tók ég mig til og fór í háskólann og stofnaði líka kór við Tækniskólann. Líf mitt hefur snúist mikið um söng. Ég hef ofsalega gaman af að kenna og starfa með kórum, syng næstum hvað sem er. Röddin mín er alltaf að þróast og vaxa og ég tengist henni alltaf betur og betur. Í söng kúpla ég mig frá amstri dagsins og kemst í algert núvitundarástand.“

Frítt er inn á tónleikana í dag og boðið upp á kaffi á eftir en tekið við frjálsum framlögum við innganginn. Allir eru velkomnir. gun@frettabladid.is

---



✝

**Jóhanna Sigurbjörnsdóttir**

lést 2. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 13. febrúar kl. 13.00.

**Aðstandendur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Benedikta Helgadóttir**

Þangbakka 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 1. febrúar. Útförin fer fram í Breiðholtskirkju mánudaginn 19. febrúar kl. 15.00.

**Kolbrún Helga Hauksdóttir**
**Eva Kristín Hreinsdóttir** — **Jakob Jóhannsson**
**Örn Elvar Hreinsson** — **Margrét Markúsdóttir**
**Baldur Hreinsson** — **Hildur Þorvaldsdóttir**
**Jónína Hreinsdóttir** — **Albert Jón Sveinsson**
**Þór Hreinsson** — **Fanný Björk Ástráðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför

**Páls Sigurðssonar**

fyrrverandi forstjóra Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns eru færðar sérstakar þakkir fyrir umhyggju og góða umönnun á undanförnum árum.

**Júlíana Sigurðardóttir**
**Ragna Pálsdóttir** — **Páll Þorsteinsson**
**Sigurður Pálsson** — **Erla Sigríður Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**Miroslav Manojlovic**

varð bráðkvaddur í London 24. janúar.

Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 12. febrúar kl. 15.00.

**Aðstandendur.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Valgarð Sigmarsson**

bifreiðastjóri,
Sævangi 11, Hafnarfirði,

lést þann 7. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 16. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð líknardeildar.

**María Einarsdóttir**
**Valgarð Már Valgarðsson** — **Dóra Björk Magnúsdóttir**
**Hafsteinn Valgarðsson** — **Marit Káradóttir**
**Valdís Anna Valgarðsdóttir** — **Þorsteinn Eyjólfsson**
**Viggó Hólm Valgarðsson** — **Benedikta Björnsdóttir**
**Hugrún Valgarðsdóttir** — **Sævar Valdimarsson**
**Kristrún Rúnarsdóttir** — **Martin Aleberg**
**Matthías Rúnarsson** — **Lone Holm Hansen**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

**Guðmundur E. Vestmann**

Akranesi,

lést mánudaginn 29. janúar síðastliðinn á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Ásgeir Guðmundsson** — **Sædís Kr. Gígja**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir** — **Hafþór B. Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

**Margrét Sigurjónsdóttir**

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, 8. febrúar. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Aðstandendur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bára Jacobsen**

áður til heimilis að Árskógum 6,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 7. febrúar. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

**Soffía Jacobsen** — **Ásvaldur J. Marísson**
**Egill J. Jacobsen** — **Jóhanna S. Guðjónsdóttir**
**Auður Jacobsen** — **Hjörtur Aðalsteinsson**
**Hilmar Jacobsen** — **Elísabet Gestsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs sonar míns, stjúpsonar, bróður og stjúpbróður,

**Odds Þórs Þórissonar**

Hrafntóftum 2.

Þökkum af öllu hjarta fyrir aðstoð og stuðning sem við höfum fengið á erfiðum tíma.

**Þórir Ófeigsson** — **Sigurbjörg Björgúlfsdóttir**
**Sindri Dagur Þórisson**
**Sara Þórisdóttir**
**Úlfhéðinn Þórisson**
**Álfheiður Fanney Ásmundardóttir**
**Ásrún Ásta Ásmundardóttir**
**Stefán Smári Ásmundarson**

---



✝

**Kristín Stefánsdóttir**

áður til heimilis að Berjarima 9,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 3. febrúar.

Hún verður jarðsungin frá Aðventkirkjunni 15. febrúar kl. 13.30. Sérstakar þakkir og hlýhug fær starfsfólk 3. hæðar norður og Ólafur læknir.

**Stefán Egilsson**
**Kristín Ellý Egilsdóttir** — **Grétar Baldursson**
**Hrafnhildur Egilsdóttir** — **Halldór Bergdal Baldursson**
**Elísabet Egilsdóttir** — **Kristján V. Halldórsson**
**Guðmunda Egilsdóttir** — **Stefán Gísli Stefánsson**
**Egill Kr. Egilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




Verð gildir til og með **11. febrúar** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BITAR ÚR FRAMHRYGG




**998** kr. kg

**SS Lambasaltkjöt**
Blandað




**1.698** kr. kg

**SS Lambasaltkjöt**
Valið




**598** kr. kg

**Búrfells Lambasaltkjöt**
Blandað



# LÁGT VERÐ ALLA DAGA




**45%** minna salt sama bragð

**1.098** kr. kg

**Íslandslamb Saltkjöt**
Saltskert, blandað

Ómissandi í **BAUNASÚPUNA**




**398** kr. 500 g

**Bónus Beikonkurl**
Íslenskt, 500 g




1kg

**998** kr. 1 kg

**Jarðarber Askja**
1 kg, Spánn




**398** kr. 1 l

**Katla Baunasúpa**
Tilbúinn grunnur, 1 lítri



**295** kr. kg

**Rófur**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**O L Y M P Í U L E I K A R**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| V | E | G | A | H | A | N | D | B | Ó | K | | M | | S | | E | | E | |
| O | | A | | Á | | A | | A | | R | A | U | Ð | M | A | G | A | N | N |
| N | A | G | G | R | Í | S | A | N | N | A | | N | | Á | | G | | D | |
| A | | N | | Æ | | A | | K | | M | A | N | N | S | A | F | N | A | Ð |
| N | Ý | L | I | Ð | I | Ð | | A | | I | | V | | M | | U | | L | |
| D | | E | | U | | I | L | B | A | N | D | I | N | U | | L | | Í | |
| I | N | G | I | M | A | R | | Ó | | N | | K | | G | A | L | A | N | T |
| | Æ | | N | | N | | S | K | E | I | F | U | N | A | | R | | A | |
| Ö | R | S | N | Ö | G | G | A | | S | | Ó | M | E | N | N | A | N | N | A |
| | G | | H | | U | | K | | K | | T | | Y | | Æ | | Ý | | L |
| S | Æ | D | V | E | R | G | A | | I | | K | | Ð | | T | | V | | I |
| | T | | E | | B | | M | Ú | M | Í | N | D | A | L | U | R | I | N | N |
| S | N | A | R | B | O | R | A | | Ó | | Ú | | R | | R | | R | | L |
| | U | | F | | Ð | | N | J | A | R | Ð | A | R | D | R | E | K | K | A |
| U | M | F | A | R | A | N | N | A | | | U | | É | | E | | I | | N |
| P | | A | | I | | E | | S | K | A | M | M | T | | I | | N | | G |
| P | E | L | A | S | T | I | K | K | | U | | | T | U | Ð | R | U | N | A |
| H | | S | | T | | T | | A | R | S | E | N | I | | I | | | Ú | |
| A | U | K | A | A | F | U | R | Ð | | I | | | N | | N | A | F | L | I |
| F | | A | | R | | M | | A | U | Ð | K | E | N | N | A | | | L | |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist hvöt sem fleytt hefur mannkyninu giska langt. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 10. ágúst næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „5. ágúst".



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þyrluránið** eftir **Jonas Bonnier** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ragnar H. Blöndal, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Frumefni 35 ber ávöxt (7)
**11** Sá sem öllu vill ráða er bara kúgari (12)
**12** Sönghópur, maður og kiðlingur – um þetta er söngurinn (9)
**13** Hefst nú mokstur í hrísgrjónadall, segja þær í Graz (12)
**14** Alfreð litli enski gerði ekkert af sér (9)
**15** Ringluð sprakan saknar slyddunnar (7)
**16** Alltaf friður í ríki sem er alltaf í sveiflu (7)
**17** Þetta er héraðið sem þið nefnið svo (6)
**18** Þessi tónn er djúpur sem sérhæfður sjóari (9)
**23** Þessi svið eru ekki djúp (8)
**25** Eru jól og páskar tímabil frama og frægðar? (11)
**28** Staður einnar sem bundin er við sína sæng (10)
**31** Pláss fyrir meira kaffi í bollanum og það sem hann stendur á (9)
**32** Næringarskortur stefnir glorhungraðri í voða (12)
**34** Nú er skáldið sorrý, því það sér varla glóru (9)
**35** Ekki vökvar; þvert á móti efnisvana og háfleygir (8)
**36** Forfeður hins gamla og djúsarnir þeirra (13)
**42** Bara hún mun grípa til tveggja stykkja (7)
**43** Einar seini úr Eyjunum? (5)
**44** Steiki flúru úr kví yfir logandi plöntusteingervingum (8)
**45** Ætla má sitjanda tæmdan og það er dausinn líka (9)
**46** Angan dísilsins og kjarna vinnukonuvatnsins (12)

**LÓÐRÉTT**

**1** Hörfa þá munkar þrír úr Svarfaðardal (11)
**2** Keyrði um skurði og leiði með ljótum (11)
**3** Vita að hún er tálsýn en sætta sig við hana (11)
**4** Þessi heimtar aðgangseyri og önnur gjöld (9)
**5** Háskalegur hálendingur verður fyrir kúlu klaufa (9)
**6** Er svona gróðurdilkur ekki grænmetisfæða? (8)
**7** Fjarri öfgum, frekju sneydd/færa síst í stílinn (8)
**8** Veifa klakaorðu í mótorsporti vetrarins (8)
**9** Veit allt um magn í miklu magni (8)
**10** Nokkrar tárast vegna 14 daga í júlí (10)
**19** Lausn marklausra er marklevsa fyrir hina (9)
**20** Það sem er að toga í fólk er forleikur (10)
**21** Ég vísa á bor hins opinbera (10)
**22** Vil stað fyrir vísa menn sem vita allt um sinn stað (9)
**24** Byggi heila deild í miðju samfelldra óra (8)
**26** Þessi ákveðna skyssa breytti erni í skramba (7)
**27** Moka snjó sem frjáls maður og fullkrómaður (7)
**29** Kem draslinu upp úr göngunum (10)
**30** Óbifanleg sem bjarg við hæsta horn (10)
**33** Uppdráttur Njáluslóða og bændahallarinnar (8)
**37** Fer í felur með aðild mína að íþróttafélagi (5)
**38** Utan um það sem við gerum (5)
**39** Silki fyrir ísraelskan aur (5)
**40** Létu Huldu um það verk (5)
**41** Dalir riðlast ef þú sýrir þá (5)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

**Skák** Gunnar Björnsson



Lenka Ptácníková (2218) átti leik gegn Jóhanni Ingvasyni (2161) á Skákþingi Reykjavíkur.

**Hvítur á leik**

**33. Bxg6! fxg6 34. Dd5+ Kf8 35. Dxd7** og hvítur vann skömmu síðar. Norðurlandamótið í skólaskák hófst í gær í Finnlandi. Tíu íslensk ungmenni taka þátt.

**www.skak.is:** Fylgst með NM í skólaskák.

**Bridge** Ísak Örn Sigurðsson

## Vindur í bakið

Svíarnir Simon Hult og Simon Ekenberg náðu þeim einstaka árangri að vinna sigur í bæði tvímenningskeppni Bridgehátíðar og sveitakeppninni með félögum sínum Peter Fredin og Johan Silvan. Dálkahöfund rekur ekki minni til þess að sömu aðilar hafi unnið bæði tvímenning og sveitakeppni Bridgehátíðar. Til þess að vinna svo fjölmenna keppni þarf keppandi bæði að spila vel og vera „með vindinn í bakið". Spil þetta úr tvímenningskeppninni er dæmigert fyrir það. Sænsku félagarnir Hult og Ekenberg sátu í NS í þessu spili og voru á hættunni gegn utan hættu. Vestur var gjafari:

**Norður**
♠ ÁK
♥ 83
♦ G86
♣ ÁD7543

**Vestur**
♠ DG7643
♥ G42
♦ K762
♣ -

**Austur**
♠ 102
♥ 109
♦ D10943
♣ G1096

**Suður**
♠ 985
♥ ÁKD765
♦ Á
♣ K82

Eftir 4 sagnhringi komust Hult og Ekenberg í 7 ♣ samning. Austur datt í þá gryfju að dobla með öruggan trompslag. Ekenberg, sem sat í suður, var þakklátur fyrir þessa viðvörun og breytti snarlega yfir í 7 ♥ (spilið var sýnt á BBO). Sá samningur var auðveldur til vinnings fyrir NS og austur hefur eflaust séð eftir dobli sínu. Það er ekki skynsamlegt að dobla slemmu þegar þú sérð hana örugglega niður ef andstæðingarnir hafa tækifæri til að komast í annan samning.


Volkswagen á vistvænu tilboði!
Settu þig í samband við íslenska orku á rafbíl frá Volkswagen.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum; nettur e-up!, flaggskipið e-Golf, sportlegur Golf GTE og rúmgóður Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði. Gríptu tækifærið og skiptu yfir í rafbíl frá Volkswagen sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
e-up!
Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verðlistaverð
3.350.000 kr.
Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.
e-Golf
Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verðlistaverð
4.250.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.
Golf GTE
Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verðlistaverð
4.190.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.
Passat GTE
Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verðlistaverð
4.690.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
*Skv. NEDC staðlinum.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# KRAKKAR



## Konráð og félagar á ferð og flugi 288



„Þar fór í ver,“ sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst.“ Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein.“ „Of sein, of sein,“ sagði Kata pirruð. „Hvað gerir til að vera aðeins of sein?“ bætti hún við. En Lísaloppa og Konráð voru ekki sammála. Þau vildu mæta á réttum tíma.

**Getur þú hjálpað þeim að komast í gegnum völundarhúsið?**

## Listaverkið

**Baldur Gísli Sigurjónsson** sendi blaðinu þessa mynd.






Áróra, Bjarki, Jón Gauti og Sölvi létu hendur standa fram úr ermum.

# Bökuðu á fjórða hundrað bretzel

Sölvi Marteinsson Kolmar, Bjarki Páll Eymundsson og Jón Gauti Guðmundsson tóku sig til og bökuðu á fjórða hundrað bretzel-smábrauða til að safna fyrir dvöl í Reykjaskóla. Hjálparhella þeirra var Áróra Martinsdóttir Kollmar. Bjarki segir að baksturinn hafi verið hugmynd Sölva.

Sölvi: Eldri systir mín bakaði fyrir Reykjaferð. Ég sagði pabba að ég gæti kannski líka gert það, þá talaði ég við strákana og þeir voru til.

**Hafið þið bakað áður?**
Bjarki: Ekki allir saman.
Sölvi: Ég baka stundum með Jóni Gauta.
Jón Gauti: Já, þegar við vorum yngri vorum við alltaf að baka, eiginlega á hverjum degi þegar við komum heim úr skólanum.
Sölvi: Ég baka oft enn, alla vega einu sinni í viku.

**Af hverju bretzel?**
Sölvi: Pabbi er þýskur. Hann saknaði bretzel þegar hann flutti hingað og kenndi fjölskyldunni að baka það.
Bjarki: Bretzel er sko þýskt brauð, næstum eins og rúnnstykki, nema saltaðra. Gott með smjöri og osti. Ég hafði aldrei smakkað það fyrr.

**Hvað bökuðuð þið mörg?**
Bjarki: 312. Þetta voru þrjátíu og níu pokar með átta brauðum í.

**Hvernig var sölunni háttað?**
Sölvi: Við gengum í hús daginn áður en við bökuðum og spurðum fólk hvort það vildi kaupa og það svaraði já eða nei.
Jón Gauti: Tókum bara niður pantanir. Svo næsta dag fórum við með brauðið nýbakað til þeirra sem sögðu já en það varð afgangur og þá fórum við Sölvi í nokkrar götur og seldum.
Sölvi: Þetta var þaulskipulagt.

**Þekktu kaupendurnir ykkur?**
Sölvi: Sumir. Það eru margir sem þekkja mig hér í götunum í kring.
Bjarki: Samt var þetta ekki eins og á Hvolsvelli þar sem ég bjó í tvö ár. Þar þekktu allir alla.

**Hvað fenguð þið mikinn pening?**
Jón Gauti: Rúmlega 40 þúsund. Tveir gáfu okkur pening þó þeir keyptu ekkert.
Bjarki: Allur árgangurinn var búinn að halda kaffihúsakvöld í skólanum, við bökuðum fyrir það líka. Það sem safnaðist þar rétt dugði fyrir rútunni.
Sölvi: Svo kostar 26 þúsund á mann að vera á Reykjum. Við förum í síðustu viku og það var rosa gaman.



Baksturinn lukkaðist prýðilega og allir voru ánægðir.


ALLAR
RJÓMABOLLUR
Á 249 KR. STK.
AÐEINS Í ICELAND ENGIHJALLA
ALLAR TEGUNDIR Á SAMA GÓÐA VERÐINU LAUGARDAG OG SUNNUDAG
Iceland er með úrvalið:
Ger Súkkulaðibollur
Vatnsdeigs Irish Coffee Bollur
Vatnsdeigs Súkkulaðibollur
Vatnsdeigs Banana karamellubollur
Vatnsdeigs Daim kaffibollur
Vatnsdeigs Kókosbollur
NÝTT! Vatnsdeigs Piparbrjóstsykur og lakkrísbollur
DUNKIN' DONUTS 3 PACK 599 KR. PK.
ÞEYTI TOPPUR 369 KR. STK. 250 G
BOLLUVENDIR 599 KR. STK. MARGIR LITIR
KÖTLU GLASSÚR 299 KR. STK. 150 G
ROYAL BÚÐINGUR 269 KR. STK. 4 TEGUNDIR
MYLLAN VATNSDEIGSBOLLUR 429 KR. PK. 6 STK.
MYLLAN GERBOLLUR MEÐ SÚKKULAÐI 649 KR. PK. 6 STK.
ST. DALFOUR SULTUR ALLAR TEG. VERÐ FRÁ 569 KR. STK. 284 G
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Víða norðaustan og norðan hvassviðri eða stormur í dag og hríðarveður, en gengur í norðvestan storm eða rok á S- og SA-landi seinnipartinn á morgun og jafnvel ofsaveður SA-lands um kvöldið.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 2° | Oslo -1° | Stokkhólmur 1° | Gautaborg 1° | Helsinki -5° | Þórshöfn 6° | Nuuk -17° |
| London 8° | Amsterdam 6° | París 2° | Berlín 4° | Madrid 6° | Brussel 5° | Róm 13° |
| Boston 3° | New York 2° | Orlando 18° | Moskva -7° | Singapúr 26° | Tókýó 10° | Sydney 22° |


# Njóttu þess að fara í sund / sjósund

Verndaðu eyrun með **Ear Band-It Ultra** eyrnaböndum og eyrnatöppum




Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.
Til í þremur stærðum.

Fæst í apótekum, barnavöruverslunum og Útilíf




Og þú hitar bílinn með fjarstýringu – Webasto bílahitari

BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330

Webasto
Feel the Drive

www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is


## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ↘7 | -3° ↗5 | -6° ↖7 | -1° ↑5 | -2° ↗5 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -8° ↓16 | -10° ↗7 | -13° ↑4 | -8° ↖10 | -7° ↑6 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -7° →22 | -10° ↗11 | -13° ↗7 | -9° ↑5 | -5° ↘8 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -8° ↗17 | -11° ↑5 | -12° ↗7 | -3° ←5 | 0° ↙9 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -6° →11 | -8° ↓3 | -8° ↙4 | -3° ↙5 | -4° ↘16 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhönnun ehf

netto

*Bolla bolla bolla...*

# ALLT FYRIR BOLLUDAGINN





-50%

**BO BERLÍNARBOLLA**
65 GR.
**50 KR STK**
~~ÁÐUR: 99 KR/STK~~

## Gerðu vel við þig

*með frábærum helgartilboðum*



-33%

KJÖTSEL

**NAUTAHAMBORGARAR**
M/BRAUÐI. 4 X 90 GR.
**780 KR PK**
~~ÁÐUR: 1.164 KR/PK~~



**GRÍSAHNAKKI**
**1.199 KR KG**
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~

-40%



-38%

**LAMBAHRYGGUR**
FYLLTUR
**2.275 KR KG**
~~ÁÐUR: 3.669 KR/KG~~

*Gómsætt og girnilegt!*



ÓDÝRT Í netto

**KARTÖFLUR**
1,5 KG.
**298 KR PK**
~~ÁÐUR: 359 KR/PK~~

-50%



**ANANAS**
GOLD DEL MONTE
**189 KR KG**
~~ÁÐUR: 378 KR/KG~~



-30%

**LAMBABÓGSSTEIK**
Í SVEPPAMARINERINGU
**2.449 KR KG**
~~ÁÐUR: 3.498 KR/KG~~

netto Á NETINU

**Tilboðin gilda 8. - 11. febrúar 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

**www.netto.is**

# Ég þarf alltaf að vera að ögra sjálfri mér

**Þóra Einarsdóttir sópransöngkona og Peter Máté píanóleikari halda tónleika í Salnum á sunnudaginn þar sem dagskráin er sérdeilis fjölbreytt og Þóra ætlar að gera sér lítið fyrir og syngja á fimm tungumálum.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Peter Máté og Þóra Einarsdóttir verða í Salnum á sunnudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við vorum með tónleika saman síðastliðið vor á Ítalíu og það svona markar upphafið að okkar samstarfi," segir Þóra Einarsdóttir sópransöngkona um tónleika hennar og hins snjalla píanóleikara Peters Máté í Salnum annað kvöld, sunnudag, klukkan átta. Þóra bætir því við að hún hafi reyndar þurft að hafa talsvert fyrir því að fá Peter til liðs við sig. „Ég var lengi búin að vera að ýta við honum með að taka það að sér að spila meira og spila með söng og er afskaplega stolt af því að hafa fengið hann til þess," segir Þóra og hlær við tilhugsunina.

Peter Máté er fæddur í Ungverjalandi en hefur verið búsettur á Íslandi í ein 28 ár. Þóra segir að ungverskur bakgrunnur Peters nýtist óneitanlega vel að þessu sinni þar sem á efnisskránni eru m.a. ungversk þjóðlög í útsetningum Béla Bartók. „Peter gat leiðbeint mér með framburðinn og stílinn og svona ýtti mér út í að syngja þessi dásamlegu lög. En svo erum við líka með Britten við ljóð eftir Auden en sá síðarnefndi var einmitt heilmikið á Íslandi og ljóðaflokkurinn kallast On This Island. Og ég er nú ekki frá því að það sé smá Ísland þarna einhvers staðar."

Þóra segir að svo ætli þau líka að flytja Brettl-Lieder eftir Schönberg. „Sumir halda að þetta sé eitthvað óskaplega þungt en þetta er frá þeim tíma þegar Schönberg var með kabaretthljómsveit í Berlín og skrifaði kabarettsöngva. Þeir eru mjög skakkir en skemmtilegir en maður heyrir alveg að þetta er Schönberg. Þetta er allt önnur hlið á honum en fólk er vant að heyra og hún er ákaflega skemmtileg.

Eftir hlé erum við svo með Claude Debussy, Ariettes Oubliées, eða litlar gleymdar aríur, og það er samið við afskaplega falleg ljóð eftir Paul Verlaine og þetta er alveg uppfullt af innblæstri og fegurð. En svo endum við tónleikana á rómantískum Rakhmanínov, þannig að þetta er alveg dúndur dagskrá hjá okkur," segir Þóra létt í bragði.

Þóra bendir á að öll þessi tónskáld eigi það sameiginlegt að skrifa mjög ríkulega og vel fyrir píanóið. „Allir skrifuðu þeir flotta píanótónlist sem Peter hefur spilað mikið af og hann kemur því öðruvísi að sönglögunum. Kemur að þeim með gríðarlega mikla tækni og þekkingu sem bætir miklu við enda er píanóið í stóru hlutverki á þessum tónleikum. Það er alveg ótrúlega gaman að vinna með honum."

**ALLIR SKRIFUÐU ÞEIR FLOTTA PÍANÓTÓNLIST SEM PETER HEFUR SPILAÐ MIKIÐ AF OG HANN KEMUR ÞVÍ ÖÐRUVÍSI AÐ SÖNGLÖGUNUM.**

Á tónleikunum kemur Þóra til með að syngja á einum fimm tungumálum, ensku, ungversku, þýsku, frönsku og rússnesku, og aðspurð hvort hún sé ekkert bangin við slíkt þá tekur hún ekki alveg fyrir það. „Þetta eru alveg ríflega 30 textar og af því að maður er að rembast við að leggja þetta allt á minnið þá er þetta ekkert þrautalaust en samt alveg rosalega skemmtilegt. En ég þarf alltaf að vera að ögra sjálfri mér og það er það sem heldur mér á tánum. Mér finnst þetta æðislegt. Ég hef til að mynda aldrei sungið á ungversku áður en Peter segist skilja þetta þannig að ég er bara kát," segir Þóra að lokum skellihlæjandi.

# Skytturnar fjórar í Hörpu

**TÓNLIST**

★★★★☆

**Djasstónleikar**

**Kvartett Andrésar Þórs Gunnlaugssonar (Scott McLemore, Þorgrímur Jónsson og Agnar Már Magnússon) flutti tónlist eftir Andrés Þór.**

**Björtuloft í Hörpu**
miðvikudaginn 7. febrúar

Eitt best geymda leyndarmál Hörpu er djassklúbburinn Múlinn. Ég segi leyndarmál vegna þess að á tónleikum klúbbsins á miðvikudagskvöldið í Björtuloftum í Hörpu var varla sála, innan við tuttugu manns. Ljóst er að þeir sem heima sátu misstu af miklu.

Djassklúbburinn heitir eftir Jóni Múla Árnasyni, einum helsta djassgeggjara landsins fyrr og síðar. Hann var vissulega þekktastur fyrir að vera þulur á Ríkisútvarpinu, en samdi líka lög og var menntaður trompetleikari. Á útvarpinu var hann með vinsælan djassþátt og skrifaði auk þess ágæta bók um sögu djassins. Við hæfi er því að nefna klúbbinn eftir honum.

**HEILDARSVIPURINN VAR EINMITT ÞAÐ, FULLKOMINN. HANN VAR SVO BREIÐUR OG MARGVÍSLEGUR AÐ AÐDÁUNARVERT VAR. FRAMVINDAN KOM STÖÐUGT Á ÓVART.**

Þarna á miðvikudagskvöldum koma fram alls konar djassarar og oft hafa tónleikar klúbbsins verið flottir. Að þessu sinni tróð Kvartett Andrésar Þórs Gunnlaugssonar gítarleikara upp og flutti ný lög eftir hann sjálfan. Félagar hans voru Scott McLemore á trommur, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Agnar Már Magnússon á píanó.

Lögin sem slík voru ágæt, þótt melódíur hafi sjaldnast verið sérlega grípandi. Aðal undantekningin var lagið Avi, sem mun hafa verið innblásið af verkum ísraelska mandólínleikarans Avi Avital. Lagið minnti dálítið á Sveitina milli sanda, þá dásamlegu tónsmíð Magnúsar Blöndal Jóhannssonar.



Agnar Már á píanóinu og Andrés Þór á gítarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Galdurinn á tónleikunum fólst í útsetningunum og spilamennskunni. Hún var í fremstu röð. Andrés lék á rafgítar ýmiss konar tónarunur af gríðarlegri innlifun og miklu hyggjuviti. Þorgrímur var líka hinn fimasti á bassann, samspil hans við gítarinn var ávallt skemmtilegt og spennandi. Píanóleikur Agnars myndaði áhrifaríkt mótvægi. Hann einkenndist af ljóðrænni mýkt sem skapaði draumkennda stemningu í völdum köflum. Hinn óviðjafnanlegi Scott McLemore olli svo ekki vonbrigðum frekar en fyrri daginn. Trommuleikur hans var ótrúlega fjölbreyttur og blæbrigðaríkur og fullkomnaði heildina.

Heildarsvipurinn var einmitt það, fullkominn. Hann var svo breiður og margvíslegur að aðdáunarvert var. Framvindan kom stöðugt á óvart.

Notalegt er að sitja í Björtuloftum í Hörpu, sem eru á fimmtu hæð. Útsýnið yfir höfnina er stórfenglegt. Lýsingin í rýminu var þó ekki til fyrirmyndar þarna um kvöldið. Tveimur sterkum ljóskösturum var beint að sviðinu en þar sem veggurinn fyrir aftan er úr gleri endurspeglaðist ljósið í augun á manni. Það var ekki þægilegt. Vonandi verður þetta lagfært fyrir næstu tónleika. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Framúrskarandi spilamennska og skemmtileg tónlist á fyrstu tónleikum vordagskrár Múlans.

ego dekor

# ÚTSÖLULOK

## 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

ÚTSÖLULOK 10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



JERSEY TUNGUSÓFI
Stærð: 250X165cm
~~Verð: 188.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 159.800,-



CANNON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 284X190/165cm
~~Verð: 279.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 195.300,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 251X165cm
~~Verð: 188.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 146.640,-



ARES TUNGUSÓFI
Stærð: 278X175cm
~~Verð: 219.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 186.150,-

ALEXA SKENKUR – hvítt matt/eik
Breidd: 160cm
~~Verð: 138.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 96.600,-





BORÐSTOFUBORÐ – hvítt gler
Stærð: 180X100cm
~~Verð: 98.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 78.400,-

HÆGINDASTÓLL Í LEÐRI
Stillanlegur m/rafmagni
~~Verð: 148.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 118.400,-



CLARK STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 10.140,-



COBY STÓLL
~~Verð: 18.500,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 14.800,-



Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Lau: 10.00 - 16.00 Sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

2017 Framúrskarandi fyrirtæki








# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 10. FEBRÚAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Sycamore Tree
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Sycamore Tree heldur tónleika á Kex hostelinu í Gym & Tonic salnum. Ásamt því að spila efni af plötu sinni Shelter mun hljómsveitin einnig spila nýtt efni. Sycamore Tree hélt tvo afar vel heppnaða tónleika í lok síðasta árs.


**Verkefnisstjórn landsáætlunar**

**Auglýsir drög umhverfisskýrslu til umsagnar**

Verkefnisstjórn stefnumótandi landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum auglýsir nú til umsagnar drög að umhverfisskýrslu stefnumarkandi landsáætlunar, sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Gögn málsins er að vinna á Samráðsgátt sem aðgengileg er á www.stjornarradid.is.

**Frestur til að veita umsögn er til 19. mars 2018.**







BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Jane | 16:00 |
| Óþekkti hermaðurinn | 15:30, 22:00 |
| Call Me By Your Name | 15:30, 22:00 |
| Svanurinn ENG SUB | 18:00 |
| Þýskir dagar: In The Fade ENG SUB | 17:45 |
| Three Billboards Outside Ebbing Missouri | 18:00 |
| Toni Erdmann ENG SUB | 20:00 |
| Þýskir dagar: In Times Of Fadin Light ENG SUB | 20:00 |
| Þýskir dagar: Wild Mouse ENG SUB | 20:00 |
| The Disaster Artist | 23:00 |





# Sunnudagur

### Tónlist

**Hvað?** Íslenski saxófónkvartettinn
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Íslenski saxófónkvartettinn heldur tónleika kl. 17 í Kaldalóni. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Hörpu sem ber yfirskriftina Sígildir sunnudagar. Á tónleikunum verður fluttur Saxófónkvartett (1995) eftir bandaríska tónskáldið Philip Glass, Songs for Tony (1993) eftir Bretann Michael Nyman og svo nýjar útsetningar á verkum eftir enska barokk-tónskáldið Henry Purcell sem Peter Tompkins útsetti sérstaklega fyrir hópinn. Efnisskráin varpar fram spurningum um andlegan skyldleika Purcells við hina mínímalistísku tónlist Glass og sérstaklega Nymans 300 árum síðar. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Úr Djúpinu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Í dag verða tónleikar í tónleikaröðinni Velkomin heim í Björtuloftum. Bassaleikarinn og tónskáldið Sigmar Þór Matthíasson hefur sett saman tónleikadagskrá frumsaminna verka fyrir hina óvenjulegu hljóðfæraskipan kontrabassa og fagott, þar sem þessi „djúpu“ hljóðfæri fá bæði að njóta sín í einleik og meðleik.

**Hvað?** On this Island – Tíbrá tónleikaröðin
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Í dag mun ein af okkar fremstu sópransöngkonum Þóra Einarsdóttir og hinn færi píanóleikari Peter Máté bjóða upp á 20. aldar sönglagaveislu í Salnum á fimm tungumálum: Ensku, ungversku, þýsku, frönsku og rússnesku.

### Sýningar

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna Korriró og dillidó – þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar.
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri rannsókna og Safns Ásgríms Jónssonar, leiðir gesti um sýninguna Korriró og dillidó – þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar í Listasafni Íslands.



**Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kynnir sýninguna Galdrar, glæpir og glæfrakvendi í Þjóðminjasafninu á sunnudaginn.**

**Hvað?** Fjársjóður Þjóðar – valin verk úr safneign
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Í fórum Listasafns Íslands eru á tólfta þúsund verka af ýmsum gerðum, frá ýmsum löndum og ýmsum tímum. Á sýningunni Fjársjóður þjóðar er dágott úrval verka úr þessari safneign, sem gefur yfirlit yfir þróun myndlistar á Íslandi frá öndverðri 19. öld til okkar daga. Sýningin dregur fram, með aðstoð um 80 listaverka, fjölbreytni þeirra miðla og stílbrigða sem einkenna þessa stuttu en viðburðaríku sögu.

**Hvað?** Myrkraverk – Leiðsögn listamanna
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Listamennirnir Sigurður Ámundason og Jóhanna Bogadóttir taka þátt í leiðsögn um sýninguna Myrkraverk. Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin hulíðsheim. Hvort tveggja endurspeglar mannlega tilvist, samskipti, tilfinningar og hugarástand. Sýningin er uppfull af dularfullum og spennandi verkum sem kveikja á ímyndunaraflinu einmitt á myrkasta tíma ársins.

**Hvað?** Listin talar tungum: Rússneska – русский
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Einstakt tækifæri fyrir rússneskumælandi gesti að fá innsýn í myndlist Jóhannesar S. Kjarvals á sýningunni Líðandin – la durée. Í vetur býður Listasafn Reykjavíkur upp á vikulega myndlistarleiðsögn á ýmsum tungumálum í samstarfi við Móðurmál – samtök um tvítyngi. Næstu leiðsagnir verða á arabísku, serbnesku, spænsku, japönsku, taílensku og tékknesku/slóvakísku.

**Hvað?** Leiðsögn með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Á 100 ára fullveldisafmæli Íslands stendur Þjóðminjasafn Íslands fyrir sérstakri dagskrá á sýningum safnsins á Suðurgötu. Valinkunnir einstaklingar, sem þekktir eru fyrir störf sín í þágu samfélagsins, veita leiðsögn og ræða við safngesti um hugðarefni sín.
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ríður á vaðið og gengur með gestum um Þjóðminjasafnið með leiðsögn undir yfirskriftinni Galdrar, glæpir og glæfrakvendi.

# Ferðalag í þokunni

**LEIKHÚS**

**Í skugga Sveins**

★★★☆☆

**Karl Ágúst Úlfsson**

**Gaflaraleikhúsið**

**Leikarar:** Karl Ágúst Úlfsson, Kristjana Skúladóttir og Eyvindur Karlsson
**Leikstjóri:** Ágústa Skúladóttir
**Tónlist:** Eyvindur Karlsson
**Leikmynd og búningar:** Guðrún Öyahals
**Grímur, leikgervi og förðun:** Vala Halldórsdóttir
**Lýsing:** Skúli Rúnar Hilmarsson



Kristjana Skúladóttir og Karl Ágúst Úlfsson í hlutverkum sínum í Í skugga Sveins í Gaflaraleikhúsinu.

Síðastliðinn sunnudag frumsýndi Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði fjölskyldusöngleikinn Í skugga Sveins þar sem Ágústa Skúladóttir, í samvinnu við tónlistarmanninn Eyvind Karlsson og leikskáldið Karl Ágúst Úlfsson, sviðsetur nýja og músíkalska túlkun á Skugga-Sveini eða Útilegumönnunum eftir Matthías Jochumsson sem má teljast til hornsteins í íslenskri leikhússögu.

Persónugallerí Matthíasar í upprunalega leikverkinu, sem er rúmlega 150 ára gamalt, er auðvitað magnað og auðveldlega hægt að finna innblástur úr ógleymanlegum karakterum líkt og Grasa-Guddu, Haraldi, Ástu, Lárentínusi og svo auðvitað Skugga-Sveini sjálfum. Leikverkið og fyrri uppsetningar eru órjúfanlegur hluti af íslenskri menningarsögu og hugmyndin að kynna þennan hulduheim fortíðarinnar fyrir yngri kynslóðinni í gegnum upphaflega listform verksins er ansi snjöll.

Sýningin er auglýst sem fjölskyldusöngleikur, fljótlega kemur þó í ljós að talsmáti og efnistök eru með fullorðinslegra móti, sem og lengdin en sýningin spannar nærri tímana tvo. Auðvitað á ekki að tala niður til yngri leikhúsáhorfenda, þvert á móti hljóta þeir að hafa gott af málfræðilegum ögrunum og að heyra orð sem aldrei hafa smokrað sér inn fyrir þeirra eyru áður. En höfundurinn Karl Ágúst á til að gleyma sér í málalengingum, orðagríni og almennu glensi sem er klárlega ætlað þeim þroskaðri.

Þarna hefði leikstjórinn líka þurft að taka í taumana, skafa í burtu óþarfa stúss á sviðinu og skera af óþarfa málþóf líkt og langdregna latínuspaugið. Ágústa er reynslumikill leikstjóri og sumar senurnar springa fallega út en aðrar stökkbreytast í endaleysu. Þó hentar stöðuga rofið á framvindunni, þegar sögufólkið bætir við útskýringum og glensi, sýningu sem þessari vel þar sem hádramatísk framvindan er sett í annað samhengi en áhorfendur eru vanir.

Þau Karl Ágúst og Kristjana Skúladóttir fara með öll hlutverkin, sem er ekki lítið fjall að klífa, fyrir utan Skugga-Svein sjálfan en Eyvindur sinnir því. Léttleikinn ræður hér för og á Karl Ágúst auðvelt með að ná til áhorfenda með liprum tímasetningum og framkomu. Kristjana nær ekki að draga upp jafn skýrar persónur og mótleikari hennar en nýtur sín þegar tækifæri gefst líkt og í hlutverki Ketils. Raddbeiting Eyvindar er fantagóð en hann er of stífur undir lokin þegar Skugga-Sveinn mætir örlögum sínum.

Ekki skal efast um hæfni Karls Ágústs í söngtextasmíðum. Hér fá hæfileikar hans að njóta sín þar sem hvert lagið rekur annað og draga þau upp dýpri mynd af umhverfi verksins. Eins og áður segir sér Eyvindur að mestu um hljóðfæraleikinn og tekst að mestu vel til. Veikasta lag sýningarinnar er söngur Ástu, þó að Kristjana syngi langið mæta vel þá virkar þetta uppbrot ekki nægilega vel því saga Ástu fær ekki það vægi innan sögunnar sem hún á skilið.

Í sameiningu skapa þær Guðrún Öyahals og Vala Halldórsdóttir áferðarfagurt svið og sviðsverur, sú fyrri sér um leikmynd og búninga á meðan sú seinni töfrar fram gervin og grímurnar. Breidd sviðsins er ekki nægilega vel nýtt en dýptin er það svo sannarlega með áhrifaríku baksviði þar sem ómögulegt er að skynja mun á milli manna og vætta, líkt og í íslenskri náttúru.

**» ÞESS VÆRI ÓSKANDI AÐ FLEIRI ATVINNUHÓPAR NÝTTU SÉR ÞETTA MAGNAÐA PLÁSS MIKLU BETUR EN RAUN BER VITNI.**

Gaflaraleikhúsið hýsir eitt áhugaverðasta svið landsins hvað varðar víddir, breiddir og möguleika. Þess væri óskandi að fleiri atvinnuhópar nýttu sér þetta magnaða pláss miklu betur en raun ber vitni. Ein sýning á ári er alls ekki nóg. Hvað Skugga-Svein varðar þá eiga þau eldri sem þekkja til sögunnar eftir að upplifa verk Matthíasar á nýjan máta og skemmtanagildið er oft á tíðum hið fínasta. Annað er með þau yngri því hugtakið „fjölskyldusöngleikur“ á varla við þessa sýningu enda virðist bróðurpartur hennar gerður fyrir þá eldri.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Lipur túlkun á klassísku verki en of löng og tyrfin.





BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

PRENTUN.IS




# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Mamma Mu
**07.55** Með afa
**08.05** Gulla og grænjaxlarnir
**08.15** Nilli Hólmgeirsson
**08.30** Billi Blikk
**08.45** Dagur Diðrik
**09.10** Kalli á þakinu
**09.35** Lína langsokkur
**10.00** Loonatics Unleashed
**10.25** Ævintýri Tinna
**10.50** Friends
**11.15** Friends
**12.20** Víglínan
**13.05** Bold and the Beautiful
**13.25** Bold and the Beautiful
**13.45** Bold and the Beautiful
**14.05** Bold and the Beautiful
**14.25** Bold and the Beautiful
**14.50** Friends
**15.15** Born Different
**15.40** Gulli byggir
**16.15** Ísskápastríð
**16.55** Kórar Íslands
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Lottó
**19.15** Top 20 Funniest
**20.00** Being John Malkovich
Frábær mynd með John Malkovich, John Cusack og Cameron Diaz og Catherine Keener. Craig Schwartz fær vinnu á undarlegum stað og uppgötvar göng bak við skjalaskáp nokkurn á 7½ hæð. Sá sem fer inn í göngin lendir umsvifalaust inni í vitund kvikmyndaleikarans Johns Malkovich og dvelur þar í 15 mínútur. Craig sér ótvíræða kosti í stöðunni og upphugsar aðferð til að græða á huga leikarans knáa.
**21.50** The Birth of a Nation
Áhrifamikil mynd byggð á sönnum atburðum sem gerist í suðurríkjum Bandaríkjanna og segir frá Nat Turner, læsum þræl og predikara, sem er seldur af blönkum eiganda sínum, Samuel Turner, til að predika yfir ódælum þrælum. Hann verður vitni að miklum grimmdarverkum, bæði gagnvart sjálfum sér og öðrum þrælum. Hann skipuleggur uppreisn í von um að það verði til þess að frelsa fólkið.
**23.55** The Revenant
**04.45** Keanu

## STÖÐ 2 SPORT

**08.30** Domino's körfuboltakvöld
**10.10** Leipzig - Augsburg
**11.50** Premier League Preview
**12.20** Tottenham - Arsenal
**14.25** PL Match Pack
**14.55** Bristol City - Sunderland
**17.00** Laugardagsmörkin
**17.20** Manchester City - Leicester
**19.40** Real Madrid - Real Sociedad
**21.45** Tottenham - Arsenal
**23.25** Manchester City - Leicester
**01.40** UFC Now 2018
**02.30** UFC Countdown 2018
**03.00** UFC Live Events 2018

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.25** Millwall - Cardiff City
**10.05** La Liga Report
**10.35** KR - Grindavík
**12.15** Domino's körfuboltakvöld
**13.55** Premier League World
**14.25** Dortmund - Hamburg SV
**16.30** Martin. Saga úr Vesturbæ
**17.15** Everton - Crystal Palace
**18.55** Stoke - Brighton
**20.35** Swansea - Burnley
**22.15** West Ham - Watford
**23.55** Bristol City - Sunderland

## STÖÐ 3

**16.00** Friends
**16.20** Friends
**16.45** Friends
**17.10** Friends
**17.30** Friends
**17.55** Pretty Little Liars
**18.40** Fresh off the Boat
**19.05** Entourage
**19.35** Modern Family
**20.00** Brother vs. Brother
**20.45** UnReal
**21.30** NCIS. New Orleans
**22.15** The Knick
**23.05** The Mentalist
**23.50** Banshee
**01.10** Entourage
**01.40** Modern Family
**02.05** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og litli
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Tindur
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Víkingurinn Viggó
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Tindur
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Víkingurinn Viggó
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Tindur
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Hótel Transylvania 2

**Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**07.45** PGA Tour 2018
**10.45** Golfing World 2018
**11.35** Waste Management Phoenix Open
**15.05** PGA Highlights 2018
**16.00** PGA Tour 2018
**19.00** PGA Tour 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**02.50** Keeping Up with the Joneses
**07.35** Grey Gardens
**09.20** Fly Away Home
**11.05** Fantastic Beasts and where to find them
**13.15** Dear Eleanor
**14.45** Grey Gardens
**16.30** Fly Away Home
**18.20** Fantastic Beasts and where to find them
**20.30** Dear Eleanor
**22.00** Passengers
**23.55** Pressure
**01.25** Knights of Badassdom
**02.50** Passengers

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**07.01** Kalli og Lóa
**07.12** Vinabær Danna tígurs
**07.25** Húrra fyrir Kela
**07.49** Símon
**07.55** Með afa í vasanum
**08.07** Molang
**08.11** Hinrik hittir
**08.16** Ernest og Célestine
**08.29** Hvolpasveitin
**08.52** Rán og Sævar
**09.03** Mói
**09.14** Ronja ræningjadóttir
**09.38** Djúpið
**10.04** Alvin og íkornarnir
**10.15** Vísindahorn Ævars
**10.25** Vikan með Gísla Marteini
**11.15** ÓL 2018. 7.5 km skíðaskotfimi kvenna
**12.35** ÓL 2018. Skíðastökk karla
**14.20** ÓL 2018. Skautasprettur karla
**15.30** Íþróttaafrek
**15.50** Bosnía - Ísland
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Kioka
**18.08** Letibjörn og læmingjarnir
**18.15** Hrúturinn Hreinn
**18.22** Lóa
**18.35** Krakkafréttir vikunnar
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Söngvakeppnin 2018
**21.20** Tracey Ullman tekur stöðuna
**21.55** The Next Three Days
**00.05** Butch Cassidy and the Sundance Kid
**02.00** ÓL 2018. Brun karla
**04.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Everybody Loves Raymond
**08.45** Everybody Loves Raymond
**09.10** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.55** Life in Pieces
**10.15** Angel From Hell
**10.40** The Great Indoors
**11.05** Benched
**11.30** Judy Moody and the Not Bummer Summer
**13.05** America's Funniest Home Videos
**13.30** The Bachelor
**15.00** Superior Donuts
**15.25** Scorpion
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Friends With Better Lives
**17.55** Rules of Engagement
**18.20** Family Guy
**18.45** Glee
**19.30** MVP. Most Valuable Primate
**21.05** The Way Way Back
**22.50** Platoon
**02.30** Con Air
**04.30** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin










# FERMING
## GALLERI SAUTJÁN
## 2018








... fleiri myndir á
facebook.com/gallerisautjan

galleri sautján
KRINGLAN | SMÁRALIND




**BURÐARDÝR**
KL. 19:55
Fortíðin elti uppi hollenskan mann á fimmtugsaldri sem kom til landsins með Norrænu árið 2015 á húsbíl með yfir 200 þúsund e-töflur innanborðs. Hótanir um að vinna fjölskyldu hans mein vegna óuppgerðra gamalla erja leiddu til fararinnar.

Spennandi
**Sunnudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**60 MÍNÚTUR**
KL. 19:10
Vandaður þáttur í vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.




**BANCROFT**
KL. 20:35
Frábærir breskir spennuþættir um yfirrannsóknarlögreglukonuna Elizabeth Bancroft sem á framtíðina fyrir sér hjá lögreglunni og vekur athygli fyrir óhefðbundnar leiðir til að ná árangri í starfi.




**SHAMELESS**
KL. 21:25
Bráðskemmtilegir þættir um afar skrautlega fjölskyldu þar sem allt er á öðrum endanum á heimilinu.




**BRIDGE OF SPIES**
KL. 22:00
Sönn saga lögfræðingsins James Britt Donovan sem varð aðalsamningamaður Bandaríkjanna þegar Sovétmenn handsömuðu flugmanninn Francis Gary Powers.



**THE MENTALIST**
KL. 20:00
Frábærir þættir um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu sem fer sínar eigin leiðir.



**BARNAEFNI ALLA DAGA**
KL. 07:00-20:30
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir og bíómyndir alla daga fyrir káta krakka.






Allt þetta og meira til á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Zigby
**07.55** Doddi litli og Eyrnastór
**08.05** Grettir
**08.20** Kormákur
**08.30** Pingu
**08.35** Heiða
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Skógardýrið Húgó
**09.50** Tommi og Jenni
**10.10** Töfrahetjurnar
**10.25** Lukku láki
**10.45** Ninja-skjaldbökurnar
**11.05** Friends
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** So You Think You Can Dance
**15.10** Great News
**15.35** The Big Bang Theory
**16.00** Grey's Anatomy
**16.45** Grand Desings. House of the Year
**17.40** Landhelgisgæslan
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** 60 Minutes
**19.55** Burðardýr Þáttaröðin Burðardýr fjallar um einstaklinga úr íslenskum veruleika sem flækst hafa inn í skuggavef alþjóðlegs eiturlyfjasmygls. Í hverjum þætti heyrum við einstakling segja sína sönnu sögu. Skipuleggjendur eiturlyfjasmygls nýta sér neyð fórnarlamba, nota hótanir og ofbeldi til að fá vilja sínum framgengt. Í þáttunum kynnumst við manneskjunum á bak við fyrirsagnirnar, fólkinu sem við köllum burðardýr. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
**20.25** Bancroft
**21.15** Shameless
**22.10** Peaky Blinders
**23.10** The Path
**00.50** Mosaic
**01.45** Loch Ness
**02.30** Loch Ness
**03.20** Timeless
**04.05** Timeless
**04.50** Crimes That Shook Britain

## STÖÐ 2 SPORT

**06.50** Tottenham - Arsenal
**08.30** Everton - Crystal Palace
**10.10** Manchester City - Leicester
**11.50** Huddersfield - Bournemouth
**14.05** Newcastle - Manchester United
**16.20** Southampton - Liverpool
**18.30** Messan
**20.05** NBA - Rodman Revealed
**20.30** Boston Celtics - Cleveland Cavaliers
**23.30** Aston Villa - Birmingham City

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.55** Real Madrid - Real Sociedad
**08.35** Stoke - Brighton
**10.15** West Ham - Watford
**11.55** Aston Villa - Birmingham City
**14.00** NBA - Dr. J - The Doctor
**15.10** Barcelona - Getafe
**17.15** La Liga Report 2017/2018
**19.05** Þór Þ. Tindastóll
**21.10** Newcastle - Manchester United
**22.50** ÍR - Selfoss

## STÖÐ 3

**15.10** Seinfeld
**15.35** Seinfeld
**16.00** Seinfeld
**16.25** Seinfeld
**16.50** Seinfeld
**17.15** Mayday
**18.00** Pretty Little Liars
**18.45** Fresh off the Boat
**19.05** Entourage
**19.35** Modern Family
**20.00** The Mentalist
**20.45** Enlightened
**21.15** Banshee
**22.05** Westworld
**23.05** Little Boy Blue
**23.55** Empire
**01.25** Entourage
**01.55** Modern Family
**02.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** Víkingurinn Viggó
**07.27** K3 (14 / 52)
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Tindur
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** K3 (14 / 52)
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Tindur
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** K3 (14 / 52)
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Tindur
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Dino Mom

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**



## GOLFSTÖÐIN

**08.05** Inside the PGA Tour 2018
**08.30** PGA Tour 2018
**13.30** Omega Dubai Desert Classic
**18.00** PGA Tour 2018
**23.30** Golfing World 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.05** To Walk Invisible
**09.05** The Edge of Seventeen
**10.50** Notting Hill
**12.50** Maggie's Plan
**14.30** To Walk Invisible
**16.30** The Edge of Seventeen
**18.15** Notting Hill
**20.20** Maggie's Plan
**22.00** Bridge Of Spies
**00.20** The Nice Guys
**02.15** Meet the Blacks
**03.50** Bridge Of Spies

## RÚV

**07.01** Kalli og Lóa
**07.12** Nelly og Nóra
**07.19** Sara og önd
**07.26** Klingjur
**07.37** Ofur-Groddi
**07.44** Hæ Sámur
**07.51** Begga og fress
**08.03** Polli
**08.09** Hinrik hittir
**08.14** Kúlugúbbarnir
**08.37** Úmísúmí
**09.04** Hrúturinn Hreinn
**09.11** Bréfabær
**09.22** Hrói Höttur
**09.34** Skógargengið
**09.45** Letibjörn og læmingjarnir
**09.52** Undraveröld Gúnda
**10.05** Vísindahorn Ævars
**10.15** ÓL 2018. Brun karla
**11.00** Silfrið
**12.10** Menningin - samantekt
**12.35** Íþróttaafrek
**12.50** ÓL 2018. Snjóbrettafimi karla
**14.30** ÓL 2018. 30 km skíðaganga karla
**16.10** ÓL 2018. 10 km skíðaskotfimi karla
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Basl er búskapur
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Landinn
**20.20** Paradísarheimt
**20.50** Löwander-fjölskyldan
**21.50** Bjólfur
**22.40** Bettie fer á flakk
**00.30** Átök í uppeldinu
**01.15** ÓL 2018. Stórsvig kvenna
**02.55** ÓL 2018. Skíðastökk karla
**04.45** ÓL 2018. Stórsvig kvenna

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Everybody Loves Raymond
**09.10** How I Met Your Mother
**09.55** Superstore
**10.15** The Good Place
**10.40** Growing Up Fisher
**11.05** Telenovela
**11.30** Katherine Mills. Mind Games
**12.20** America's Next Top Model
**13.05** 90210
**13.50** Family Guy
**14.15** Glee
**15.00** Playing House
**15.25** Jane the Virgin
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** The Grinder
**17.50** Grandfathered
**18.15** Ally McBeal
**19.00** Heartbeat
**19.45** Superior Donuts
**20.10** Scorpion
**21.00** Stella Blómkvist
**21.50** Law & Order. S.V.U
**22.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.20** The Walking Dead
**00.55** The Bastard Executioner
**01.40** The Handmaid's Tale
**02.25** The Disappearance
**03.15** Blue Bloods
**04.00** Chance

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



VETRAR VIKA
25% af öllum barna vetrarfatnaði
Keilir lúffur
Verð 2.092.-
Áður 2.790.-
Keilir snjóbuxur
Verð 6.742.-
Áður 8.990.-
Keilir vetrarúlpa
Verð 8.992.- Áður 11.990.-
Keilir snjógalli. Verð 11.243.-
Áður 14.990.-
ICEWEAR
Brekka eyrnaband
Verð 1.042.-
Áður 1.390.-
Brekka húfa
Verð 1.267.-
Áður 1.690.-
Elmar lopapeysa. Verð 6.742.-
Áður 9.990.-
Straumnes
lambhúshetta
Verð 1.492.-
Áður 1.990.-
Straumnes
undirbuxur
Verð 2.992.-
Áður 3.990.-
Berg flíspeysa
Verð kr. 4.492.-
Áður 5.990.-
Berg flísbuxur
Verð kr. 3.742.-
Áður 4.990.-
Straumnes
undirbolur
Verð kr. 3.367.-
Áður 4.490.-
Kamik Snowtrax Barnaskór
Verð kr. 7.117.- / 5.993
Áður 9.490.-/ 7.990
Kamik Snobuster
Barnaskór
Verð kr. 10.493.-
Áður 13.990.-
Kamik Indiana Barnaskór
Verð kr. 9.743.-
Áður 12.990.-
ICEWEAR · ICELAND ·
ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA
VERSLANIR ICEWEAR
REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 · VESTURGATA 4 · ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · LAUGAVEGUR 1 · LAUGAVEGUR 91 OUTLET · FÁKAFEN 9 OUTLET
GARÐABÆR MIÐHRAUN 4 · AKUREYRI HAFNARSTRÆTI 106 · VÍK Í MÝRDAL AUSTURVEGUR 20 · VESTMANNAEYJAR BÁSASKERSBRYGGJU 2

# Tekur að sér hunda í heimilisleit

Dýravinurinn **Sabine Leskopf** hefur undanfarin ár reglulega tekið að sér heimilislausa hunda á meðan varanlegt heimili er fundið fyrir þá. Hún hefur alla tíð elskað dýr.



**Aría, Sabine Leskopf og Dimma stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég hef sjálf alltaf átt gæludýr. Amma mín átti nefnilega gæludýrabúð þegar ég var lítil og við fengum alltaf dýrin sem við kölluðum stundum „útsöluvörur“,“ segir dýravinurinn Sabine Leskopf og hlær. „Ég ólst upp í Þýskalandi, þannig að það voru skjaldbökur, páfagaukar og bara alls konar. Og ég hef svo sjálf átt hund síðan árið 2009. Sá hundur sem ég á núna heitir Dimma og er blendingur. Ég fékk hana frá fólki sem gat ekki haft hana lengur árið 2013,“ útskýrir Sabine.

Árið 2014 setti Sabine sig í samband við Dýrahjálp og bauð fram krafta sína. „Dýrahjálp eru sjálfboðaliðasamtök sem sjá um að finna ný heimili fyrir dýr. Og Dýrahjálp heldur utan um hóp fólks sem býður dýrum heimili í millibilsástandi, á meðan verið er að finna varanlegt heimili,“ segir Sabine sem er í þeim hópi. Þessa stundina er hún með hundinn Aríu í fóstri. „Hún er hjá mér á meðan verið er að finna nýtt heimili og auglýsa eftir nýjum eigendum fyrir Aríu.“

Sabine hefur verið með um einn eða tvo hunda að meðaltali í fóstri yfir ár. „Það getur verið ógeðslega erfitt að láta hunda frá sér aftur eftir að hafa haft þá í fóstri. Sérstaklega fyrir börnin mín. Þá höfum við þurft að taka okkur pásu. Það er erfitt að láta hund frá sér sem manni er virkilega farið að þykja vænt um.“

Sabine tekur dæmi um einn hund sem henni þótti mjög erfitt að láta frá sér. Það er hundurinn Máni. „Hann var alveg yndislegur karakter og honum kom svo vel saman við minn hund. Það voru rosalega margir sem sóttu um að fá hann þannig að ég kynntist fullt af fólki á meðan á því ferli stóð,“ segir Sabine glöð.

„En Máni endaði hjá ungum manni frá Frakklandi, sá maður tók sér íslenskt nafn eftir að hafa búið hér lengi og það er svo fyndið að hann heitir líka Máni. Þannig að Máni býr hjá Mána. Hann býr í Vík og hefur það mjög gott.“ Sabine bætir við að hún vilji benda fólki á vef Dýrahjálpar, dyrahjalp.is.

**Erindi um hundamenningu í borginni**

Oft á tíðum lenda hundar hjá Dýrahjálp þar sem viðhorf Íslendinga gagnvart hundahaldi er stutt komið ef miðað er við nágrannalönd. Til dæmis er erfitt að finna leiguhúsnæði sem leyfir hunda. Í starfi sínu sem formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkur hefur Sabine lært að opinská umræða sé mikilvæg.

> **ÞAÐ GETUR VERIÐ ÓGEÐSLEGA ERFITT AÐ LÁTA HUNDA FRÁ SÉR AFTUR EFTIR AÐ HAFA HAFT ÞÁ Í FÓSTRI.**

Sabine mun halda erindi í dag á málþingi um hundahald í Reykjavíkurborg. Þar mun Sabine ræða almennt um framtíðarsýn Reykjavíkurbúa hvað varða hundamenningu.

„Ég er formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Og það er náttúrulega svolítil áskorun af því að í augum margra hundaeigenda er hundaeftirlit eitthvert fjandsamlegt fyrirbæri. En þannig er það nú ekki,“ segir Sabine.

„Að vera formaður heilbrigðisnefndar hefur verið góður skóli fyrir mig og ég hef lært um mikilvægi hundaeftirlitsins. Hvað varðar hundamenningu þá erum við svolítið eftir á ef við miðum við nágrannalönd. Enn eru svo margir fastir í þeirri hugsun að hundar eigi bara að vera í sveit en hundar í sveit eru ekki gæludýr, frekar vinnudýr eða búfé. Gæludýr hafa allt aðra þýðingu fyrir fólk og það skortir svolítið skilning. Þar er ég sérstaklega að hugsa um fólk sem er annars mjög eingrað eða til dæmis þunglynt, þar sem ég hef oft heyrt um að gæludýr geri kraftaverk. Einnig höfum við nokkrum sinnum gefið leyfi fyrir heimsóknir hunda á deildum fyrir fólk með heilabilun eða slíkt. Sumir eru hins vegar alfarið á móti því að hafa hunda í borginni. Svo verða hundaeigendur reiðir og vilja breyta hundamenningunni. Og það hefur verið svo mikil áskorun fyrir mig að fá þessa tvo hópa til að tala saman. En í starfi mínu verð ég líka að gæta hagsmuna og réttinda þeirra sem eru með ofnæmi eða eru kannski hræddir við hunda. Ég verð að virða skoðanir allra. Og ég ætla í erindi mínu að tala um þetta og hvernig við getum breytt viðhorfum fólks og fundið leið sem gerir borgina skemmtilegri fyrir alla,“ segir Sabine sem er viss um að það sé vel hægt að leysa þau vandamál sem snúa að hundahaldi í borginni.

**gudnyhronn@frettabladid.is**

# „Hundaeigendum á Íslandi eru settar skorður“

Í dag verður haldið málþing um hundahald á Íslandi í Ráðhúsi Reykjavíkur. Yfirskrift málþingsins er: „Hvert stefnum við í hundahaldi á Íslandi? Hver er framtíðarsýn Reykjavíkurborgar?"

Það er Rakel Linda Kristjánsdóttir, formaður Félags ábyrgra hundaeigenda, sem setur málþingið.

Dagskráin er fjölbreytt og eitt erindið fjallar um Reykjavík sem hundaborg í samanburði við borgir í nágrannalöndum okkar. Aðspurð hvernig málið blasi við henni segir Rakel: „Við berum okkur oft saman við hin Norðurlöndin og í samanburði við þau þá erum við mjög aftarlega. Við náum ekki að umhverfisþjálfa hundana okkar nóg því þeir mega lítið taka þátt í samfélaginu með okkur.

Hundaeigendum á Íslandi eru settar skorður. Þú kannski færð þér hund á þeim tímapunkti þegar þú býrð við kjöraðstæður, býrð í sérbýli og átt bíl. Hundar geta lifað í fimmtán ár og ef aðstæður þínar breytast þá ertu þvingaður til að breyta lífsháttum þínum svo um munar því að ekki viltu losa þig við fjölskylduhundinn. Fólk á oft erfitt með að fá samþykki fyrir hundinum í fjölbýlishúsum, leigumarkaðurinn á Íslandi er óhundavænn, í dag er bannað að fara með hunda í almenningssamgöngur, en það á að gera tilraun með það í eitt ár frá 1. mars næstkomandi, og veitingahúsaeigendum voru sett mjög stíf skilyrði. Við eigum langt í land en dropinn holar steininn. 40 prósent heimila halda gæludýr, þar af 20 prósent hunda, og samfélagið sem við búum í þarf að taka mið af því.“



**Rakel á tvo hunda, Emmu á fjórtánda ári og Sóleyju á sjöunda ári.**

„Það er fámennur en háværr hópur sem nær að halda allri þróun niðri,“ segir Rakel sem væri til dæmis til í að sjá breytingu á himinháum hundaleyfisgjöldum. „Mér finnst þessi gjaldtaka eins og hún er í dag bara algjört bull, af hverju að leggja þennan skatt á hundaeigendur og láta þá ábyrgu greiða fyrir þjónustu við þá óábyrgu, erum við ekki að borga útsvar eins og aðrir, að eiga hund er heilbrigður lífsstíll og það er verið að koma til móts við aðra hópa varðandi það að stunda heilbrigðan lífsstíl og því ekki okkur?“

> **VIÐ EIGUM LANGT Í LAND EN DROPINN HOLAR STEININN. 40 PRÓSENT HEIMILA HALDA GÆLUDÝR, ÞAR AF 20 PRÓSENT HUNDA.**

Rakel er þó bjartsýn á að hlutirnir haldi áfram að breytast til batnaðar. „Þeir hundaeigendur sem eru að reyna að beita sér í þessu væru ekki að því nema af því að þeir hafa trú á því að við getum þetta alveg eins og aðrar þjóðir. Ég man vel eftir hundabannsárunum þegar ég var krakki. Þá mátti bara skjóta hundana úti á götu. Mín fjölskylda hélt hunda og við vorum eins og glæpamenn að fela hundana okkar. Það er ekki langt síðan þetta var og það eru bara nokkur ár síðan við fengum að vera með hunda á Laugaveginum.“ **– gha**

## Dagskrá málþingsins

**13.00** Setning málþings – Rakel Linda Kristjánsdóttir, formaður FÁH

**13.05** Saga hundahalds á Íslandi – Þórhildur Bjartmarz hundaþjálfari

**13.20** Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar – Sabine Leskopf, formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar

**13.35** Dýraauðkenni, hvað er það? – Agnes Helga Martin, dýralæknir og stjórnarmaður í Dýraauðkenni

**13.50** Pólítísk barátta fyrir hunda er eins og pólitísk barátta fyrir fólk – það er barátta fyrir frelsi – Helgi Hjörvar, fyrrverandi alþingismaður

**13.55** Hundaborgin Reykjavík, hvar stöndum við í samanburði við borgir í nágrannalöndunum? – Freyja Kristinsdóttir, dýralæknir og stjórnarmaður FÁH

**14.10 - 14.20** Pása

**14.20** Panelumræður


IT'S FINGER LICKIN' GOOD
JÚRÓ
TILBOÐ
Á laugardagskvöldið munu tíu Original leggir dansa sig inn í hjarta þitt af stakri snilld og láta þér líða eins og stórstjörnu.
2.490 kr.
JÚRÓ TILBOÐ
KFC
JÚRÓ TILBOÐ
KFC

# Lífið í vikunni
04.02.18-10.02.18

## MELTING Í ÓLAGI



Íslendingar eru farnir að vaka fram á nótt yfir Super Bowl með mikið magn af óhollustu til að japla á. Brynjar Birgisson er einn af þeim. „Stemmingin er ekki góð. Ég er reyndar ekki áfengisþunnur en matarþynnkan og áfengisþynnkan eru tvær mismunandi skepnur. Matarþynnkan hefur auðvitað mest áhrif á meltinguna og er aðallega út af vængjunum – þeir eiga til að gera meltinguna mjöööög vafasama," sagði Brynjar daginn eftir glápið.

## MULLET Í TÍSKU



Mullet-klippingin virðist nú vera með endurkomu en sú klipping var geysivinsæl á áttunda og níunda áratugnum. Hárgreiðslukonan Jónína Ósk Jóhannsdóttir er hrifin af mulletinu og segir nýja útgáfu klippingarinnar vera að koma fram á sjónarsviðið. „Það má svo sem deila um hvort þessi klipping hafi nokkurn tímann verið klæðileg," viðurkennir Jónína.



## ÍSLENSKT WASABI

Jurt Hydroponics fór í gegnum Startup Reykjavík árið 2015 og er nú annar tveggja framleiðenda wasabi í Evrópu. „Stærsta vandamálið við ræktunina er að plantan er gríðarlega viðkvæm og þarf mjög þröng umhverfisskilyrði til að þrífast," segir Sindri Hansen, annar stofnenda Jurt Hydroponics.

## LÆRÐU AÐ KEYRA EINS OG HÖFUÐBORGARBÚI

Lífið birti í vikunni leiðbeiningar fyrir þá sem vilja læra að keyra eins og alvöru höfuðborgarbúar í snjó. Þar sagði m.a.: „Vertu á sumardekkjum. Helsta ástæðan fyrir því að allt stoppar þegar það snjóar örlítið í borginni er sú að fólk er spólandi á jafnsléttu enn með sumardekkin undir."






FEBRÚARTILBOÐ
20% AFSLÁTTUR
CAVALLO 180 X 200 CM

SERTA CAVALLO
HÖNNUN Í SÉRFLOKKI

Cavallo heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Fimm svæða pokagormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Cavallo er gerð úr 100% náttúrulegum efnum og inniheldur m.a. hrosshár í efsta yfirlagi. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.



Serta
America's #1 Mattress Manufacturer

UPPBYGGING



1 Hágæða 450 gr/m2 SG áklæði
2 250 gr/m2 Silicon fíber fylling
3 2x20 mm heilsu og hægindalag
4 30 gr/m2 þrýstijöfnunarlag
5 7 cm lag úr 100% hrosshári
6 Latex heilsu og hægindalag
7 50mm mjúkur svampur
8 10mm milli-mjúkur svampur
9 Hvítt styrktarlag
10 Steyptir hliðarkantar
11 1,8mm 5svæða pokagormakerfi
12 50mm mjúkur svampur
13 15 gr/m2 þrýstijöfnunarlag
14 12 mm þykkur botnsvampur
15 Stamt lag til að hindra hreyfingu
16 20mm þykkur kantsvampur

| STÆRÐ | FULLT VERÐ Á CAVALLO MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM | FEBRÚAR TILBOÐ |
|---|---|---|
| 180X200 | 311.200 KR. | 248.960 |

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIDI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK




Á Blackbox gefst færi á nýrri upplifun í pitsum sem lýsir sér þannig að viðskiptavinurinn velur álegg ofan á pitsuna í borði fyrir framan sig og hún eldbakast á innan við tveimur mínútum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Pitsubakstur heillaði Snapchat-stjörnuna

Snapchat-stjarnan **Binni Löve** er rekstrarstjóri Blackbox Pizzeria og hefur því ekki verið mjög virkur að undanförnu á samfélagsmiðlinum. Binni ætlar að koma sterkur til baka von bráðar.

Snapchat-stjarnan Binni Löve, eða Brynjólfur Löve Mogensen, er rekstrarstjóri Blackbox Pizzeria sem var opnuð með látum fyrir tveimur vikum í Borgartúni. Binni segist alltaf vera tilbúinn að prófa nýja hluti og Blackbox er það svo sannarlega þegar kemur að pitsum. Það er nefnilega ýmislegt hægt að gera þegar kemur að pitsum eins og hefur sýnt sig og sannað í Borgartúninu.

„Ef ekki pitsur þá bara eitthvað annað. Ég elska fjölbreytni og að prófa nýja hluti. Veitingahúsarekstur er alveg nýr fyrir mér sem gerir þetta verkefni bæði skemmtilegt og krefjandi. Það hefur verið þannig með mig að ég er ekkert mikið að skipuleggja hlutina fram í tímann heldur koma þeir á einn eða annan hátt til mín og ég hef alltaf gaman af áskorunum og Blackbox er klárlega sú stærsta hingað til," segir hann.

Brynjólfur er einn vinsælasti snappari landsins og er líklega einn fyrsti atvinnusnappari landsins. Hann hætti í háskólanámi í viðskiptafræði á sínum tíma og gerðist atvinnusnappari í eitt ár. Hann sagði sögu sína í þáttum Lóu Pind, Snapparar. „Áður en Blackbox fór af stað hafði ég starfað hjá hugbúnaðarfyrirtæki í samfélagsmiðlabransanum og breytingin því rosaleg. En hvar sem ég hef drepið niður fæti í gegnum lífið hefur maður lært eitthvað nýtt og allir þessir hlutir hjálpa manni í því sem ég fæst við í dag."

Hann lofar að hann sé ekkert hættur að snappa. Það mun koma á ný. „Ég viðurkenni að snappið hefur dálítið gleymst í allri þeirri vinnu sem hefur farið í að opna nýjan veitingastað en það fer að koma að því að maður geti gefið sér meiri tíma í snappið. Þrátt fyrir að Blackbox eigi hug minn og hjarta þessa dagana þá finnst mér fátt skemmtilegra en að segja sögu mína á Snapchat, ég kem sterkur til baka von bráðar."



**Binni er ein vinsælasta Snapchat-stjarna landsins. Hann stefnir hátt með Blackbox. „Borgartúnið er bara fyrsta Blackbox-skrefið hér á landi," segir hann.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Athygli vakti að loka þurfti Blackbox snemma á opnunardaginn því deigið kláraðist. Brynjólfur segir að hann hafi vitað að Íslendingar væru sólgnir í pitsu en ekki alveg svona mikið. „Við vildum koma með eitthvað nýtt og spennandi, aðeins öðruvísi og pínu ögrandi fyrir pitsusælkerana – eitthvað sem fólk hefur ekki prófað áður en miðað við viðbrögðin þá hefur það tekist vonum framar.

Fólk er líka mjög forvitið um að upplifa eitthvað nýtt í pitsum. Blackbox er einmitt það – ný upplifun í pitsum."

**benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is







**ÞRAUKA** ~~36.990 KR~~
DÖMU JAKKI 24.990 KR




**ESJA** ~~29.990 KR~~
DÖMU ÚLPA 14.995 KR




**JAKI** ~~39.990 KR~~
DÖMU ÚLPA 24.990 KR




**FENNA** ~~34.990 KR~~
DÖMU SKÍÐAÚLPA 19.990 KR




**BERJAST** ~~59.990 KR~~
HERRA ÚLPA 29.990 KR




**ARNARFELL** ~~17.990 KR~~
HERRA PEYSA 9.990 KR




**FENNA** ~~34.990 KR~~
HERRA SKÍÐAÚLPA 19.990 KR




**FROSTI** ~~16.990 KR~~
KRAKKA ÚLPA 9.990 KR

OPNUNARTÍMI

VIRKIR DAGAR 12:00 - 19:00 | LAUGARDAGUR 11:00 - 18:00 | SUNNUDAGUR 13:00 - 18:00

ZO·ON ICELAND

STAÐSETNING
FACTORY STORE,
NÝBÝLAVEGUR 6

SÍMI
557 1050

# Ánægðustu viðskiptavinirnir*

## Takk fyrir okkur!

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN | 1. sæti | BYKO

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.
BYKO er einnig í 2.-3. sæti á lista ánægjuvogarinnar yfir allar smávöruverslanir!

**Tilboð gilda til 19. febrúar**

## Förum varlega í kulda og snjó

**20% afsláttur**



**Allar rúðuþurrkur**

**Hálkusalt**
10 kg.
**585**
54710126




**BOSCH**
**Háþrýstidæla**
AQT 33-11. 110bör, 1300W.
300 l./klst.
**15.995**
74810231




TILBOÐ
**Tjöruhreinsir**
Túrbó Sámur - 5l. Tvívirkur alkalískur tjöruhreinsir fyrir ökutæki, vélar, vélarúm, gólf og fleira.
**2.295**
90500705
Almennt verð: 2.995




**Rúðuskafa**
90-112cm með kúst.
**2.695**
84589046



TILBOÐ
**Rúðuvökvi**
5 lítrar og þolir -18°C.
**715**
90503840
Almennt verð: 865



# 25% afsláttur
## Pottar og pönnur





**Handþeytari**
220W, 5 hraðastillingar

**1.995**

65103569
Almennt verð: 2.995



**33% afsláttur**



**BOLLUDAGUR& SPRENGIDAGUR!**

# FRÁBÆR HELGAR-TILBOÐ

**8.-14. febrúar**

Auglýsingin er birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda 8.-14. febrúar og á meðan birgðir endast.



**25% afsláttur**

**Rjómasprauta**
0,5l. hvítt eða króm.
Gashylki fylgir ekki.

**4.495**

41330943/44
Almennt verð: 5.995



# 25% afsláttur
## Bökunar-vörur






Auðvelt að versla á byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

## Nýtt blað

JKE innréttingar, Alessi, RCR kristall, ruslafötur með snertilausri opnun, tússtöflumálning, litur mánaðarins, ryksugur, háþrýstidælur, bílavörur, parket, flísar og ljós - eitthvað fyrir alla! **Skoðaðu á byko.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Sirrýjar
Hallgrímsdóttur



## Á einhver krana?

Borgarfulltrúi skrifaði grein um umferðarmál í vikunni. Þar sagði hann að ef götur væru breikkaðar og mislæg gatnamót byggð, þá væri það skammgóður vermir, bílum fjölgaði jafnharðan og allt væri komið í verri hnút. Þetta er áhugavert. Aumingja borgin byggir vegi til að létta á umferðinni og við hlaupum til og eyðileggjum allt með því að kaupa fleiri bíla og allt fer í sama horfið.

Meirihlutinn í Reykjavík ætlar að stöðva þetta og nú á að fara í Sovét-stæl risalausn sem á að redda málum í eitt skipti fyrir öll, allir í strætó, allir sem einn.

Staðreyndin er að fólki er að fjölga á Íslandi og því fjölgar bílunum og fólk kaupir ekki bíla til að hrekkja Skúla Helga og Dag B. Bíllinn er þægilegur ferðamáti í landi þar sem veðráttan sveiflast á milli þess að vera ömurleg og hræðileg. Borgarlínan mun ekki breyta þessu og rándýr tilraun sem gekk út á að stórauka hlutfall ferða með strætó skilaði því að hlutfallið fór úr 4% í 4%.

Í öðrum fréttum vikunnar kom fram að Dagur B. hélt að ástæðan fyrir því að ekki væri byggt nóg í Reykjavíkurborg væri sú að það vantaði byggingarkrana. Þetta er í takti við þá kenningu Dags að allir aðrir en hann beri ábyrgð á þróun mála í borginni. Þetta væri fyndið ef ekki væri fyrir þá staðreynd að hækkun húsnæðisverðs sem lóðaskorturinn hefur búið til, hefur leitt til hækkunar á verðbólgu og þar með kostað skuldug heimili um land allt gríðarlega fjármuni vegna hárra vaxta. Er hægt að senda reikninginn á Reykjavíkurborg?







